**ÁSA KRISTÍN ODDSDÓTTIR**

*Frekar úti í garði en inni að ryksuga*

hús og garður

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON**

*Yfirvegaður afreksmaður*

matur hönnun tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. júní 2006 — 166. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Maður með mönnum

Skúli Einarsson, formaður Matsveinafélags Íslands, er áttræður í dag. Hann vinnur enn fulla vinnu hjá félaginu enda þykir honum mikilvægt að mæta til vinnu eins og venjulegt fólk.



**TÍMAMÓT 32**

### Umhverfisbætur

„Eignarétturinn gerir gæfumuninn," skrifar Hannes Hólmsteinn um umhverfismál. „Þar sem gæði náttúrunnar eru í einkaeign, er þeim að jafnaði ekki spillt né sóað. Þeir, sem fara illa með eigur sínar á frjálsum markaði, missa þær einmitt von bráðar."

**Í DAG 28**

### Syngur fyrir tugmilljónir áhorfenda

Magni Ásgeirsson veit að Íslendingar ætlast til þess að hann vinni Rockstar.



**FÓLK 54**

### Tekur strax við Gummersbach

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur náð samkomulagi við Gummersbach um að taka við liðinu í sumar og byrjar hann líklega á næstu dögum. Það mun ekki hafa nein áhrif á störf hans fyrir handboltalandsliðið.



**ÍÞRÓTTIR 48**

### VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SUÐVESTANLANDS -** í dag verður hæg breytileg átt. Léttskýjað suðvestan og vestan til annars skýjað með köflum og hætt við þokusúld við austurströndina. Hiti 6-14 stig hlýjast fyrir suðvestan.

**VEÐUR 4**




# Búið að tryggja vinnufrið

**Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda skrifuðu í gærkvöld undir samkomulag um endurskoðun kjarasamninga. Skattleysismörk einstaklinga verða 90 þúsund krónur og endurskoðuð árlega.**

**VINNUMARKAÐUR** Forystumenn Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins skrifuðu í gærkvöld undir samkomulag um að kjarasamningar haldi gildi sínu áfram út árið 2007. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir 5,5 prósenta launaþróunartryggingu og 15 þúsund króna taxtaviðauka, sem nær þó ekki til launa sem eru hærri en umsamdir launataxtar.

Samhliða samkomulaginu milli aðila vinnumarkaðarins hefur ríkisstjórnin lýst yfir að persónuafsláttur einstaklinga hækki úr 29.029 krónum í 32.150 krónur um áramót. Með þessari hækkun og lækkun tekjuskatts hækka skattleysismörk einstaklinga úr 79 þúsundum króna í 90 þúsund, eða um 14 prósent. Persónuafsláttur verður endurskoðaður árlega.

Ríkisstjórnin mun endurskoða lög um vaxtabætur ef hækkun fasteignaverðs árið 2005 hefur leitt til skerðingar á þeim. Barnabætur verða greiddar til 18 ára aldurs og svo mun tekjuskattur einstaklinga lækka um eitt prósent um áramót, í stað tveggja prósenta eins og var fyrirhugað.

„Það má segja að annað skattprósentið sé tekið og því endurdreift til lækkunar með öðrum hætti en áður hafði verið ákveðið. Þetta verður áreiðanlega til þess að auðvelda fólki með lægri tekjur að takast á við framhaldið, einnig fólki með börn sem og húsbyggjendum," sagði Geir H. Haarde í gærkvöldi.

Geir segir að væntingar um mikla verðbólgu séu byggðar á misskilningi. Spár bendi til að verðbólga gangi hratt niður og verði komin niður í verðbólgumarkmið síðari hluta næsta árs. „Stóra málið er að með þessu er búið að tryggja vinnufrið út allt næsta ár og skapa forsendur fyrir ró og stöðugleika í efnahagslífinu meðan verðbólgukúfurinn gengur yfir."

Framlög til fullorðins- og starfsmenntamála verða 120 milljónir króna árið 2007, tryggt verður að réttur verði ekki brotinn á launafólki og að fyrirtæki virði lög og kjarasamninga. Þá munu grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta hækka 1. júlí um 15 þúsund krónur og hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta mun hækka úr 180 þúsund krónum í 185.400 krónur. Nánari útfærsla á bótagreiðslum elli- og örorkulífeyrisþega verður í samræmi við þetta.

„Það er ljóst að lagt var af stað með annað, en þetta er niðurstaðan og það er sátt í okkar röðum og vonandi hjá ríkisstjórninni um að þetta sé leiðin sem eigi að fara til þess að skapa trúverðugleika um þessa vegferð," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

**- ghs/sdg**



**NÝ VEGFERÐ HAFIN** Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins skrifuðu undir samkomulag sem tryggir áframhaldandi gildi kjarasamninga að minnsta kosti út 2007 í húsakynnum ASÍ í gærkvöld. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, og Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA, sjást hér svara spurningum fréttamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Forseti ASÍ:

## Öxlum ábyrgð á verðbólgunni

**KJARAMÁL** „Niðurstaðan er ásættanleg fyrir okkur. Annars hefðum við ekki tekið á móti yfirlýsingu frá ríkisstjórninni en auðvitað er þetta málamiðlun á báða bóga eins og ævinlega er í samningamálum," segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ.



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON** Forseti ASÍ.

Grétar dregur í efa að aðgerðirnar nú dugi til að vega upp á móti því sem verðbólgan hefur étið upp á síðustu mánuðum. „Við erum að reyna að axla þá ábyrgð að ná tökum á verðbólgunni. Það er við þessar aðstæður sem við reynum að ná tökum á verðbólgunni fyrr og í lægri tölur en ella. Það er meginmálið."

**- ghs**

Framkvæmdastjóri SA:

## Þjóðartilraun til sáttar

**VINNUMARKAÐUR** „Þetta er þjóðartilraun til að ná verðbólgunni niður og ég hef fulla trú á því að það gangi upp. Það er mikill ásetningur okkar megin, hjá verkalýðshreyfingunni og ríkisstjórninni að ná verðbólgunni niður á næsta ári," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.



**VILHJÁLMUR EGILSSON** framkvæmdastjóri SA.

„Þetta var eitthvað sem Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin þurftu að leggja á sig til að eiga möguleika á því að ná verðbólgunni niður á næsta ári. Nú þurfa bara allir að leggjast á eitt."

Vilhjálmur segir að það hafi þurft „ákveðna sýn og þor" til að ná þessu samkomulagi. „Báðir samningsaðilar taka áhættu en báðir höfðu kjark og þor til að takast á við þetta," segir Vilhjálmur.

**- ghs**



## SPURNING DAGSINS

*Einar, eru veðurhorfurnar góðar fyrir umhverfisráðherra?*

„Umhverfisráðherra, eins og aðrir landsmenn, horfir björtum augum fram á sumarið sem rétt er að byrja.“

Einar Sveinbjörnsson var nýverið ráðinn aðstoðarmaður Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra. Einar er veðurfræðingur að mennt og hefur starfað sem slíkur undanfarin ár.

Sjónvarpið fær sýningarrétt á HM í knattspyrnu árið 2010:

# RÚV opni íþróttarás fyrir HM

**SJÓNVARP** Sjónvarpið fær sýningarrétt frá heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu árið 2010, sem haldið verður í Suður-Afríku.

Þetta staðfesti Páll Magnússon útvarpsstjóri, í samtali við blaðamann Fréttablaðsins.

Samtök evrópskra sjónvarps- og útvarpsstöðva, EBU, sem Ríkisútvarpið á aðild að, fær sýningarréttinn að keppninni nú á dögunum.

Páll segir að Sjónvarpið muni hvergi slá slöku við í umfjöllun sinni um heimsmeistaramótið þegar þar að kemur og mögulega verði hægt að sjá alla leikina í beinni útsendingu, eins og íslenskt fótboltaáhugafólk hefur vanist.



PÁLL MAGNÚSSON

„Á þessum fjórum árum sem eru í næstu keppni, verða gerðar margvíslegar breytingar á dreifikerfi Sjónvarpsins hvað varðar stafræna tækni. Ég reikna fastlega með því að tæknilegir möguleikar okkar til að senda út alla leikina beint verði fyrir hendi eftir fjögur ár,“ segir Páll.

Hins vegar er alls óvíst að sögn Samúels Arnar Erlingssonar, yfirmanns íþróttadeildar Ríkisútvarpsins, hvort Sjónvarpið verði með sýningarréttinn á Evrópumótinu í knattspyrnu, sem fram fer í Sviss og Austurríki að tveimur árum liðnum. - æþe



**HM** Útvarpsstjóri telur að Sjónvarpið muni geta sent alla leiki HM árið 2010 beint út.

Mótmæli í Leifsstöð:

# Enn áform um vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Sættir hafa ekki náðst í máli starfsmanna IGS, sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, vegna fyrirhugaðrar vinnustöðvunar þeirra á sunnudagsmorgun. Samkvæmt þeim sem aðild eiga að málinu er allt í járnum og hefur starfsfólk enn í hyggju að hætta vinnu milli klukkan fimm og átta á sunnudagsmorgun.

Ragnar Árnason hjá Samtökum atvinnulífsins sagðist vona að þeir sem ætluðu að taka þátt í mótmælunum sæju að sér þar sem ólöglegt athæfi sé að ræða. Hann sagði að ekki væru sérstakar samningaviðræður á takteinum vegna þessa máls. - sþs

# Hæstaréttardómur ekki lokaniðurstaða

**Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, sagði fyrir dómi í gær að ákærðu hefðu aldrei getað ætlað það að frávísunardómur Hæstaréttar væri endanleg niðurstaða. Það verður að vísa málinu frá, segir Gestur Jónsson.**

**DÓMSMÁL** Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, mótmælti því harðlega í munnlegum málflutningi fyrir dómi í gær að svo viðamiklir gallar væru á ákæruliðum í málinu að vísa þyrfti því frá í heild sinni. Þvert á móti væri það „brýnt að málið fengi efnislega meðferð“.

Verjendur sakborninga í málinu hafa haldið því fram til þessa að svo miklir ágallar væru á ákærunni, að dómarinn hefði ekki aðra kosti „en að vísa málinu frá í heild sinni“, eins og Jakob Möller, lögmaður Tryggva Jónssonar, sagði í ræðu sinni fyrir dómi í gær.

Sigurður Tómas lagði áherslu á það að öllum réttarfarsreglum hefði verið fylgt við meðferð málsins. Hann sagði það ekki óeðlilegt að ákært hefði verið í málinu að nýju, þrátt fyrir að Hæstiréttur hefði vísað 32 ákæruliðum af fjörutíu frá dómi vegna ágalla og sýknað sakborninga í þeim átta liðum sem eftir voru. „Ákærðu, og verjendur þeirra, höfðu aldrei réttmæta ástæðu til að ætla að frávísunardómur Hæstaréttar væri endanlega niðurstaða,“ sagði Sigurður Tómas.

Sigurður Tómas deildi við verjendur um fyrningarfrest vegna endurákæru í Baugsmálinu og sagði löggjafann hafa markað „ákveðin tímamörk sem miði að því að aðgerðarleysi ákæruvaldsins í sex mánuði leiði til fyrningar“. Sagði hann sex mánuði ekki hafa liðið þangað til endurákært hefði verið.



**GESTUR JÓNSSON, JAKOB MÖLLER OG BRYNJAR NÍELSSON** Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Tryggva Jónssonar og Jóns Geralds Sullenberger krefjast frávísunar á málinu. Jón Ásgeir er ákærður fyrir fjár- og umboðssvik en samtals nema upphæðirnar í málinu 358,6 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, hélt því fram fyrir dómi að þar sem engar reglur væru um fyrningarfrest vegna endurákæru í íslenskum lögum þá væri það „háð geðþóttaákvörðunum sem sakborningar geti ekki með nokkru móti séð fyrir“, hvort endurákært yrði í málum eða ekki. Gestur sagði það ekki stutt neinum reglum eða lögum, að fyrningarfresturinn í málum eins og þessum væri sex mánuðir. Þvert á móti myndi það „stríða gegn Mannréttindasáttmála Evrópu“.

Sigurður Tómas vísaði því alfarið á bug að Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, væri vanhæfur í málinu. „Bréfaskiptin skipta engu máli um það hvort settur saksóknari í málinu er vanhæfur í málinu eða ekki. Eins og Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri dómsog kirkjumálaráðuneytisins, greindi frá í Fréttablaðinu, var eingöngu um að ræða formlega afgreiðslu að ræða sem ráðuneytið setur ekki sjálfstætt mark sitt á.“

Jakob Möller sagði bréfið undirritað fyrir hönd dómsmálaráðherra og það sýndi að afskipti hans af málinu hefðu verið óeðlileg. „Ljóst er að bréfið var sent 17. mars, tveimur dögum eftir að sýknudómur héraðsdóms féll, og með bréfinu hafði dómsmálaráðherra bein afskipti af rannsókn málsins. Þess vegna er ljóst, að hann er vanhæfur í málinu, sem gerir settan saksóknara vanhæfan til þess að fara með málið fyrir hönd ákæruvaldsins,“ sagði Jakob í lok ræðu sinnar í gær.

Munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu ákærðu í málinu er lokið. Arngrímur Ísberg, dómari í málinu, kveður upp úrskurð um frávísunarkröfuna innan þriggja vikna. magnush@frettabladid.is

Ísraelsk lögregluaðgerð:

# Rýming landtökubyggða

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk lögregla vinnur nú að rýmingu á ólöglegum landtökubyggðum Ísraela á Vesturbakkanum, en margir gyðingar hafa byggt hús eða sett niður hjólhýsi án leyfis á svæðum Palestínumanna. Lögreglan ætlar sér að flytja landtökufólkið burt með herinn sér til fulltingis, en þessar byggðir eru um hundrað talsins, sumar hverjar nálægt löglegum byggðum gyðinga.

Með þessu efnir Ísraelsstjórn loforð sem hún gaf Bandaríkjastjórn fyrir þremur árum um að rýma landtökubyggðir, en nýr varnarmálaráðherra Ísraels, Amir Peretz, vill rýma þær allar. - sgj



**Í BÚDA** Bush talar í garði Búda-kastala, með Dóná og Pest í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaforseti í Búdapest:

# Bush minntist frelsisbaráttu

**UNGVERJALAND, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í Búdapest í gær að „frelsinu megi slá á frest en ekki ræna því varanlega af fólki“, og vísaði þar með bæði til áratugalangrar baráttu Ungverja fyrir því að losna undan oki kommúnismans, en einnig til núverandi stöðu íröksku þjóðarinnar og baráttu fleiri þjóða gegn oki og ófrelsi.

„Þær munu sækja innblástur í fordæmi ykkar og eygja von í árangri ykkar,“ sagði Bush í ávarpi til valinna boðsgesta í Búda-kastala. Bush minntist þess að nú eru liðin rétt 50 ár frá uppreisninni í Ungverjalandi, sem Sovétherinn barði niður með blóðugu valdi. - aa

Verjandi Jóns Geralds:

# Segir ákæruna ekki standast

**DÓMSMÁL** Brynjar Níelsson, lögmaður Jóns Geralds Sullenberger, hélt því fram fyrir dómi í gær að það stríddi gegn stjórnvaldsákvörðun að ákæra Jón Gerald Sullenberger, þar sem Jón H. Snorrason, sækjandi í fyrra Baugsmálinu, hefði ekki séð ástæðu til þess að ákæra Jón Gerald.



JÓN GERALD SULLENBERGER

Sú ákvörðun að ákæra Jón Gerald væri því nægilegt tilefni til þess að vísa málinu frá dómi.

Sigurður Tómas Magnússon sagði ekkert hafa verið því til fyrirstöðu að ákæra Jón Gerald. Hann hefði að mati sækjanda gerst brotlegur og mikilvægt væri að fá úr því skorið með efnislegri meðferð fyrir dómi. - mh

Aðstoðarmaður saksóknara:

# Vinnur í dómsmálaráðuneyti

**DÓMSMÁL** Jón Þór Ólason, aðstoðarmaður Sigurðar Tómasar Magnússonar, setts saksóknara í Baugsmálinu, er samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu enn starfsmaður ráðuneytisins.

Hann er skráður í leyfi frá störfum sínum hjá ráðuneytinu þar sem hann hefur unnið í Háskóla Íslands við kennslu, auk þess að vinna við framgang og rannsókn Baugsmálsins.

Verjendur ákærðu minntust á það fyrir dómi að „tengsl dómsmálaráðuneytisins við framgang málsins væru öllum ljós“, og tengsl Jóns Þórs Ólasonar við ráðuneytið sýndu það, þar sem hann væri starfsmaður ráðuneytisins. - mh




Jón H. Snorrason segir mál gegn Jóni Ásgeiri hafa verið rannsakað um skeið:

# Átti ekki að koma á óvart

**DÓMSMÁL** Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, segir boðun Jóns Ásgeirs Jóhannessonar til yfirheyrslu ekki hafa átt að koma honum á óvart. „Jón Ásgeiri var gerð grein fyrir því, skömmu fyrir áramótin 2004 til 2005, af hálfu skattrannsóknarstjóra að meint brot hans yrðu send til ríkislögreglu. Þetta mál varðar allt önnur sakarefni heldur en þau sem eru til umfjöllunar fyrir dómstólum.“

Samkvæmt boðunarbréfi Jóns Ásgeirs hefur ríkislögreglustjórinn til meðferðar mál vegna meintra brota gegn skattalögum, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og almennum hegningarlögum í tengslum við rekstur félaganna Baugs Group hf., Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Fjárfars ehf.



**JÓN H. SNORRASON** Segir boðunina ekki hafa átt að koma Jóni Ásgeiri á óvart.

Fleiri hafa verið kallaðir til yfirheyrslu í tengslum við málið en Jón H. Snorrason vildi ekki gefa upp hverjir það væru, aðspurður. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það Kristín Jóhannesdóttir, systir Jóns Ásgeirs, Stefán Hilmarsson, endurskoðandi og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs.

Jón Ásgeir hefur verið boðaður til yfirheyrslu miðvikudaginn 28. júní klukkan tíu, á skrifstofu efnahagsbrotadeildar á Skúlagötu 21. - mh

# SJÓVÁ FORVARNAHÚSIÐ



KASSAKLIFUR



JÓN SIGURÐSSON



NÚMI

forvarnahusid.is

# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

## laugardaginn 24. júní í Kringlunni 1 á milli klukkan 13 og 16.

Í tilefni af opnun Forvarnahúss Sjóvá bjóðum við til fjölskylduhátíðar í Kringlunni 1.

Ýmis skemmtun verður á boðstólum fyrir börnin, hoppkastali og Go-kart bílar, en gestum gefst einnig tækifæri til að prófa veltibílinn, ökuherminn og annan búnað Forvarnahússins. Brúðusýningin Númi á ferð og flugi verður sýnd kl. 13 og Georg frá Glitni lítur við. Boðið verður upp á pylsur, Cider frá Egils og ís.

Komdu, njóttu dagsins með okkur og fjölskyldu þinni og kynntu þér allt sem stuðlar að öryggi ykkar.





JAKOBÍNARÍNA



GEORG




VELTIBÍLL




ÖKUHERMIR

GLITNIR ÚTILÍF SJÓVÁ brautin bindindisfélag ökumanna Bílanaust 112 EINN EINN TVEIR SECURITAS

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,93 | 75,29 |
| Sterlingspund | 137,44 | 138,10 |
| Evra | 94,43 | 94,95 |
| Dönsk króna | 12,664 | 12,738 |
| Norsk króna | 11,881 | 11,951 |
| Sænsk króna | 10,248 | 10,308 |
| Japanskt jen | 0,6484 | 0,6522 |
| SDR | 110,37 | 111,03 |

*Gengisvísitala krónunnar*
130,9367

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Appelsínugulu flokkarnir í Úkraínu ná loks saman um meirihlutastjórn:

# Júlía aftur forsætisráðherra

**ÚKRAÍNA, AP** Júlía Timosjenkó verður næsti forsætisráðherra Úkraínu. Hún skýrði frá því á þjóðþingi landsins í gær að flokkarnir þrír, sem kenndir eru við „appelsínugulu byltinguna“ veturinn 2004 til 2005, hafi náð saman um að mynda meirihlutastjórn.

„Við fengum annað tækifæri,“ sagði hún. „Ef við notum ekki þetta tækifæri þá mun úkraínska þjóðin segja að við hafi verið sjálfum okkur að kenna.“ Ásamt flokki hennar, sem heitir einfaldlega flokkur Júlíu Tímosjenkó, standa að stjórninni Sósíalistaflokkurinn og Okkar Úkraína, sem er flokkur Viktors Júsjenkós forseta.

Júsjenkó forseti rak Tímósjenkó úr embætti forsætisráðherra haustið 2005 og hefur síðan verið stirt á milli þeirra, sem er ein helsta ástæða þess að stjórnarmyndunartilraunir hafa gengið hægt. Nærri þrír mánuðir eru frá því þingkosningar voru haldnar.

Viktor Janúkóvitsj, leiðtogi Flokks héraðanna sem aðhyllist náið samband Úkraínu við Rússland, hafði gert sér vonir um að geta myndað stjórn með flokki Júlíu, næðu appelsínugulu flokkarnir ekki saman. Nýja stjórnin ætlar að efla tengslin við Vesturlönd og draga þá að sama skapi úr tengslunum við Rússland. **- gb**



**HAFA NÁÐ SAMKOMULAGI** Roman Bezsmertny, leiðtogi Okkar Úkraínu, Júlía Tímósjenkó, sem verður forsætisráðherra, og Oleksandr Moroz, leiðtogi Sósíalistaflokksins, skýra frá því að þau ætli að mynda meirihlutastjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjú fíkniefnamál í Kópavogi:

# Fjórtán ára með fíkniefni

**FÍKNIEFNI** Fjórtán ára piltur var handtekinn í Kópavogi í fyrrinótt en hann er grunaður um að hafa neytt eiturlyfja. Lögregla gerði barnaverndaryfirvöldum viðvart. Þá var haft samband við foreldrana sem komu skömmu síðar og sóttu son sinn.

Alls komu fimm fíkniefnamál upp í Kópavogi í fyrrinótt. Fimm manns á aldrinum 16 til 27 ára voru færð á lögreglustöð vegna gruns um eiturlyfjaneyslu.

Í öllum málunum var að sögn lögreglu um einkaneyslu að ræða. Fólkinu var sleppt að loknum yfirheyrslum og teljast málin fimm upplýst af hálfu lögreglu. **- æþe**

Karlmaður á sextugsaldri:

# Sýknaður af pylsupoti í rass

**DÓMSMÁL** Karlmaður á sextugsaldri hefur verið sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um að hafa, í afmælisveislu dóttur sinnar árið 2004, sett pylsu í klof sér líkt og um getnaðarlim væri að ræða og otað pylsunni upp að rassi gestkomandi stúlku, sem var þá ellefu ára.

Vitnisburður stúlkunnar fékk einungis stoð í vitnisburði nokkurra vinkvenna hennar en engra annarra. Auk þess bar vitnum ekki saman um það hvort pylsur hefðu yfir höfuð verið á boðstólum í afmælinu. Meint óviðurkvæmilegt athæfi mannsins taldist því ósannað og maðurinn dæmdur sýkn. **- sh**



**BLEKIÐ LÁTIÐ LEKA** Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði: „Látið blekið leka!“ Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, Ingimundur Sigurpálsson formaður og Vilmundur Jósefsson, varaformaður SA, skrifa undir samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Ríkisstjórninni var stillt upp við vegg

**Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir að ungt fólk hafi átt á hættu að lenda í skuldafangelsi ef ríkisstjórninni hefði ekki verið stillt upp við vegg. Hagfræðingur telur aðgerðirnar ekki stemma stigu við verðbólgu en séu mikils virði.**

**VINNUMARKAÐUR** „Þessar aðgerðir stemma ekki stigu við verðbólgu heldur snerta verðbólgu að því leyti að menn ná samkomulagi og stuðla að því að það verður ekki ófriður á vinnumarkaði. Það er mikils virði,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans.

„Stjórnvöld þurfa nú að draga úr eftirspurninni í hagkerfinu, það hefur ekki verið gert með þessum aðgerðum. Þessar aðgerðir auka kaupmátt en draga ekki úr honum,“ segir hún.

Fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu eru ánægðir með niðurstöðuna. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra kveðst ánægður með samningana. „Þeir eru grundvöllur þess að ná tökum á verðbólgunni þannig að stöðugleiki hefjist hér á ný. Svo fagna ég sérstaklega kjarasamningum sem snúa að þeim sem lægri hafa launin, þeir fá meira út úr þessu, og eins fjölskyldufólkið.“

„Það er of snemmt að hrósa sigri yfir verðbólgunni og jafnvægisleysinu í efnahagsmálum þótt þetta sé vissulega jákvætt innlegg svo langt sem það nær,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. „Það er fagnaðarefni hvað aðilar vinnumarkaðarins taka ábyrgt á málum en það er hins vegar seint og lítið sem frá ríkisstjórninni kemur. Hún gerir þetta með ólund.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, taldi fagnaðarefni að aðilar vinnumarkaðarins hefðu skapað forsendur fyrir efnahagslegum og félagslegum stöðugleika „eftir að ríkisstjórnin var búin að missa tökin á hagstjórninni og verðbólgan var komin á fulla ferð,“ en taldi aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki ganga nógu langt til að bæta kjör þeirra verst settu.

„Þetta er í takt við það sem við höfum talað um í Frjálslynda flokknum,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins.

„Ef þróunin hefði haldið áfram óbreytt þá hefði yngra fólk átt á hættu að glata heimilum sínum og lenda í skuldafangelsi,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, og segir að aðilar vinnumarkaðarins hafi stillt ríkisstjórninni upp við vegg. „Ef ríkisstjórnin hefði ekkert gert þá hefði hún lent í erfiðri stöðu í komandi kosningum en við vonum og treystum því að þetta takist.“ **- sh/sdg/ghs**

Síbrotamaður í fangelsi:

# Stal myndavél úr söluskála

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Austurlands í gær dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir þjófnað. Hann var ákærður fyrir að hafa stolið einni Sony digital-myndavél og fjórum DVD-diskum í Söluskála Kaupfélags Héraðsbúa, Kaupvangi, Egilsstöðum í maí 2006. Andvirði þýfisins nam ríflega 27 þúsund krónum.

Maðurinn á að baki sakaferil allt frá árinu 1993. Í ljósi þess þótti ekki efni til að skilorðsbinda refsinguna. **-jss**



**OLMERT, ABBAS OG ABDULLAH II** Leiðtogarnir hittust yfir morgunverði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abbas og Olmert hittust:

# Viðræður eru sagðar í nánd

**JÓRDANÍA, AP** Leiðtogar Ísraels og Palestínumanna, Ehud Olmert og Mahmoud Abbas, föðmuðust er þeir hittust í fyrsta skipti á ráðstefnu í Jórdaníu í gær, með Abdullah II Jórdaníukonungi. Olmert baðst afsökunar vegna þeirra þrettán Palestínumanna sem fórust í loftárás Ísraela í vikunni.

Olmert sagðist þó ekki tilbúinn í friðarviðræður nema að Hamassamtökin, sem stýra heimastjórn Palestínumanna, breyti viðhorfi sínu gagnvart Ísrael. Abbas hefur reynt að fá Hamas til að viðurkenna Ísrael sem forsendu fyrir friðarviðræðum og binda þannig enda á hömlur á fjárhagsaðstoð Evrópuríkja. Ef það tekst ekki fer málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. **-sgj**

## SJÁVARÚTVEGUR

**Grænlendingar sáttir** Ánægja ríkir á Grænlandi með niðurstöður ársfundar Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ólíkt ársfundinum í fyrra stóðu Danir við loforð sín um að styðja kröfur Grænlendinga og Færeyinga og sömuleiðis fengu Grænlendingar hrós fyrir rannsóknir sínar á hrefnu og reyðarhval.

## LÖGREGLUMÁL

**Tekinn á ofsahraða** Erlendur ferðamaður var tekinn á 153 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni um tíuleytið í fyrrakvöld, á leið til Keflavíkur. Hann má reikna með 50 þúsund króna sekt.

Leiðrétting verðsamanburðar:

# Krónan með lægsta verðið

Á neytendasíðu Fréttablaðsins í gær urðu þau mistök að heildarvöruverð misreiknaðist í grein um verðsamanburð. Í könnuninni kom fram að Bónus væri með lægsta verðið, 798 krónur. Hið rétta er að verslunin Krónan var með lægsta verðið í samanburðinum, 825 krónur en verðið í Bónus var 1.094 og er beðist afsökunar á þessum mistökum.


LYFJA
- Lifið heil

ACIDOPHILUS OG DETOX TVENNUTILBOÐ




Þú kaupir eitt glas af **Vega Champignon** og færð eitt glas af **Vega Acidophilus Bifidus Complex** í kaupbæti. **Champignon +FOS og Spirulina** inniheldur mikið af æskilegum vítamínum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt. **Acidophilus Bifidus Complex + FOS** hjálpar til að viðhalda góðri meltingarflóru - tilvalinn ferðafélagi.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupsstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 32699 05/2006


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐURHORFUR TIL FERÐALAGA**

Nú er lag. Fínustu horfur til alls kyns ferðalaga og útivistar. Laugardagurinn verður að líkindum bjartur einkum þó sunnan til en bjart með köflum nyrðra. Á sunnudag verður víðast bjartviðri framan af degi en síðdegis þykknar upp um sunnan- og vestanvert landið og má búast við að það fari að rigna á þeim slóðum síðla þess dags. Hægviðri verður báða dagana og ágætlega milt.

**HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA**

Hægviðri og léttskýjað. Hiti 11-14 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt.

*» sunnudagur*




Snýst smám saman í suðlæga átt og þá þykknar upp vestan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað | London | 19°C skýjað | Alicante | 29°C heiðskírt |
| Billund | 14°C skúrir | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 16°C rigning | Frankfurt | 20°C skýjað | Algarve | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 19°C skúrir | Friedrichshafen | 20°C hálfskýjað | Krít | 25°C heiðskírt |
| Gautaborg | 16°C skúrir | Berlín | 20°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Er grillið klárt?



30% afsláttur

Jói FEL

Svínakótilettur

TILBOÐ 1.189 kr/pk

merkt verð 1.699kr/kg,-



Lambalundir
úr kjötborði

TILBOÐ 3.198 kr/kg

Verð áður 3.749,-



30% afsláttur við kassa

Kryddleginn kjúklingur
læri, leggir og vængir

30% afsláttur við kassa

## Mrs. Dash
mareneringar





**Wishbone**
alvöru amerískar salatdressingar



**Sattlemen's BBQ sósur**
Það nýjasta og heitasta frá USA

Nýtt
í Hagkaupum



**Jói Fel ferskt pizzadeig**
- tilbúið til að baka pizzuna eða naan brauðið

Gildir til 25. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að renna fyrir fisk í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 20% |
| Nei | 80% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu sátt(ur) við samkomulag verkalýðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins*

Segðu þína skoðun á Visi.is

VÍSIR

Rannsókn lögreglu á skotárásarmálinu í Hafnarfirði miðar vel:

# Einn í haldi vegna skotárásar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði hefur krafist gæsluvarðhalds yfir manni sem er grunaður um aðild að skotárásinni í Vallahverfi í fyrradag. Tveir félagar mannsins sættu yfirheyrslum í gærdag og fram á kvöld. Það var undir framburði þeirra komið hvort gæsluvarðhalds yrði einnig krafist yfir þeim, en þeir voru enn í yfirheyrslum þegar blaðið fór í prentun.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var gerð skotárás með haglabyssu á raðhús í Vallahverfi í Hafnarfirði snemma á miðvikudagsmorgun. Þrír menn voru í húsinu en þeir sluppu ómeiddir. Í fyrrakvöld og fyrrinótt handtók lögreglan svo átta manns. Fimm þeirra var sleppt eftir yfirheyrslur en þrír settir í fangageymslur og yfirheyrðir. Rannsókninni miðaði vel í gær.



**HÚSIÐ Í VALLAHVERFI** Eins og sjá má var skotið úr haglabyssunni inn um glugga á raðhúsinu í Vallahverfi.

Mikill óhugur hefur verið í íbúum í næsta nágrenni við raðhúsið þar sem atvikið átti sér stað. Í hverfinu búa fjölmargar barnafjölskyldur, sem eru uggandi um hag sinn og barna sinna eftir að skotárásin var gerð. Fíkniefnalögreglu hafði verið send ábending um að eitthvað óeðlilegt væri á seyði í raðhúsinu fyrir um það bil fjórum mánuðum.

Málið er einungis rannsakað sem brot á vopnalögum, en ekki með tilliti til fíkniefna, enn sem komið er. Mennirnir þrír eru allir á þrítugsaldri. -jss

Reykjanesbraut lokað í gær:

## Fjórir á spítala eftir árekstur

**SLYS** Fjórir voru fluttir á sjúkrahús, þrír til Reykjavíkur og einn til Keflavíkur, eftir að ekið var á kyrrstæðan bíl á Reykjanesbraut rétt vestan við Kúagerði um klukkan sjö í gærkvöldi. Allir sem færðir voru á slysadeild voru í kyrrstæða bílnum.

Leiðinni til Keflavíkur var lokað í klukkustund og umferð beint á Vatnsleysuströnd en slysið varð á tvöfalda kaflanum og því var áfram opið til Keflavíkur.

Samkvæmt lögreglunni í Keflavík heilsast fólkinu ágætlega. Ekki liggur fyrir hvers vegna bíllinn var kyrrstæður á miðri götu. - sh

### SJÁVARÚTVEGUR

**Aflabrögð** Alls var landað 14.359 tonnum af sjávarfangi í mars að verðmæti rúmar 412 milljónir króna í höfnum á Vesturlandi. Í sama mánuði í fyrra var landað 17.538 tonnum að verðmæti rúmar 369 milljónir króna.

### SKÓGRÆKT

**Stórtækir skógarbændur** Skógarbændur í Kelduhverfi eru nú í óða önn að planta trjám á vegum Norðurlandsskóga, það er í Lóni, Garði og Lindarbrekku. Ráðgert er að setja niður milli 50 og 70 þúsund tré í ár, aðallega birki,rússalerki og greni.

### SLÖKKVILIÐ

**Í sjálfheldu** Ketti var bjargað úr sjálfheldu á þaki þriggja hæða húss við Vitastíg í fyrrinótt. Íbúar í húsinu gerðu slökkviliði viðvart. Slökkviliðsmenn voru snöggir að bjarga kisu niður.

### HÖFN

**Eldur í þvottahúsi** Slökkvilið Hornafjarðar var kallað að bænum Volaseli í Lóni um kvöldmatarleytið í fyrrakvöld. Eldur kom upp í þvottahúsi íbúðarhússins en húsráðendur höfðu náð að slökkva eldinn þegar slökkviliðið kom á staðinn. Reykræsta þurfti húsið.


SHÍ

**Stúdentaráð Háskóla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu ritstjóra Stúdentablaðsins skólaárið 2006-2007.**

**Umsækjandi skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:**

- Hafa góða þekkingu, innsýn og áhuga á stúdentalífinu og málefnum stúdenta
- Hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt
- Hafa gott vald á íslenskri tungu
- Hafa reynslu af ritstjórnarstörfum

Ritstjóri er ráðinn í 50% stöðu til eins árs í senn. Gert er ráð fyrir að fyrsta blað nýs ritstjóra komi út í byrjun haustannar.

Nánari upplýsingar um starfið sem og launakjör má fá á skrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands í síma: 570-0850

Umsókn skal merkja „Ritstjóri 2006-2007“ og skila skriflega til:

Stúdentaráðs Háskóla Íslands
Stúdentaheimilinu v. Hringbraut
101 Reykjavík

eða með tölvuskeyti á netfang ráðsins: shi@hi.is

Umsóknarfrestur rennur út 4. júlí.

Stúdentaráð var stofnað árið 1920 og hefur alla tíð barist fyrir margvíslegum breytingum á háskólasamfélaginu. Stúdentaráð er málsvari allra háskólastúdenta og fer með þau mál er varða hagsmuni þeirra gagnvart háskólayfirvöldum, stjórnvöldum og öðrum þeim sem áhrif hafa á stefnu háskólans.


# Tíu þúsund íbúar á Geldinganesi

**Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að vinna við skipulag íbúðabyggðar á Geldinganesi hefjist strax. Fyrstu lóðum verður úthlutað á næsta ári. Fulltrúar minnihlutans í skipulagsráði mótmæla þessum áformum harðlega.**

**BORGARMÁL** Vinna við ný íbúðahverfi á Geldinganesi hefst nú þegar og þar mun rísa íbúðabyggð fyrir átta til tíu þúsund manns. Tillaga um þetta mál var samþykkt á fundi skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í fyrradag, en fulltrúar Samfylkingar og vinstri grænna sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Búist er við að fyrstu lóðum verði úthlutað árið 2007.

„Þarna er verið að beina fólksfjölgun frekar í jaðarbyggðir en í þéttingu, og við veltum því fyrir okkur hvort það sé rétt skref,“ sagði Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi vinstri grænna, aðspurð um málið. Hún sagði að huga þyrfti vel að staðsetningu byggðarinnar og uppbygging á svæðinu þyrfti að haldast í hendur við gerð Sundabrautar, en undirbúningur vegna lagningar hennar hefur staðið yfir í mörg ár.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, gagnrýnir það sem hann kallar afturhvarf nýs meirihluta skipulagsráðs frá þéttingu byggðar og eflingu miðborgarinnar. Segir hann furðulegt að stefnt sé að úthlutun lóða í Geldinganesi þegar á næsta ári áður en Sundabraut verður komin til framkvæmda. „Það er glapræði að fara í þetta mál áður en Sundabraut kemur. Að öðrum kosti leiðirðu bara alla umferðina í gegnum Grafarvoginn og einhver bráðabirgðavegur yfir ósnortnar fjörur finnst mér ekki ganga. Þetta þarf að skoða miklu betur áður en menn taka svona ákvörðun sem ekki er hægt að vinda ofan af.“



**TÖLVUGERÐ MYND AF FYRIRHUGAÐRI ÍBÚÐABYGGÐ Á GELDINGANESI** Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig haga skuli byggð á Geldinganesi. MYND: FREYR FROSTASON HJÁ THG

Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, segir eðlilegt að ætla megi að nokkur ár taki að byggja upp fyrirhugað hverfi í nesinu og því geti lagning Sundabrautar og uppbygging Geldinganessins vel haldist í hendur.

„Það er þegar vegtenging út í nesið og hana þarf vissulega að bæta en hún er til staðar. Það er einkennilegur málflutningur að halda því fram að ekki sé hægt að hefja uppbygginguna þarna þegar stundað hefur verið stórvirkt grjótnám á svæðinu um langan tíma. En Sundabraut mun að líkindum haldast í hendur við uppbygginguna á svæðinu og framkvæmdin mun eflaust hraða því ferli sem Sundabrautin er í.“

salvar@frettabladid.is / albert@frettabladid.is






Morðið á Gísla Þorkelssyni í Suður-Afríku:

# Dæmd í tuttugu ára fangelsi fyrir morð

**SUÐUR-AFRÍKA** Desiree Louis Oberholzer, 44 ára kona, hefur verið dæmd til tuttugu ára fangelsisvistar fyrir hlut sinn í morðinu á Gísla Þorkelssyni, sem fannst myrtur í nágrenni Jóhannesarborgar í Suður-Afríku í júlí í fyrra. Oberholzer játaði aðild sína að málinu en félagi hennar, Willie Theron, neitaði allri sök. Réttarhöld yfir honum hefjast í lok ágúst.

Samkvæmt framburði konunnar var parið að aka Gísla af flugvellinum í Jóhannesarborg þegar félagi hennar skaut hann í höfuðið með þeim afleiðingum að hann lést. Gísli hafði þá verið að koma úr heimsókn til systur sinnar í Bandaríkjunum.

Sagði Oberholzer morðið hafa verið framið í fjárhagsskyni, en Gísli hafði nýverið selt íbúð í Jóhannesarborg og var með töluvert fé á sér. Parið vissi af þessu og var búið að undirbúa morðið í meira en mánuð. Eftirá var líkinu komið fyrir í tunnu og steypt yfir, en þannig fannst það nokkrum vikum seinna rétt fyrir utan borgina.



**GÍSLI ÞORKELSSON**

Gísli hafði búið í Suður-Afríku í rúman áratug og verið með sjálfstæðan atvinnurekstur allan þann tíma. - sþs



**MEINTIR ÞJÓFAR** Sancy við komuna til Eskifjarðar.

Málinu frestað fram í október:

## Sancy farinn gegn tryggingu

**DÓMSMÁL** Færeyski togarinn Sancy, sem staðinn var að meintum ólöglegum veiðum í íslenskri lögsögu á sunnudagskvöld, fór frá Eskifirði með alla skipverja innanborðs í gærkvöldi.

Ákæra á hendur skipstjóra og fyrsta stýrimanni togarans, þar sem krafist er bóta fyrir ólöglega veiddan afla, var þingfest í Héraðsdómi Austurlands í gær. Stýrimaðurinn var ákærður fyrir hlutdeild að málinu. Þeir neituðu báðir sök og fengu að fara gegn 7,5 milljóna króna tryggingu. Grunninn byggist aðallega á rannsóknum á afladagbók skipsins. Málinu er frestað fram í október. - sh

# ÚTIHÚSGÖGN



SPARIÐ 2.000,-

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 16.900,-

**14.900,-**

**„DYNAMIC" BORÐ OG 4 HARÐVIÐARSTÓLAR**
Gott harðviðarsett á fínu verði, tilvalið á pallinn, við bústaðinn eða á veröndina. Settið inniheldur átthyrnt, gegnheilt borð og 4 stóla sem hægt er að fella alveg saman. Frábært sett á fínu verði, gerðu góð kaup!



BORÐ + 2 STÓLAR

**3.500,-**

**HRINGLAGA BORÐ OG 2 KLAPPSTÓLAR**
Allt úr plasti sem þolir að standa úti í hvaða veðri sem er. Borðið er 60 sm í þvm. Stóla er hægt að leggja saman. Þetta sett hentar þar sem er lítið pláss, t.d. á svalirnar.



Grænt + 10%

BORÐ + 4 STÓLAR

**9.990,-**

**„ELISE" BORÐ OG 4 „CRUISE" STÓLAR**
Virkilega vandað og gott plastsett á frábæru verði. Sporöskjulaga garðborð úr sterku plasti. Stærð á borði er 90x140 sm. Stólarnir eru með stillanlegu baki og örmum. Settið fæst einnig í grænum lit. Borð **2.500,-** Stóll **1.990,-**



SPARIÐ 12.870,-

BORÐ + 4 STÓLAR

**19.990,-**

Jutlandia Harðviður

**„SANTA FE" BORÐ OG 4 HARÐVIÐARSTÓLAR**
Vandað sett úr gegnheilum harðviði. Þolir íslenska veðráttu. Í settinu eru 4 stólar með háu baki sem sérlega þægilegt er að sitja í og stórt borð 85 x 150 sm. Hægt er að leggja saman bæði stólana og borðið. Borð **12.900,-** Stóll **4.990,-**



sun TIME

**14.900,-**

**„MONACO" 6 MANNA TJALD**
Sex manna tjald úr virkilega sterku og góðu polyester. Vandaður frágangur á saumum svo að bleyta eigi ekki greiðan aðgang inn í tjaldið. Sterkar stangir og bönd. Þrír 2ja manna svefnskálar og gott fortjald. Breidd 130/210/130. Lengd 205/130. Hæð 145/190.




VERÐ FRÁ

**1.290,-**

**VELOUR VNDSÆNGUR**
Einbreið 76x193x22 sm, verð **1.290,-** Tvíbreið 137x191x22 sm, verð **1.690,-**
Queen 152x203x22 sm, verð **1.990,-** King 183x203x22 sm, verð **2.490,-**

**„ROMA" SÓLBEKKUR**
Sólbekkur með stillanlegu baki og örmum. Hægt að leggja saman. Sterkt og endingargott plast.



**3.990,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**ÚTILEGUPOTTASETT**
Úr sérstaklega léttu áli. Frábært í útileguna eða ferðalagið!



**1.490,-**




Bátasýning 24.06.06

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmíbát? Komdu og virtu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum á bátasýningu okkar að Ánanaustum 1. **Opið laugardag frá kl. 10–16.**

VÉLASALAN radiomidun

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300


Íslensk erfðagreining þróar nýtt lyf við æðakölkun:

# Prófanir eru hafnar

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslensk erfðagreining hefur nú hafið prófanir á sjúklingum á nýju tilraunalyfi fyrirtækisins við æðakölkun í fótleggjum, eða svokölluðum útæðasjúkdómi. Skýrt var frá því í gær að þessar lyfjaprófanir væru hafnar.

„Þær rannsóknir sem við höfum gert á lyfinu fram að þessu, með þátttöku heilbrigðra einstaklinga, lofa góðu,“ segir Kári Stefánsson forstjóri ÍE. „Ég er mjög stoltur af því að vera nú að hefja annars stigs prófanir á þessu lyfi enda er þetta fyrsta lyfið sem vísindamenn fyrirtækisins hafa þróað frá grunni út frá niðurstöðum erfðarannsókna.“


**KÁRI STEFÁNSSON** Rannsóknir lofa góðu.

Stefnt er að því að 150 íslenskir sjúklingar muni taka þátt í þessum lyfjaprófunum sem nú eru hafnar. Hluti þeirra er með áhættuarfgerð erfðavísis sem vísindamenn ÍE hafa sýnt fram á að valdi aukinni hættu á æðakölkun í fótleggjum. -jss


**S-KÓREUMENN UGGANDI** Mótmælendur í miðborg Seoul í Suður-Kóreu hrópa slagorð gegn kjarnorkuvígbúnaðarbrölti kommúnistastjórnarinnar í Norður-Kóreu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Áhyggjur af eldflaug vaxa

**Stjórnvöld í Kína, Rússlandi, Japan og Bandaríkjunum hafa ítrekað áhyggjur sínar af hugsanlegu tilraunaskoti langdrægrar eldflaugar frá Norður-Kóreu.**

**KÓREA, AP** Kínversk stjórnvöld birtu í gær afdráttarlausustu yfirlýsinguna til þessa um áhyggjur sínar af hugsanlegu tilraunaskoti Norður-Kóreumanna á langdrægri eldflaug sem talin er geta borið kjarnorkusprengjuodda. Rússar ítrekuðu áhyggjur sínar af málinu með því að kalla sendiherra Norður-Kóreu í Moskvu fyrir. Aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna lét svo ummælt í gær að slíkt tilraunaskot yrði „ögrun og hættuleg aðgerð“ sem kynni að leiða til þess að Bandaríkin gripu til refsiaðgerða gegn Norður-Kóreu.

Ráðamenn í Japan og fleiri ríkjum hafa einnig lýst sams konar áhyggjum.

George W. Bush Bandaríkjaforseti lét hafa eftir sér þar sem hann var staddur í opinberri heimsókn í Ungverjalandi að eldflaugavarnakerfið sem Bandaríkjamenn hafa verið að koma sér upp, hefði „takmarkaða hæfni“ til að verjast langdrægri flaug af því tagi sem vísbendingar eru um að Norður-Kóreumenn ætli sér að prófa, en hún er talin nógu langdræg til að ná að hitta skotmörk í Bandaríkjunum. Þjóðaröryggisráðgjafi Bush, Stephen Hadley, sem er með forsetanum í Evrópuförinni, ítrekaði einnig aðvaranir í garð ráðamanna í Pyongyang í gær.

Í Peking lýsti kínverska utanríkisráðuneytið því yfir að Kínastjórn hefði „miklar áhyggjur af ástandinu“. „Við vonum að allir málsaðilar leggi sig meira fram í þágu friðar og stöðugleika í þessum heimshluta,“ sagði Jiang Yu, talsmaður utanríkisráðuneytisins á blaðamannafundi.

Áhyggjur af hugsanlegu tilraunaskoti Norður-Kóreumanna hafa vaxið um allan helming undanfarnar vikur eftir að leyniþjónustuupplýsingar bentu til að verið væri að fylla eldsneyti á Taepodong-2-eldflaug á tilraunaskotstöð Norður-Kóreuhers á norðausturströnd Kóreu. Þaðan hafa Norður-Kóreumenn áður skotið meðaldrægum eldflaugum í tilraunaskyni. audunn@frettabladid.is







Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI



Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




# SKJÁR*EINN* óskar Magna til hamingju

## með að vera kominn í 15 manna úrslit í Rock Star Supernova

Með þessum glæsilega árangri kemst Magni í vinsælasta raunveruleikaþátt allra tíma – Rock Star Supernova.

Sigurvegarinn í þættinum verður aðalsöngvari hljómsveitarinnar Supernova sem er skipuð þeim Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr Guns N' Roses?

SkjárEinn er fyrsta sjónvarpsstöðin á Íslandi sem sýnir raunveruleikaþátt í beinni útsendingu. ÞÚ getur haft áhrif með því að kjósa Magna áfram.

Vertu fyrir framan sjónvarpið á miðnætti, miðvikudaginn 5. júlí.

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland




**NEYÐARÓP Í KENÍA** Maður hjólar framhjá stóru skilti þar sem vakin er athygli á kynferðislegu ofbeldi í Kenía. Nærri þrjú þúsund nauðganir voru kærðar til lögreglu árið 2004, en læknar segja fjölmargar konur í viðbót ekki þora að tilkynna um glæpi af þessu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óánægja á meðal starfsmanna ÍTH vegna pólitískrar skipunar:

# Æskulýðsfulltrúi segir af sér

**HAFNARFJÖRÐUR** Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að töluverð ólga sé á meðal starfsmanna Íþrótta- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar vegna pólitískrar skipunar Margrétar Gauju Magnúsardóttur í stjórn ráðsins.

Nú þegar hefur Árni Guðmundsson, sem gegndi stöðu æskulýðs- og tómstundafulltrúa, sagt upp starfi sínu og samkvæmt heimildum blaðsins eru fleiri starfsmenn að hugsa sitt ráð. Uppsögn Árna er sögð tengjast skipun Margrétar Gauju beint, en aðspurður vildi hann lítið segja. „Stjórnmálamenn ákveða leiðina sem á að fara, en



MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR



ÁRNI GUÐMUNDSSON

embættismenn geta ráðið því hvort þeir eru með eða ekki. Ég hef ákveðið að fara frekar en að una þeim samþykktum sem bæjarstjórnin hefur gert varðandi æskulýðsmálin,“ segir Árni og vísar til samþykkta um skipan nefnda innan ÍTH sem afgreiddar voru á fundi 13. júní síðastliðinn.

Fleiri starfsmenn innan ÍTH eru að meta stöðuna í kjölfar skipunarinnar og afsagnar Árna. Einn starfsmaður hafði það á orði að afsögn Árna væri áfall fyrir æskulýðsstarfið í Hafnarfirði.

Margrét Gauja kannaðist ekki við neina óánægju á meðal starfsmanna ÍTH vegna skipunar sinnar, en, þegar blaðamaður náði af henni tali. **aegir@frettabladid.is**

Sending stöðvuð í Leifsstöð:

## Falsaðir iPod-spilarar teknir

**TOLLGÆSLAN** Tollgæslan í Keflavík gerði í vikunni upptækt nokkurt magn falsaðra iPod-spilara sem voru á leið frá Kína til verslunar í Reykjavík. Spilararnir líta alveg eins út og iPod nano frá Apple, nema innihaldið er allt annað, óvandaður spilari með kínversku stýrikerfi. Notendaviðmót tækisins er gjörólíkt iPod og algjörlega óskiljanlegt þeim sem ekki kann kínversku.

Þrátt fyrir að tekist hafi að stöðva þessa sendingu gætu falsaðir spilarar verið í umferð og þeir sem telja sig hafa keypt eftirlíkingu eru beðnir um að hafa samband við Apple. **- sgj**

Danskir neytendur:

## Mega kaupa í Þýskalandi

**DANMÖRK** Danir hafa fengið leyfi til þess að gera sér ferð suður yfir landamærin til Þýskalands og kaupa þar vörur af dönskum kaupmönnum með þýskum virðisaukaskatti, sem er töluvert lægri en sá danski.

Dönsk skattayfirvöld hafa komist að þeirri niðurstöðu að dönskum kaupmönnum sé heimilt að selja dönskum neytendum vörur sunnan landamæranna, en þeir verða þá annað hvort að stunda það í samvinnu við þýskar verslanir í Þýskalandi eða hreinlega stofna sjálfir þýsk dótturfyrirtæki á staðnum. **- gb**

Meiðyrðamál Hannesar:

## Málinu frestað

**DÓMSMÁL** Mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar gegn Jóni Ólafssyni, vegna meiðyrðamálsins svokallaða, hefur verið frestað fram á haust.

Hannes var dæmdur í Englandi fyrir að birta ummæli um Jón Ólafsson á heimasíðu sinni, sem þóttu ærumeiðandi. Honum var gert að greiða tólf milljónir í skaðabætur.

Hannes hefur ítrekað reynt að fá mál sitt tekið upp aftur erlendis, en því hefur ávallt verið hafnað. **- æþe**

# Yfir 21.000 milljarðar í styrki

**Samkvæmt samantekt OECD eyða ríkustu lönd heims vel yfir 21.000 milljörðum króna árlega í niðurgreiðslur til landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður nýtur einna mestrar verndar, ásamt norskum og svissneskum.**

**LANDBÚNAÐARMÁL** Ríkustu þjóðir heims eyddu sem nemur vel yfir 21.000 milljörðum króna í niðurgreiðslur til landbúnaðar á síðasta ári og héldu þannig verðlagi á landbúnaðarafurðum háu og spilltu




**HÖFTUM MÓTMÆLT** Táknræn mótmæli gegn verndartollum ESB á landbúnaðarafurðum. Slík höft eru þó miklu meiri hér á landi, eins og fram kemur í skýrslu OECD. NORDICPHOTOS/AFP

fyrir frjálsum milliríkjaviðskiptum, að því er fram kemur í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

EFTA-ríkin Ísland, Noregur og Sviss trónuðu efst á lista yfir þau lönd sem greiddu mest með landbúnaðinum. Í Sviss greiddi ríkið 68 prósent af heildartekjum bænda, íslenska ríkið greiddi 67 prósent og það norska 64 prósent. Til samanburðar má geta þess að þetta hlutfall er að meðaltali 32 prósent í Evrópusambandinu og 16 prósent í Bandaríkjunum.

Á hinum enda skalans eru Nýja-Sjáland og Ástralía. Nýsjálenskir bændur höfðu aðeins um þrjú prósent tekna sinna frá skattgreiðendum, ástralskir fá fimm prósent.

Í skýrslunni er opinber stuðningur við landbúnað einnig mældur eftir því hve mikillar verndar hann nýtur gagnvart innflutningi. Í þeim samanburði trónir Ísland efst, með stuðulinn 2,69. ESB-meðaltalið er 1,25.

Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa niðurgreiðslur til landbúnaðar lækkað talsvert hér á landi á síðustu áratugum, en eru samt enn með því mesta sem þekkist. Þær námu heilum fimm prósentum af landsframleiðslu á árabilinu 1986-1988 en voru á árunum




2003-2005 um 1,8 prósent. Hækkandi þjóðartekjur og minnkandi vægi landbúnaðar í efnahagslífinu hafa valdið þessari lækkun. Í skýrslunni kemur fram að hlutfallslega leggja Tyrkir mest af landsframleiðslu sinni til stuðnings við landbúnaðinn, rúm 4 prósent, en þar í landi hefur enn tiltölulega hátt hlutfall íbúanna framfærslu af landbúnaði.

Reiknað er með að skýrslan auki þrýstinginn á iðnveldin að höggva á hnútinn í viðræðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO, um viðskipti með landbúnaðarafurðir. Gera á enn eina atlöguna að því að mjaka þeim viðræðum áleiðis í Genf í næstu viku. „Nauðsynlegt er að áþreifanlegar framfarir verði í þessum viðræðum sem fyrst, til að hleypa nýju lífi í umbætur á landbúnaðarstefnu [aðildarríkjanna],“ segir í niðurstöðum OECD-skýrslunnar. **audunn@frettabladid.is**






**UPPBYGGING** Hugmyndir borgarstjóra um uppbyggingu húsnæðis fyrir eldri borgara eru gagnrýndar af minnihluta í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Starfshópur um búsetuúrræði eldri borgara skipaður:

# Bygging íbúða fyrir aldraða í forgangi

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri kynnti í borgarráði í gær starfshóp á vegum borgaryfirvalda um búsetuúrræði eldri borgara og til að hafa umsjón með framkvæmdum í þágu aldraðra. Starfshópurinn heyrir beint undir borgarstjóra. Eitt forgangsverkefni hópsins verður „kaup og jafnvel bygging söluíbúða með þjónustukjarna með heimilishjálp“.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, gagnrýnir þessa hugmynd borgarstjóra. „Það er verið að innleiða gamaldags hugsun um uppbyggingu og sölu íbúða. Það eru áratugir síðan það var síðast gert á þennan hátt og löngu komin öflug og fagleg fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir sem hafa staðið vel að þessu. Ég sé ekki að borgin hafi neitt hlutverk þarna nema að marka stefnu og leggja fram lóðir.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að um útúrsnúning sé að ræða að hálfu Dags. Borgin ætli ekki að byggja og selja íbúðir fyrir aldraða. „Ég sem borgarstjóri er að mynda þarna sérstakan hóp sem á að þoka þessu máli eins hratt áfram og kostur er. Við ætlum að leita allra úrræða, kanna alla möguleika og útilokum ekkert til þess.“

Vilhjálmur segir að vinnuhópurinn sé skipaður til að þessi mál gangi hratt og vel fyrir sig. „Það er tími aðgerða í þessum málum og með stofnun þessa vinnuhóps vil ég leggja áherslu á það.“ **- shá**

# Nú er rétti tíminn til að mála



**Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.**




10 lítrar
DEKAPRO
Útimálning
**Kr. 3.990,-**




10 lítrar
DEKATEX
Þakmálning
**Kr. 5.260,-**




2,5 lítrar
DEKA
Pallaolía
**Kr. 1.298,-**




2,5 lítrar
Þekjandi viðarvörn
**Kr. 2.141,-**




100% AKRÝL
Allir litir
10 lítrar
DEKAPRO 10
Innimálning
**Kr. 3.515,-**




100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 02
Loftamálning
**Kr. 2.633,-**




100% AKRÝL
Allir litir
10 lítrar
DEKACRYL7
Innimálning
**Kr. 2.949,-**




10 lítrar hvítt
ALFACRYL
Inni/úti málning
**Kr. 2.990,-**



SPECTER
bakki og rúlla
**Kr. 499,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Höfum opnað verslun á Húsavík*




## Auglýsing um breytta umferð vegna lokunar vestari akbrautar Hafnarfjarðarvegar í Engidal

Frá kl. 20:00 föstudaginn 23. júní til kl. 12:00 þriðjudaginn 27. júní verður vestari akbraut Hafnarfjarðarvegar við Fjarðarhraun / Álftanesveg lokuð. Öll vinstri beygjuumferð frá Hafnarfjarðarvegi yfir á Fjarðarhraun verður um hjáleið um Reykjavíkurveg og Stakkahraun eða Hjallahraun. Einnig verður lokað fyrir beina umferð yfir Hafnarfjarðarveg frá Álftanesvegi og Fjarðarhrauni. Hjáleið verður um Sjávarbraut, Skjólvang og Hjallabraut.

Garðabær

**Ingileifur Jónsson ehf**

Bjarmaland ferðaskrifstofa

**Sigling frá Pétursborg til Moskvu**

Bjarmaland ferðaskrifstofa og félagið MÍR kynna einstaka Rússlandsför 6. – 20. september. Siglt verður í skemmtibát á milli stærstu borga Rússaveldis og farið í járnbrautarlest til baka. Beint jómfrúarflug Icelandair til hinnar einstöku Pétursborgar sem skoðuð verður hátt og lágt, höfuðborginni Moskvu verða einnig gerð góð skil

Ferðakynning í MÍR salnum Hverfisgötu 105, Jónsmessu, laugardaginn 24. júní kl. 16:00

Nánari upplýsingar gefur Haukur Hauksson aðalfararstjóri í síma 848 44 29

www.austur.com

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Votviðrið veldur erfiðleikum við bæinn Skerðingsstaði II:

# Tvær gröfur sukku

**VESTURLAND** Tvær beltagröfur hafa setið fastar í eðju, síðan á mánudaginn, við bæinn Skerðingsstaði II við Hvammsfjörð.

Jón Egill Jóhannsson, bóndi á Skerðingsstöðum II, segir fyrri gröfuna hafa fest sig á mánudagsmorguninn, við framkvæmdir á túni nálægt bænum. Þá hafi önnur grafa verið kölluð til aðstoðar, en ekki hafi liðið á löngu þar til hún hafði fest sig líka.

Jón Egill kennir rigningatíðinni undanfarið um hrakfarirnar. „Jarðvegurinn er svo blautur eftir úrhellið að þetta er nánast eins og mýri,“ segir Jón Egill.

Í samtali við blaðið kvaðst Jón Egill vongóður um að gröfurnar yrðu losaðar seinnipartinn í gær. Öflug ýta var þá á leiðinni til að taka þátt í björgunarstarfinu. - æþe



**GRAFA Á KAFI** Eins og sjá má lét jarðvegurinn undan þunga vinnuvélarinnar FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN EGILL JÓHANNSSON



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** Sviðsstjórinn hafði verið áminntur fyrir að setja ekki nótur í púlt hljómsveitarstjórans og fyrir að koma of snemma með blóm inn á sviðið. Dómur féll í máli fyrrverandi sviðsstjóra gegn henni í gær.

Sviðsstjóri vinnur mál gegn Sinfóníuhljómsveitinni:

# Rekinn fyrir að gleyma nótum

**DÓMSMÁL** Sinfóníuhljómsveit Íslands var í gær dæmd til að greiða fyrrverandi sviðsstjóra hljómsveitarinnar rúmar þrjár milljónir króna með dráttarvöxtum frá 6. febrúar 2005 og 700 þúsund krónur í málskostnað. Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn.

Sviðsstjóranum var sagt upp störfum í lok júní 2004. Á starfstíma sínum sem varði frá 8. febrúar 2002 var hann áminntur þrisvar sinnum. Það var gert „vegna mikillar óánægju með störf hans og árekstra við annað starfsfólk“ og vegna færslu akstursdagbókar. Þriðja áminningin var send bréflega eftir Listahátíð, en þá „komu fyrir atvik sem ollu hljómsveitinni verulegum álitshnekki, bæði hjá þeim sem lentu í þessu, en einnig hjá þeim sem voru áhorfendur að því sem gerðist. Hljómsveitarstjórinn kvartaði undan því að nótnabók sem vera átti á púltinu eftir hlé hefði ekki verið þar og hann hefði því þurft að stjórna einu verki án nótna. Síðan sendir þú blóm of snemma inn á sviðið sem olli reiði og móðgun hjá söngkonunni og hneykslan hjá hljómsveit og hljómleikagestum. Hvort tveggja eru verk sem þú átt að vita til hlítar hvernig meðhöndla ber“, sagði í bréfinu.

Dómurinn leit til þess að þess hefði ekki verið gætt að gefa sviðsstjóranum kost á að tala máli sínu fyrir síðustu áminninguna. Þá hefði Sinfóníuhljómsveitin ekki reynt að sanna þær ávirðingar sem bornar hefðu verið á hann. Þær séu því ósannaðar gegn mótmælum sviðsstjórans. Uppsögn hans hefði verið ólögmæt, samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Sé hæfilegt að miða bætur hans við laun í 12 mánuði. -jss

Demókratar á Bandaríkjaþingi með nýtt útspil:

# Vilja herinn burt

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísku öldungadeildarþingmennirnir John Kerry og Russ Feingold segjast vilja kalla bandaríska herinn heim frá Írak um mitt næsta ár. Þeir eru báðir þungavigtarmenn í Demókrataflokknum og líklegir til að blanda sér í slaginn þegar flokkurinn velur sér forsetaframbjóðanda næst.

„Til þess að ná árangri í Írak er nauðsynlegt að setja hernum tímamörk um brotthvarf frá Írak,“ sagði Kerry á miðvikudag.

Félagar þeirra í Demókrataflokknum eru þó langt í frá allir sammála þessu. Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeildinni, vill láta nægja að fara fram á að brotthvarf hersins frá Írak hefjist á þessu ári, en ekki setja ákveðin tímamörk um það hvenær þeim brottflutningi skuli lokið.

Þó hafa í það minnsta sex demókratar á þingi lýst yfir stuðningi sínum við málflutning þeirra Kerrys og Feingolds. Líklegt er að þetta útspil þeirra verði töluvert til umræðu í aðdraganda þingkosninganna í nóvember næstkomandi.

Repúblikanar á þinginu gera óspart grín að þessum hugmyndum demókrata, sem tæpast hljóta nægilegan stuðning í öldungadeildinni til þess að verða samþykkt. - gb



**JOHN KERRY Í ÍRAK** Öldungadeildarþingmaðurinn átti gott spjall við bandaríska hermenn í Írak þegar hann var þar staddur fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Bandaríkin neita ásökunum:

## Beittu Svía ekki þrýstingi

**SVÍÞJÓÐ, AP** Fulltrúi bandaríska sendiráðsins í Svíþjóð neitar því að Bandaríkjamenn hafi beitt sænsk stjórnvöld þrýstingi til að uppræta starfsemi þeirra sem skiptast ólöglega á skrám yfir netið. Í sænska ríkissjónvarpinu kom fram á dögunum að Bandaríkjamenn hefðu hótað Svíum viðskiptaþvingunum ef yfirvöld réðust ekki gegn þessum hópum.

Þann 31. maí voru tölvuþjónar vefræningjasíðunnar „The Pirate Bay“ gerðir upptækir af sænsku lögreglunni og eigendur hennar yfirheyrðir. Hún lá þó ekki lengi niðri, en milli tíu og fimmtán milljónir tölvunotenda heimsækja síðuna á hverjum degi. **- sþs**

Umferðaröryggisáætlun miðar að því að ná hraðanum niður á þjóðvegum:

# Setja upp hraðamyndavélar

**UMFERÐ** Stafrænar hraðamyndavélar verða settar upp á þjóðvegum landsins á næstunni. Allt að 350 milljónum verður varið í þær og uppsetningu þeirra. Í dag eru hraðamyndavélarnar í Hvalfjarðargöngunum þær einu utan þéttbýlis.

Fyrsta vélin verður sett upp milli Hvalfjarðarganganna og Borgarness líklega um mánaðamótin júlí-ágúst að sögn Birgis Hákonarsonar, framkvæmdastjóra umferðaröryggissviðs hjá Umferðarstofu. „Við byrjum á að setja bara eina myndavél þar til reynslu og til að aðlaga kerfið. Svo bætast við fleiri myndavélar.“

Myndavélarnar verða settar upp á þekktum slysastöðum og verður byggt á tölum úr slysaskrá Umferðarstofu. „Við erum ekki að reyna að hanka bílstjóra eða að hafa fé af fólki heldur viljum við ná hraðanum niður á þessum stöðum,“ segir Birgir.

Verkefnið er hluti af umferðaröryggisáætlun samgönguráðuneytisins og unnið í samstarfi við Umferðarstofu, Vegagerðina og Ríkislögreglustjóra. Hraðaverkefni eru stærsti hluti umferðaröryggisáætlunarinnar og fara 680 milljónir í þennan málaflokk.“ Enda er hraði langalgengasta orsök banaslysa í umferðinni,“ segir Birgir. **- sdg**



**STÖÐVAÐUR FYRIR HRAÐAKSTUR** Stafrænar hraðamyndavélar eru nýjung hérlendis en í þeim verður myndin til strax og fer um símalínu í tölvubúnað lögreglunnar.

Stjórnsýsla Akureyrarbæjar:

## Fagleg vinnubrögð skortir

**AKUREYRI** Jónas Vigfússon, yfirmaður framkvæmdadeildar hjá Akureyrarbæ, segir skorta fagleg vinnubrögð hjá bænum og hefur sagt upp störfum. „Eðlilegum verklagsreglum er ekki fylgt að mínu mati.“

Jónas segir að kornið sem fyllti mælinn hafi verið þegar skýli var nýverið rifið að skipan bæjarstjóra. Beiðni um að það yrði rifið hafði verið hafnað hjá framkvæmdaráði og staðfest hjá bæjarstjórn að sögn Jónasar. „Við starfsmenn reynum að sinna okkar starfi samkvæmt þeim vinnureglum sem liggja fyrir.“

Ekki náðist í bæjarstjórann á Akureyri. **- sdg**



**ELIE WIESEL OG ABDULLAH** Nóbelsverðlaunahafinn og konungurinn eru góðir vinir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Abdullah II Jórdaníukonungur:

## Nóbelshafar stilli til friðar

**JÓRDANÍA, AP** Abdullah II Jórdaníukonungur hvetur Nóbelsverðlaunahafa til að koma fram með hugmyndir til að stilla til friðar í átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs og stuðla að tilurð palestínsks ríkis.

„Sannir friðarsamningar eru ekki bara skráðir á pappír, heldur einnig í hjörtu fólks,“ sagði konungurinn á málþingi að viðstöddum fimmtíu nóbelsverðlaunahöfum í hinum forna bæ Petru.

Það var Elie Wiesel, handhafi friðarverðlauna Nóbels, sem stóð að ráðstefnunni með konungnum. Hann bað Palestínumenn að yfirstíga hatur sitt á gyðingum og hvatti gyðinga til að skilja aðstæður Palestínumanna. **-sgj**

Héraðsdómur Austurlands:

## Sakfelld fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Austurlands sakfelldi í gær konu fyrir líkamsárás. Ákvörðun refsingar var hins vegar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Bótakröfu var vísað frá dómi.

Konan var ákærð fyrir að hafa í febrúar árið 2006, á skemmtistaðnum Hótel Egilsbúð í Neskaupstað, slegið konu hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hún fékk talsverða áverka.

Konan játaði brot sitt fyrir dómi. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að hún gerði það og sýndi iðrun. Henni var gert að greiða sakarkostnað. **-jss**

### NOREGUR

**Kona ritstjóri** Kona hefur nú í fyrsta skipti verið ráðin ritstjóri á Dagbladet, einu af stærstu dagblöðunum í Noregi. Konan heitir Anne Aasheim og segir vefútgáfa Dagbladet að hún sé fyrrverandi fréttastjóri á NRK, norska ríkisútvarpinu.

### BORGARFJÖRÐUR EYSTRI

**Nýr sveitarstjóri** Steinn Eiríksson, eigandi og framkvæmdastjóri Álfasteins í Borgarfirði eystri, hefur verið ráðinn sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps til áramóta. Fráfarandi sveitarstjóri, Magnús Þorsteinsson, tilkynnti fyrir kosningar að hann gæfi ekki kost á sér í starfið áfram.





Landsmót á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní – 2. júlí

Fjölskylduhátíð hestamanna

Sjáðu bestu hesta og bestu knapa landsins fara á kostum.
Hinar frábæru hljómsveitir Todmobile og Papar halda uppi dúndrandi stemningu föstudags- og laugardagskvöld og auk þess koma fram:

Geirmundur Valtýsson
Hundur í óskilum
Karlakórinn Heimir
Björgvin Franz
Ávaxtakarfan
Ronja ræningjadóttir
Álftagerðisbræður
Gísli Einarsson og margir fleiri.

Hoppkastalar og leiksvæði fyrir börnin.

Forsala er á eftirfarandi ESSO-stöðvum: Nesti Ármúla, Nesti Borgartúni, Nesti Gagnvegi, Nesti Geirsgötu, Nesti Háholti, Nesti Lækjargötu, Nesti Stórahjalla, ESSO Fossnesti, ESSO Hveragerði, ESSO Árbæ, Naustagil Húsavík, ESSO Hvolsvelli, ESSO Hyrnunni, ESSO Höfn í Hornafirði, ESSO Leirunesti, ESSO Varmahlíð, ESSO Aðalstöðin, ESSO Egilsstöðum.
Forsölu lýkur sunnudaginn 25. júní.

Farðu á www.landsmot.is og fáðu nánari upplýsingar um Landsmót hestamanna, einstakan viðburð og fjölskylduskemmtun.








ICELANDAIR HORSE FESTIVAL
LANDSMÓT
VINDHEIMAMELUM
26. JÚNÍ – 2. JÚLÍ 2006
ICELANDAIR

www.landsmot.is



LIME OG SÍTRÓNUTOPPUR
1.5 lítri
1.5 LÍTRI TOPPUR
99 KR.
Toppur Lime
MEÐ VÍTAMÍNUM
Gott á grillið!
2 MAÍSKÓLFAR
98 KR.
450 g
Maískólfar
Eitt kíló af hamborgurum
100% NAUTAKJÖT
BÓNUS
10 hamborgarar
899 KR
1 kíló
XL alvöru brauð!
4 XL brauð
98 KR.
Helgartilboðin
FROSNAR SVÍNALUNDIR
1599 KR.
kílóverð
Írskar svínalundir
-enn lægra verð!
Ciabatta
CIABATTABRAUÐ
49 KR.
225g
FORBAKAÐ, FERSKT OG FRÁBÆRT
Gott með grillmatnum
UPPÞVOTTAVÉLAR
1098 KR.
110 TÖFLUR
10 KR. taflan!
+25% EXTRA
finish
Classic
PowerBall
88+22
110 TABS
Gáturnar í ferðina
Pocket Puzzles
SUDOKU
4
SUDOKU 4
199 KR.
GÁTUBÓK
Forelduð ALI grillrif
Spareribs
30% afsláttur við kassann
FORELDUÐ SVÍNARIF
839 KR. kg
MERKT VERÐ 1198 KR.
12 WC rúllur-SJÁÐU VERÐIÐ!
12 rúllur
198 KR.
12 SALERNISRÚLLUR
3 XL
góðar við grillið
3 XL rúllur
298 KR.
Eldhúsrúllur
BÓNUS
XXL pitsa
760-800g
VOLL SHOCK! LECKER!
XXL FRESCHETTA
399 KR.
760/800g
FRESCHETTA
XXL
PIZZA SPECIAL
Chips
Natural • Naturel • Salta
Chips
Paprika
EURO SHOPPER
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
Birgjum okkur upp í Bónus!
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


Bónus grill svínakjötið
HNAKKA-LÆRIS- OG BÓGSSNEIÐAR
879 kg KR.
MERKT VERÐ 1099KR.
GRILL SVÍNAKÓTELETTUR
879 kg KR.
MERKT VERÐ 1099KR.
BÓNUSGRILL SVÍNAKJÖT
Svínahnakkasneiðar
Svínalærissneiðar
Svínabógssneiðar
Svínakótelettur
20% afsláttur við kassann
frá Bónus!
VILLI LAMBASNEIÐAR
839 kg KR.
MERKT VERÐ 1399KR.
Lamba sneiðar
40% afsláttur við kassann
EKKERT BRUÐL
KF SALAT
98 KR.
350g
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 KR.
900g poki
Danskar kjúklingabringur
Skötuselur roðlaus og brjósklaus
RÖÐ OG BRJÓSKLAUS SKÖTUSELUR
1198 KR.
600g
Fulleldaðir HM kjúklingavængir BARA AÐ HITA!
FULLELDAÐIR HM VÆNGIR
349 kg KR.
MERKT VERÐ 499KR.
30% afsláttur við kassann
Ávaxtasafar frá EUROSHOPPER
ÁVAXTASAFI
69 KR.
lítri
Sjávarréttaspjót á grillið
Frábært úr frystinum!
FISKI GRILLSPJÓT
1198 KR.
kílóverð
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
18 flaskna HM tilboð!
18 hálfs lítra Coca-Cola flöskur á HM tilboði!
BÓNUS GRILLSÓSA
149 KR.
270 ml
www.bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### *Keppir við HM*

**„Sem betur fer eru ekki allir tónlistarmenn fótboltaaðdáendur.“**

EINAR ÖRN BENEDIKTSSON, FORSPRAKKI HLJÓMSVEITARINNAR GHOSTIGITAL, UM FYRIRHUGAÐA TÓNLEIKA Í HYDE PARK. MORGUNBLAÐIÐ, 22. JÚNÍ.

### *Mikil eftirspurn*

**„Við þurfum sjötíu blóðgjafa á hverjum einasta degi.“**

SIGRÍÐUR LÁRUSDÓTTIR, DEILDARSTJÓRI BLÓÐBANKANS, UM MIKLA EFTIRSPURN EFTIR BLÓÐI LANDSMANNA. FRÉTTABLAÐIÐ, 22. JÚNÍ.

*nær og fjær*

**tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? JÓNAS ÖRN HELGASON NEMANDI OG „MEISTARI“

# *Á leiðinni til Hróarskeldu*

„Ég er nú að fara til Hróarskeldu á morgun, það er svona það sem er á næstunni,“ svarar Jónas Örn Helgason þegar hann er spurður hvað sé að gerast hjá honum. „Þetta byrjar í næstu viku en ég fer allavega út á morgun,“ (föstudag) en Jónas ætlar að eyða nokkrum dögum í það að skoða Kaupmannahöfn. „Ég fer með fjórum félögum mínum og ætla að vera í tíu daga.“ Pökkunin var ekki komin á fullt skrið hjá Jónasi en hann sagðist þó aðeins vera byrjaður.

„Ég er að vinna hjá Orkuveitunni, að slá gras og fleira,“ segir Jónas og aðspurður um veðrið í sumar svarar hann því til að það hafi verið „frekar ömurlegt“. Jónas var í veikindafríi þegar blaðamaður náði tali af honum, „ég er með svolítið slæma kvefpest, ég fer í eftirmiðdaginn á morgun og vona að þetta gangi yfir.“ Jónas hefur ekki ákveðið hvað hann ætlar að gera í sumar en hann ætlar kannski með Hamrahlíðarkórnum til Þýskalands. Hann segist einnig fylgjast með heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. „Mér finnst nú Argentínumenn mjög skemmtilegir, ég horfði á leikinn Argentína - Serbía og fannst það frábær leikur og svo vona ég nú að Ganamenn komist áfram.“

Jónas segir lífið eftir Meistarann vera nokkuð sérstakt. „Einstaka sinnum er maður stoppaður úti á götu af fólki sem maður þekkir ekki neitt sem ég hafði nú ekki kynnst áður.“ Hann segist vona að hann hafi ekkert breyst við það að vinna milljónirnar í Meistaranum. „Ég held ég sé nú ekkert farinn að eyða neitt meira eða orðinn svona nýríkur eins og ég ætti að vera,“ segir Jónas og hlær.

Í haust ætlar Jónas að halda áfram í verkfræðinni en hann stundar nám í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. „Vélaverkfræðin er ágæt, svolítið erfið en það er ágætt að takast á við þetta, þetta er nám sem gagnast við margt“.



## SJÓNARHÓLL

SUMARTÍMI Á ÍSLANDI

# *Truflar mig ekki mikið*



RAGNAR BJARNASON TÓNLISTARMAÐUR

Í vor var talað um það á Alþingi hvort taka ætti upp sérstakan sumartíma á Íslandi. Fylgismenn þess bentu meðal annars á að þannig ynnist einn „hlýr“ klukkutími á dag, sem mætti nýta í sumarstarf ýmiss konar, til að mynda grilla úti í garði eftir vinnu. Blaðamaður hringdi í stórsöngvarann Ragga Bjarna til að fá álit hans á þessu máli.

„Nei, ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að taka upp sumartíma á Íslandi, mér finnst þetta bara ágætt eins og það er. Mér finnst við ekkert þurfa þess. Auðvitað væri gott að geta pantað sólina bara og að hafa einum sólartíma meira, en það verður sennilega ekki gert með lagasetningu. Annars hef ég nú lítið hugsað um þetta. Þetta er ekki svona hlutur sem hefur truflað mig mikið,“ segir Raggi og hlær.

# Áfram lokað á Sprengisandi

Mörgum ferðaþyrstum Íslendingum þykir fátt skemmtilegra en að geysast á gríðarstórum jeppabifreiðum um fjöll og firnindi alltaf þegar færi gefst. Nú þegar sumarið er gengið í garð er tími til kominn að huga að möguleikunum. Vegagerðin gefur í dag út nýtt hálendiskort með upplýsingum um ferðaleiðir á hálendi landsins. Nú hefur Dómadalsleið frá Búrfelli yfir í Landmannalaugar verið opnuð og vegurinn frá Landmannalaugum yfir í Eldgjá.

Einnig er búið að opna í Laka og leiðin frá Skaftártungum yfir í Eldgjá hefur verið opin í um tvær vikur. Nú er orðið þokkalega fært í Öskju fyrir góða bíla og frá Herðubreiðarlindum yfir í Grímsvötn. Sprengisandur verður hins vegar lokaður út mánuðinn hið minnsta og Skagafjarðarleið og Eyjafjarðarleið verða lokaðar enn lengur. - sh




**HÁLENDISKORTIÐ** Hér sést hvaða leiðir er óheimilt að fara um vegna aurbleytu og hættu á vegaskemmdum. Kortið segir þó ekki til um færðina utan skyggðu svæðanna, sem getur verið misjöfn eftir aðstæðum.




# Drekka bjór með boltanum

Svo virðist sem landsmenn hafi gaman af því að fá sér einn eða tvo bjóra með fótboltaáhorfinu því bjór á það til að seljast betur á meðan á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu stendur. Samkvæmt innkaupadeild vínbúðanna hefur verið aukin sala á bjór það sem af er sumars, en sölutölur fyrir júnímánuð koma í lok mánaðarins og þá verður hægt að sjá hversu mikil áhrif heimsmeistaramótið hefur á bjórdrykkju landans.



**FREYÐANDI BJÓR** Mikill viðbúnaður er vegna heimsmeistaramótsins hjá Vífilfelli, en fyrirtækið er umboðsaðili Carlsberg-bjórsins á Íslandi.

Sala á bjór í maí var talsvert betri en mánuðina áður og má ætla að betra veður, sveitarstjórnarkosningar og söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hafi spilað eitthvað þar inn í. Því má búast við að atburður eins og heimsmeistaramótið hafi góð áhrif á sölu bjórs á Íslandi.

Sigfríð Eik Arnardóttir, vörumerkjastjóri hjá Vífilfelli, segir að þó engar tölur séu komnar fyrir júnímánuð megi merkja greinilega söluaukningu á Carlsberg-bjórnum, en fyrirtækið er umboðsaðili hans á Íslandi. Mikill viðbúnaður er hafður hjá Vífilfelli vegna keppninnar enda tengingin milli bjórs og fótboltaáhorfs vel þekkt. - sþs



**DUGLEGIR STRÁKAR** Breki, Brynjar, Hjörtur Týr og Kristófer Valur ætla að halda áfram að safna fé til að styrkja góð málefni.

# Gáfu ágóðann af tombólu

Fimm félagar úr Kópavogsskóla afhentu Kópavogsdeild Rauða kross Íslands 8.262 krónur sem var ágóði tombólu sem þeir héldu við Nóatún í Hamraborg. Strákarnir sögðust staðráðnir í að halda áfram að safna fyrir góð málefni og leggja þannig sitt af mörkum til að hjálpa fólki.

Strákunum þótti hins vegar miður að sumir vegfarendur trúðu því ekki að þeir væru að safna fyrir Rauða krossinn. Strákarnir sem að söfnuninni stóðu heita Breki, Brynjar, Hjörtur Týr, Kristófer Valur og Theódór Óskar en þann síðastnefnda vantar á myndina. - hs

# Kenna þjóðinni að borða fisk

Ný keðja fiskbúða á höfuðborgarsvæðinu, Fiskisaga, hefur keypt sex aðrar fiskbúðir og sameinað undir einu merki. Það eru fiskbúðirnar við Nesveg, Sundlaugaveg og Hringbraut, Sjávargallerý við Háaleitisbraut og fiskbúðirnar Hafrún og Vör. Útlit og vöruúrval búðanna verður samræmt, en níu nýjar búðir verða auk þess stofnaðar á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Óskars Garðarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

„Við munum hafa aukið vöruúrval og tilbúna rétti,“ segir Óskar og vonast til að samlegðaráhrifin við sameiningu fiskbúðanna muni valda lægra verði. Hann segir að fyrirtækið skoði einnig möguleika á að opna útibú á Suðurnesjum og Selfossi. Auk þess komi til greina að einhverjar verslananna innihaldi veitingastað. „Við viljum kenna Íslendingum að borða fisk,“ segir Óskar.

Vilhjálmur Hafberg hjá Fiskbúðinni Hafberg segir sameiningu fiskbúðanna ekki munu hafa mikil áhrif á minni fiskbúðir. „Þarna fer talsvert mikið á eina hendi og þeir verða ráðandi með verð og annað, en maður veit ekki hvort þetta mun bera sig,“ segir Vilhjálmur „Ég hef ekki orðið var við undirboð eða neitt slíkt.“ Hann segist einnig vona að persónuleg þjónusta minni fiskbúðanna muni skila sér til neytenda. - sgj



**FISKBÚÐIN VÖR** Fiskisaga hefur nú keypt verslun sprelligosanna í Fiskbúðinni Vör. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# „Tími“ algengasta nafnorðið

**BRETLAND, AP** Samfélagið er með tímann á heilanum og einnig á vörunum ef marka má niðurstöður sem kynntar voru í gær úr rannsókn Oxford-orðabókarinnar. Tími (e. time) er mest notaða nafnorð í enskri tungu og orðin ár (e. year), dagur (e. day) og vika (e. week) fylgja þar fast á eftir í þriðja, fimmta og sautjánda sæti.



Peningar (e. money) eru hins vegar ekki eins ofarlega í huga fólks eða í 65. sæti, en vinna (e. work) er í „íslenska sætinu“, því sextánda. Ríkisstjórn (e. government), vandamál (e. problem) og stríð (e. war) eru á topp hundrað, en hvíld, frið og lausnir er hvergi að sjá. - sgj





Allt á grillið í Krónunni
1269 kr. kg 1698
Krónu kryddaðar svínakótilettur
25% afsláttur
25% afsláttur
1237 kr. kg 1649
Krónu kryddaðar grísahnakkasneiðar
30% afsláttur
25% afsláttur
Krónu pylslur 279 kr/pk
Fjörfiskur frosin línuýsa 449 kr/pk
Goða skinka 249 kr/pk
Hunangs Cheerios 765 gr 399 kr/pk
Stjörnu partýmix 2 teg 169 kr/pk
Jonagold epli 88 kr/pk
HM GLÖS FYLGJA HVERRI KIPPU AF 4 x2 LÍTRUM AF COKE OG COKE LIGHT
Virk Sam-keppni
Jarðarber í boxi 200 gr 199 kr/pk
Maísstönglar forsoðnir 2 stk 169 kr/pk
Bautabúrs kartöflusalat 198 kr/stk
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
1198 kr. kg
1724
Léttreyktar Gourmet grísakótilettur
20% afsláttur
30% afsláttur
798 kr. kg
998
10 frosnir Goða hamborgarar
FRÁBÆRT Í FERÐALAGIÐ
Krónu samlokur
129 kr/stk
Biomjólk 3 tegundir verð frá:
98 kr/stk
50% afsláttur
áður kr. 573
Goða svið frosin í poka
287 kr/kg
HM leðurfótbolti
898 kr/stk
Rivo kaffi 400 gr
199 kr/pk
Krónu salernisrúllur
249 kr/pk
Super þvottaefni 3 kg
299 kr/pk
Sun lolly 3 tegundir
169 kr/pk
GRILLVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
Alltaf frábær tilboð alla daga

## Svona erum við

> Hlutfall íslenskra, norrænna og bandarískra leikinna mynda í bíó árið 2004




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ROCK STAR: SUPERNOVA

# *Sungið til sigurs í beinni útsendingu*

Íslendingur verður meðal þeirra 15 þátttakenda sem keppa í raunveruleikaþættinum Rock Star: Supernova sem sýndur verður í Bandaríkjunum í sumar. Það er hann Guðmundur Magni Ásgeirsson, betur þekktur sem Magni í Á móti sól, sem syngur fyrir hönd Íslendinga í þáttunum, en áheyrnarprufur voru haldnar hér á landi fyrir nokkrum mánuðum þar sem fjöldi manns tók þátt.

**Hvað er Rock Star: Supernova?**
Rock Star: Supernova er önnur þáttaröðin af raunveruleikaþáttunum Rock Star þar sem keppt er um stöðu söngvarans í þeirri hljómsveit sem spilar í hverri þáttaröð. Síðast var það ástralska hljómsveitin INXS sem leitaði að söngvara en í ár var sett saman hljómsveit sérstaklega fyrir þáttinn. Hún samanstendur af Jason Newstead úr Metallica, Tommy Lee úr Mötley Crüe og Gilby Clarke úr Guns N'Roses. Í hverjum þætti syngja keppendur valin lög með hljómsveitinni og að því loknu kjósa sjónvarpsáhorfendur um það hver dettur úr leik. Að lokum verður aðeins sigurvegarinn eftir.

**Hvað fær sigurvegarinn í sinn hlut?**
Sá keppandi sem kemst í gegnum alla niðurskurði verður fjórði meðlimurinn í hljómsveitinni Supernova, en hún mun taka upp að minnsta kosti eina plötu að þáttaröðinni lokinni og fara að því loknu í tónleikaferð um heiminn. Það er ljóst að til mikils er að vinna, því erfitt er að verða ekki heimsfrægur sem söngvari hljómsveitar á borð við Supernova.



**Hver er Magni?**
Magni hefur í mörg ár verið söngvari Á móti sól, einnar helstu sveitaballahljómsveitar landsins. Hljómsveitin var stofnuð árið 1995, en Magni gekk ekki í hana fyrr en haustið 1999. Hann hefur kannski lítið verið þekktur fyrir þess háttar söng sem rokkararnir úr Metallica, Mötley Crüe og Guns N'Roses leita að, en þeir Íslendingar sem hafa heyrt kraftmikla rödd hans vita að hann er til alls líklegur. Nú vona landsmenn að þátturinn verði góður stökkpallur fyrir Magna upp á stjörnuhimininn.

## SPURT & SVARAÐ
SAMKEPPNISSTOFNUN

### *Markmiðið að efla virka samkeppni*


PÁLL GUNNAR PÁLSSON FORSTJÓRI.

Dagur Group var á dögunum sektað af Samkeppniseftirlitinu um 65 milljónir fyrir það að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins er til svara.

**Hvað gerir samkeppniseftirlitið?** Það hefur eftirlit með samkeppnislögum sem hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

**Hvenær var það stofnað?** Það var stofnað 1. júlí í fyrra og tók þá við af Samkeppnisstofnun og Samkeppnisráði. Með þessari breytingu þá voru í rauninni sett ný samkeppnislög og helstu breytingarnar eru í raun breytingar á stjórnsýslu þannig að Samkeppniseftirlitið einblínir nú á samkeppnismálin og er ein stofnun með sérstakri stjórn sem rannsakar og tekur ákvarðanir í málum. Áður var Samkeppnisstofnun sem hafði með samkeppnismál að gera en hafði líka eftirlit með réttmætum viðskiptaháttum en sá þáttur starfseminnar fór til Neytendastofu.

**Hversu mörgum málum sinnir Samkeppniseftirlitið?** Nú eru til formlegrar stjórnsýslumeðferðar um eitt hundrað mál og starfsemi Samkeppniseftirlitsins fer vaxandi.

# Meirihlutinn lét til sín taka

**Trúnaðarbrestur milli stjórnarformanns Straums og forstjóra er ástæða uppsagnar Þórðar Más Jóhannessonar. Deilt er um lögmæti óreglulegs stjórnarfundar. Minnihluti stjórnar telur að yfirtökuskylda hafi myndast ef meirihluti eigi fyrir þremur stjórnarmönnum. Björgólfur Thor er tilbúinn að selja hlut sinn fyrir peninga.**


**MEIRIHLUTINN LÉT TIL SKARAR SKRÍÐA** Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, útskýrði sjónarmið meirihluta fyrir brottvikningu Þórðar Más Jóhannessonar úr forstjórastóli. Friðrik Jóhannsson, nýr forstjóri, situr við hlið hans.

Samruni Burðaráss og Straums Fjárfestingabanka í september í fyrra var sameining til sóknar. Sameiningin gekk ekki snurðulaust fyrir sig og blossuðu upp átök innan stjórnar Straums-Burðaráss í mars þegar Magnús Kristinsson var sniðgenginn í kjöri til varaformanns stjórnar. Svo virðist þó vera að samstarfsörðugleikar meðal stjórnarmanna og stjórnenda nái lengra aftur í tímann. Nokkrir einstaklingar sem gegndu yfirmannsstöðum í Burðarási voru látnir fara eftir samrunann og jafnvel hefur heyrst að stjórnarmenn hafi átt í óeðlilegum viðskiptum við félagið eða notið óeðlilegrar fyrirgreiðslu. Þá er ljóst að Björgólfur Thor Björgólfsson og Magnús eiga ekki skap saman.

**Deilt um lögmæti fundar**
Allt sprakk í háloft á miðvikudagskvöldið þegar þrír af fimm stjórnarmönnum í Straumi ákváðu að víkja Þórði Má Jóhannessyni úr starfi forstjóra Straums-Burðaráss á löngum átakafundi og réðu Friðrik Jóhannsson, sem gegndi forstjórastarfi í Burðarási á sínum tíma, í hans stað.

Umræddur fundur var boðaður eftir að til stjórnar barst krafa frá hluthöfum undir forystu Magnúsar um að boðaður yrði hluthafafundur í félaginu til að kjósa nýja stjórn og fá rétta mynd á eignarhlutföll í stjórninni. Telur minnihluti stjórnar að Páll Þór Magnússon, fulltrúi Grettis í stjórn, sé umboðslaus eftir að Landsbankinn og Björgólfsfeðgar náðu meirihluta í Gretti.

Stjórnarmennirnir Kristinn Björnsson og Magnús eru mjög ósáttir með lyktir mála og telja fundinn á miðvikudaginn hafa verið ólöglegan og kynntu sín sjónarmið fyrir Fjármálaeftirlitinu í gær. Álíta þeir að meirihlutinn hafi ekki farið eftir starfsreglum stjórnar þegar hann ákvað að fá Birgi Már Ragnarsson, framkvæmdastjóra Samsonar, eignarhaldsfélags Björgólfsfeðga, á fundinn sem varamann Páls Þórs, sem var staddur erlendis, en ekki Finn Geirsson sem Páll Þór hafði tilnefnt sem sinn varamann á stjórnarfundi þann 26. apríl. Samkvæmt reglum stjórnar er Birgir Már varamaður Björgólfs Thors Björgólfssonar. Kristinn og Magnús telja að Finnur sé réttur og löglegur varamaður Páls Þórs. „Við töldum þetta vera kolólögt athæfi og við létum bóka það í upphafi fundar að allur gjörningur sem fram færi á fundinum væri ólöglegur," segir Magnús Kristinsson.

Meirihlutinn, undir forystu Björgólfs Thors, segir engum vafa undirorpið að fundurinn var haldinn í samræmi við lög, samþykktir og starfsreglur bankans og bendir á að lögfræðingur bankans hafi staðfest um lögmæti fundarins í fundargerð. Páli Þór hafi verið heimilt að tilnefna annan varamann en Finn þar sem sú tilnefning sé ekki bindandi og alfarið á valdi viðkomandi stjórnarmanns.

**Farsæll forstjóri tekur pokann**
Brotthvarf Þórðar Más vekur auðvitað athygli en hann er jafnframt tíundi stærsti hluthafinn í félaginu í gegnum Fjárfestingafélagið Brekku. Þórður Már hefur notið virðingar í viðskiptalífinu og meðal starfsmanna Straums, og trausts helstu hluthafa eins og Kristins, Magnúsar og lífeyrissjóða.

**STJÓRNARMENN Í STRAUMI OG VARAMENN**

| Aðalmaður | Tilnefndur varamaður |
| --- | --- |
| Björgólfur Thor Björgólfsson * | Birgir Már Ragnarsson |
| Eggert Magnússon * | Þórunn Guðmundsdóttir |
| Kristinn Björnsson | Gunnar Sch. Thorsteinsson |
| Magnús Kristinsson | Guðjón Auðunsson |
| Páll Þór Magnússon * | Finnur Geirsson |

* Meirihluti stjórnar

Hvers vegna var þá maðurinn látinn víkja? Svo virðist sem samskiptaörðugleikar forstjóra og stjórnarformanns hafi stigmagnast að undanförnu sem sá síðarnefndi gat ekki búið við. Björgólfur hefur litið svo á að til þess að ná tökum á félaginu hafi orðið að fórna Þórði vegna náinna tengsla við stjórnarmenn í minnihluta. Lagði stjórnarformaður það til að Þórður tæki sér frí fram yfir hluthafafund, sem hefur verið boðaður 19. júlí næst komandi, og kæmi ekki nálægt stjórnun félagsins á meðan. Magnús segir að hann hafi lýst því yfir að hann væri á móti þessari tillögu: „Ef þú vilt ekki hafa mann þá rekurðu hann bara strax." Stjórnarformaður bauð forstjóra að taka sér frí frá störfum sem sá fyrrnefndi afþakkaði. Var þar með tæplega fimm ára starfi Þórðar Más hjá Straumi lokið, hvað sem síðar kann að gerast.

**Vildi taka á óþolandi stöðu**
Björgólfur Thor sagði á blaðamannafundi í gær að átök innan eigendahóps fjárfestingabankans hafi haft neikvæð áhrif á rekstur og ímynd félagsins. Sem stjórnarformaður beri hann ábyrgð gagnvart öllum hluthöfum félagsins og hafi því orðið að taka ábyrgð á þeirri stöðu sem var orðin óþolandi að hans mati. „Atburðarrás gærdagsins [miðvikudagsins] gerði það alveg tært í mínum huga að þetta ástand væri ekki hægt að búa við öllu lengur." Hann segist ekki vera þannig maður að sætta sig við það óvissuástand sem komið var upp innan félagsins og vildi eyða óvissu með því að fá hana út af borðinu. Eins og staðan er í dag hafi núverandi fimm manna stjórn verið kosin þar til annað kemur í ljós. „Meirihlutinn ræður, þetta er bara mjög einfalt mál."

Björgólfur íhugaði vandlega að selja hlut Samsonar í Straumi eftir varaformannsslaginn í mars en það kom í ljós að það var hægara sagt en gert að fá kaupanda. „Ég var alveg tilbúinn til að selja en það var bara enginn sem gat komið og keypt með peningum." Hann vildi peninga en ekki hlutabréf. Björgólfur segir ekki koma til greina að svo stöddu að sameina Straum og Landsbankann eða taka Straum yfir en eignarhald hans og tengdra aðila nemur um 38 prósentum af hlutafé Straums. Magnús og Kristinn telja hins vegar að ef Björgólfur Thor á fyrir þremur stjórnarmönnum í stjórn Straums þá sé komin klár yfirtökuskylda í félaginu, enda dugi núverandi atkvæðamagn Björgólfsfeðga, Grettis og Landsbankans ekki fyrir þremur sætum.

eggert@frettabladid.is

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



nettó í sumarskapi
full búð af tilboðum
þú sparar 630 kr/kg
945 kr/kg
Miðjarðarhafs grísakótilettur
GOÐI
40% afsláttur þú sparar 611 kr/kg
917 kr/kg
Grísaofnsteik
þú sparar 738 kr/kg
GOÐI Gourmet
30% afsláttur við kassa
Gourmet lambalærissneiðar
Verð 1.722 kr/kg
GOÐI Gourmet
þú sparar 584 kr/kg
30% afsláttur við kassa
Gourmet lambaframpartssneiðar
Verð 1.364 kr/kg
fljótlegt & gott með HM
FRESCHETTA PIZZ
298 kr
Freshetta Roma pizzur
frábært á grillið
Górmsætir
399 kr
Grænmetis grillbakki
Ávaxta Stangir
Vanilluís Stangir
199 kr
Emmess ávaxtastangir, regnbogastangir
Capri
129 kr
Capri súkkulaðibitar
frábært HM snakk
Bolthouse FARMS
SINCE 1915
BABY-CUT CARROTS
149 kr
Mini gulrætur
2 fyrir 1
MARZIPAN
89 kr stk
Kuchen Meister marzipankaka
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 23. júní til 25 júní eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó



**landslag**
*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: KAFFIHÚSIÐ GRÆNA KANNAN

# *Kaffihús án allra aukaefna*

Hjarta Sólheima slær í gróðurhúsi einu þar sem kaffihúsið Græna kannan er rekin. Þar eru oft haldnir menningarlegir viðburðir eins og til dæmis leiksýningar leikfélagsins á Sólheimum. Um þessar mundir eru haldnir þar tónleikar vikulega enda stendur nú menningarveisla yfir. Það eru hæg heimatökin hjá Sólheimabúum að fá listamenn til liðs við sig því fjölmargir þeirra hafa tekið ástfóstri við þetta samfélag og íbúa þess. Til dæmis leikstýrði Edda Björgvinsdóttir leikfélaginu um allnokkurt skeið og er hún nú væntanleg á næstunni með sýningu sína Brilliant skilnaður.

En ekki er nóg með að vel sé hugað að sál og geði kaffihússgestanna heldur er einnig séð til þess að þeir láti ekki einhver gerviefni ofan í sig. Þess vegna er allt lífrænt ræktað sem borið er á borð; meira að segja bjórinn og léttvínið.


Heiðrún Birna Rúnarsdóttir, Guðlaug Jónatansdóttir og Nanna Ósk Arnarsdóttir.

Stúlkurnar þrjár sem afgreiddu þegar blaðamann bar að garði voru einnig viðmótsþýðar og skemmtilegar.

Meðal annarra vinnustaða á Sólheimum má svo nefna gisti- og heilsuheimilið Brekkukot en þar eru samtals 33 rúm í tveimur húsum. Verslunin Vala er einnig nokkuð sérstök en þar eru seldar nauðsynjavörur en sérstök áhersla lögð á lífrænt ræktaðar vörur. Ekki má svo gleyma gróðurhúsinu Sunnu en þar eru ræktaðar gulrætur, gúrkur, paprikur, tómatar og sitthvað fleira. Það góss er einnig selt í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu ef menn vilja njóta sæta Sólheimabragðsins sem Ingi Guðmundsson forstöðumaður segir að einkenni afurðirnar.

**STAÐURINN**
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## *Sólheimar í Grímsnesi*

**Íbúafjöldi:** Um 100
**Stofnað:** 1930 af Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur.
**Framkvæmdastjóri:** Guðmundur Ármann Pétursson.
**Helstu vinnustaðir:** Gisti- og heilsuheimilið Brekkukot, Jurtagull, framleiðir hand- og hársápu, Skógræktarstöðin Ölur, Garðyrkjustöðin Sunna, kaffihúsið Græna kannan.
**Sérkenni:** Á Sólheimum var fyrst stunduð lífræn ræktun á Norðurlöndum og Sólheimabúar eru jafnframt fyrstir Íslendinga til að vera teknir inn í alþjóðasamtökin Global Eco-village Network sem eru samtök um sjálfbæra og lífræna ræktun.
**Vegalengd frá Reykjavík:** 84 kílómetrar.

# Heimurinn séður frá Sólheimum

**Það er skúraveður þegar Jón Sigurður Eyjólfsson ekur niður hvilftina að Sólheimum í Grímsnesi. Ekki þarf að dvelja lengi til að skynja að þetta sjálfbæra samfélag sem þar er á engan sinn líka hér á landi og þótt víðar væri leitað.**

Um leið og komið er að kjarna þessarar litlu byggðar rekst blaðamaður á Birgi Thomsen, prest og félagsmálafulltrúa Sólheima, sem fyllist strax af sagnaanda þegar hann er spurður út í sögu þessa sérstaka samfélags.


**BIRGIR THOMSEN** Sagnaandinn hellist yfir prestinn þegar hann er spurður um sögu Sólheima. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Sólheimar voru upphaflega stofnaðir sem barnaheimili árið 1930 af atorkukonunni og uppeldisfræðingnum Sesselju Hreindísi Sigmundsdóttur,“ segir guðsmaðurinn. „Hún var fyrir margar sakir merkileg kona. Til dæmis var hún fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra en hún stundaði nám í átta ár í Danmörku, Þýskalandi og Sviss. En hún lærði sitthvað fleira eins og uppeldisfræði, barnahjúkrun, rekstur barnaheimila og einnig garðyrkju, blómarækt og meðferð alifugla. Á námsárunum kynntist hún kenningum mannspekingsins Rudolfs Steiner og það átti eftir að hafa mikil áhrif á hana. Í anda kenninga hans stofnaði hún Sólheima hér á þessari jörð sem heitir Hverakot. Kenningarnar byggjast á því að menn hagi lífi sínu með þeim hætti að velferð manns og náttúru sé sem mest. Þess vegna leggjum við mikið upp úr lífrænni ræktun, sjálfbærri ræktun, endurvinnslu og kristilegum gildum. En Sesselja byrjar sem sagt hér með nokkur börn í tjöldum en bróðir hennar leiddi hita í þau úr hvernum. En strax ári eftir að Sólheimar eru stofnaðir óskaði Knud Zimsen borgarstjóri eftir því að hún tæki einnig að sér fötluð börn og undan því var ekki skorast.“

### Í ónáð hjá barnaverndaryfirvöldum

En líkt og flestir frumkvöðlar fékk Sesselja að kenna á íhaldssömum mönnum sem voru ekki par hrifnir af þeirri þróun sem var að eiga sér stað á jörðinni í Hverakoti. „Fulltrúarnir í barnaverndarnefnd höfðu allt á hornum sér því hún gaf börnunum alltof mikið grænmeti en það þótti ekki góð latína í þá daga. Það þótti nánast aðeins skepnufóður. Þeir komu oft til að vigta börnin og ganga úr skugga um að þau þrifust á þessu fæði,“ segir Birgir.

Einnig þótti mörgum ráðamönnum ótækt að fatlaðir væru innan um ófatlaða og var jafnvel sú krafa gerð að komið yrði upp grindverki til að aðgreina þessa tvo hópa. En slíkt er í hrópandi andstöðu við hugmyndafræðina sem ríkir á Sólheimum. „Fyrst þegar maður kemur hingað veit maður varla hver er vistmaður og hver er starfsmaður,“ segir Óskar Jón Helgason sem er nýkominn til starfa á Sólheimum sem verkefnisstjóri. „Svo kemst maður að því að það skiptir hreint engu máli hver er hvað.“


**Í TRÉSMIÐJUNNI** Jolanda María Þorsteinsson er fremst að mála skraut en þar fyrir aftan eru þeir Einar Baldursson sem var að gera bakhluta jarðhörpu og aftasturner Haukur Þorsteinsson að teygja sig í gítar sem smíðaður er í smiðjunni; tilbúinn að taka lagið. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

### Tendruð ást í kertagerðinni

Nú stendur yfir svokölluð menningarveisla þar sem fjölmargir listamenn leggja Sólheimabúum lið en einnig er nóg um skapandi fólk í þeirra eigin röðum. Í Ólasmiðju, trésmiðjunni, eru hljóðfæri búin til undir handleiðslu Lárusar Sigurðssonar. Haukur Þorsteinsson sem þar vinnur grípur svo í gítarinn sem þar var smíðaður og leikur af fingrum fram. Jolanda María Þorsteinsson var hins vegar að mála skraut þegar blaðamann bar að garði og Einar Baldursson var að hola fyrir búk á svokallaðri jarðhörpu sem þar er framleidd.


**REYNIR PÉTUR INGVASON** Hugsjóna- og vísindamaðurinn Reynir Pétur á það til að slá um sig með skemmtilegum orðaleikjum meðan hann gerir grein fyrir máli sínu. Þá er jafnan glatt á hjalla. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Við hliðina á trésmiðjunni er svo kertagerð. Afurðirnar eru seldar í versluninni Völu en þar ræður ríkjum Sveinbjörn Kristjánsson og eru áhyggjur hans af nokkuð öðrum toga en almennt gerist með verslunarmenn. „Hér er vandað til allrar framleiðslu og þá á kostnað afkastanna,“ segir hann. „Það vill stundum brenna við að vörurnar sem við erum hvað stoltastir af eru keyptar upp og jafnvel að tveir séu um síðasta gripinn hjá okkur. Þannig að ég er stundum í þeirri undarlegu stöðu að reyna að fá viðskiptavininn til að kaupa ekki hinn eða þennan gripinn.“

Í kertagerðinni vinna Árni Alexandersson og Dísa Ragna Sigurðardóttir en þau eru kærustupar og ástin skín af þeim svo það er engu líkara en kveikt sé á öllum kertum þar inni. Árni er oft kallaður legómeistarinn enda á hann ógrynni stórra legóbíla sem hann hefur sett saman sjálfur. „Konan fer til Kanaríeyja í ágúst og þá ætla ég að fá mér annan bíl og setja hann saman,“ segir hann. Dísa segir að Árni sé rómantískur og góður en svolítill prakkari sem erfitt getur verið að eiga við. „Ég fer með hana á Grænu könnuna, sem er kaffihúsið hérna, og þá fæ ég mér bjór,“ segir Árni en fær þá skammir í hattinn frá konunni.

Saga Ólasmiðju er nokkuð sérstök en hún hófst með því að Óli M. Ísaksson var að fá sér kaffi á Sólheimum fyrir um fimmtán árum og vildi svo fá að greiða fyrir það en þá var ókeypis kaffi í boði. Hann tók hins vegar ekki annað í mál en að fá að greiða fyrir kaffið og rétti fram milljón króna ávísun sem síðan varð stofnfé smiðjunar. Síðan hefur Óli oft komið og fengið sér kaffi á Sólheimum og borgað vel fyrir sopann.





... og fríið verður frábært með Camp-let

Kynntu þér **stóru, sterku og fallegu tjaldvagnana frá Camp-let**, uppáhalds ferðafélaga Íslendinga um áratuga skeið!


Savanne er nýr og spennandi kostur frá Camp-let

GÍSLI JÓNSSON

Umboðsmaður á Akureyri: Bílasalinn.is // Hjalteyrargötu 2
Kletthálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

# Verð aðeins 999 kr



true

## Bolur
margir litir
st. S-XL
100% bómull
**999 kr**
Verð áður 3.499,-



true

## Bolur
margir litir
st. S-XL
100% bómull
**999 kr**
Verð áður 2.999,-



true

## Peysa
hvít, svört, blá
st. S-XL
100% akrýl
**999 kr**
Verð áður 3.999,-



true

## Bolur
grænn, blár, drapp
st. S-XL
95% bómull,
5% teygja
**999 kr**
Verð áður 2.999,-



Dream Team

## Sandalar
margir litir
st. 36-41
**999 kr**



true

## Espadrillur
margir litir
st. 36-41
TILBOÐ **999 kr**
Verð áður 2.999,-



true

## Mokkasínur
svartar, hvítar, brons
st. 36-41
TILBOÐ **999 kr**
Verð áður 1.999,-



true

## Espadrillur
margir litir
st. 36-41
TILBOÐ **999 kr**
Verð áður 2.999,-

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

ODDI VOB1640

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.585 **+0,37%** **Fjöldi viðskipta:** 338 **Velta:** 5.859 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Mosaic Fashons** +2,61%
**Glitnir banki** +1,14%
**Kaupþing banki** +1,07%

MESTA LÆKKUN

**Atlantic Petroleum** -2,26%
**FL Group** -1,67%
**Bakkavör** -1,11%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Hlutabréf í úrvalsvísitölu: Actavis 62,70 -0,63% ... Alfesca 3,55 +0,00%... Atorka 5,95 +0,85% ... Bakkavör 44,70 -1,11% ... Dagsbrún 5,73 +0,00% ... FL Group 17,70 -1,67% ... Flaga 3,94 +0,00% ... Glitnir 17,80 +1,14% ... Kaupþing banki 753,00 +1,07% ... Landsbankinn 21,10 +0,00% ... Marel 70,10 +1,01% ... Mosaic Fashions 15,70 +2,61% ... Straumur-Burðarás 19,10 +0,00% ... Össur 108,00 -0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Andstæðingur kyrrstöðu deyr

David Walton, eini meðlimur peningamálanefndar Englandsbanka sem í tvígang hefur stutt hækkun stýrivaxta í Bretlandi, lést í gærkvöldi eftir skammvinn veikindi. Greint var frá því í gær að ákveðið hefði verið að halda stýrivöxtum óbreyttum í Bretlandi í júní. Walton var 43 ára. Hann var hagfræðingur að mennt og starfaði m.a. hjá fjármálaráðuneyti Bretlands og fjárfestingabankanum Goldman Sachs. Hann hóf nefndarsetu í Englandsbanka fyrir tæpu ári en þangað kom hann 1. júlí í fyrra. Með andláti Waltons eru nefndarmenn Englandsbanka einungis sjö talsins, en annar sagði sig nýverið úr nefndinni.



### Spákaupmenn í Straumi

Spákaupmenn hafa stokkið á Straums-vagninn vegna þeirra átaka sem hafa verið í gangi innan stjórnar Straums. Meðal fjárfesta sem hafa verið að bæta við hlut sinn á undanförnum dögum eru FL Group og Samherji og er ljóst að þessir aðilar hafa ávaxtað pundið sitt vel, enda hafa bréf Straums rokið upp úr öllu valdi. FL Group er nú komið í tólfta sæti yfir stærstu hluthafa í Straumi og jók hlut sinn á miðvikudaginn um 0,23 prósent frá deginum áður eða um 450 milljónir króna að markaðsvirði. Landsbankinn, sem er að stórum hluta í eigu Björgólfsfeðga, var einnig á kauphliðinni og jók hlut sinn milli daga um 0,33 prósent eða um 650 milljónir króna.

## MARKAÐSPUNKTAR

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 18,5 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er 1,8 milljörðum krónum minna en á sama tíma í fyrra og samdráttur upp á 9 prósent.

Tilkynnt var um krónubréfaútgáfu European Investment Bank (EIB) í fyrradag. Útgáfan nemur 2,5 milljörðum króna til þriggja ára. Greiningardeild Glitnis banka segir heildarútgáfu krónubréfa í kringum 234 milljarða króna sem sé mun meira en nokkur átti von á þegar útgáfan hófst.

Þýski fjármála- og tryggingarisinn Allianz hefur ákveðið að segja upp 7.500 manns um allan heim. Fyrirtækið tapaði störfé í fyrra, m.a. vegna fellibyljanna í Bandaríkjunum.

# Telur að hluthafar leysi ágreining sinn

Friðrik Jóhannsson, nýr forstjóri Straums-Burðaráss, kemur ekki reynslulaus, enda fyrrverandi forstjóri Burðaráss. Hann bendir þó á að ákveðnar breytingar hafi orðið á félaginu eftir að hann yfirgaf sameinað félag og fyrstu verkefni hans verði að ræða við starfsfólk og setja sig inn í reksturinn.

„Það er öllum ljóst að deilur hafa verið í félaginu og það er eitthvað sem hluthafar setja niður á næstu dögum og vikum,“ segir hann spurður um hvort erfitt sé að taka við starfinu við þessar aðstæður.

Hann segir að markmið félagsins sé að verða leiðandi fjárfestingabanki á Norðurlöndum og býst við einhverjum áherslubreytingum í fjárfestingum. „Þetta er gríðarlega sterkt og vaxandi fyrirtæki með öflugan mannskap. Þegar horft er á styrkleika þessa fyrirtækis, sem er með þriðjungs eiginfjárhlutfall, þá gefur það mikil sóknarfæri bæði heima fyrir og erlendis.“



**FRIÐRIK JÓHANNSSON** Fyrrverandi forstjóri Burðaráss tekur við Straumi-Burðarási.

Friðrik ætlar að halda áfram starfi stjórnarformanns upplýsingatæknifélagsins TM Software en hann á helming hlutafjár í félaginu. Hann telur sig geta sameinað þessi störf: „Ég hef ekki komið að daglegum rekstri TM Software frá því ég fjárfesti í því og þannig verður það áfram.“ - eþa / Sjá einnig síðu 20

# Ríkisaðstoð í skoðun

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur ákveðið að hefja formlega athugun á þeirri ríkisaðstoð sem Íbúðalánasjóði er veitt. Ákvörðunin er viðbragð við dómi EFTA-dómstólsins frá aprílbyrjun þar sem niðurstaða ESA frá 2004, þess efnis að ríkisaðstoðin væri þjónusta í almannaþágu og því í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins, var dæmd ógild.

Í dóminum kemur fram að vafi leiki um tiltekin atriði og að niðurstöður ESA um þau hafi ekki verið nægilega rökstudd af hálfu eftirlitsstofnunarinnar. Líklegt þykir að athugun ESA taki um eitt ár.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og



**GUÐJÓN RÚNARSSON**

verðbéfafyrirtækja (SBV), segir niðurstöðuna í takt við það sem SBV bjóst við. Hafi ESA komist að sambærilegri niðurstöðu vegna lánastarfsemi sjóðs á vegum norska ríkisins fyrir um sex árum. Honum hafi verið sniðinn þrengri stakkur og láni hann nú einungis til nýbygginga auk þess sem þak var sett á lánveitingarnar. Markaðshlutdeild norska lánasjóðsins minnkaði vegna þessa og er hún nú um 10 prósent í Noregi.

Markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs var 90 prósent þegar athugun EFTA hófst. Upplýsingar liggja ekki fyrir um hlutdeild hans í dag en Guðjón segir hana langtum meiri en í nágrannalöndunum. - jab

# Tískukeðjur í eina sæng

Mosaic Fashions, breska tískukeðjan sem skráð er í Kauphöll Íslands og er að stórum hluta í eigu Baugs, hyggst kaupa tískufyrirtækið Rubicon. Kaupverð er rúmir 48,6 milljarðar króna. Kaupin eru háð áreiðanleikakönnun og samþykki hluthafa.

Rubicon rekur meðal annars skófyrirtækið Shoe Studio, sem hefur mörg þekkt vörumerki á sínum snærum, auk kvenfatamerkjanna Warehouse og Principles. Tekjur félagsins námu rúmum 56 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári.

Baugur, KB banki og fleiri íslenskir fjárfestar eiga fyrir smærri hluti í Rubicon og samkvæmt heimildum voru uppi áætlanir um að skrá Shoe Studio í Kauphöll Íslands. Greinilegt er að fýsilegra hefur þótt að sameina Rubicon og Mosaic Fashions.



**FRÁ TÍSKUSÝNINGU MOSAIC FASHION**

Fram kemur í tilkynningu að við sameininguna verði til ein stærsta tískuverslanakeðja á Bretlandseyjum, með ársveltu upp á 112,8 milljarða króna og 1700 verslanir í tuttugu og sjö löndum. -jsk

# Útlit fyrir tíu prósenta lækkun fasteignaverðs

**Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman meðan metframboð er af nýbyggingum. Allt útlit er fyrir einhverjar verðlækkanir húsnæðis í höfðuðborginni, helst í úthverfum. Sumarið kann að spila inn í rólegri tíð í fasteignasölu.**

„Við getum búist við fimm til tíu prósenta raunlækkun á fasteignamarkaði á næstu misserum“, segir Snorri Jakobsson, hagfræðingur greiningardeildar KB banka, og bætir við „Veltan er minni en áður og framboð nýbygginga mikið auk þess sem fjármagnskostnaður hefur hækkað. Þetta dregur þig í raun að þeirri niðurstöðu að verðlækkanir séu í spilunum.“

Velta á fasteignamarkaði hefur dregist saman um nærri þriðjung síðan í vor. Að meðaltali hefur tuttugu og fimm til þrjátíu samningum verið þinglýst á dag það sem af er júní, en í mars og apríl var um fjörutíu samningum þinglýst að meðaltali.

Þá hafa vaxtahækkanir orðið til þess að fjármagnskostnaður við húsnæðiskaup hefur hækkað um tíu prósent síðastliðna tólf mánuði. Loks er útlit fyrir metframboð á húsnæði í ár eða um fjögur þúsund nýjum íbúðum.

Snorri telur að íbúar í úthverfum verði meira varir við verðlækkanir en miðborgarbúar. Það sé þekkt erlendis að sveiflur séu meiri í útjaðri borga en í miðborgum „Það er mun meira framboð á íbúðum í úthverfunum. Í miðbænum er minna framboð en eftirspurnin er líka jafnari. Þá eru ýmsir aðrir þættir, til að mynda hækkandi bensínverð sem gera það enn fýsilegra en ella að búa miðsvæðis í námunda við þjónustu.“



**101 SKUGGAHVERFI** Sérfræðingar telja að verðlækkana á fasteignum verði ekki vart í miðborginni. Aldrei hefur meira framboð verð af nýbyggingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bárður Hreinn Tryggvason, annar eigenda fasteignasölunnar Valhallar, segist ekki eiga von á verðlækkunum þótt hugsanlegt sé að leiðrétting verði á þeim eignum sem hafa verið of hátt metnar.

Vissulega hafi hægst aðeins á en það eigi sér eðlilegar skýringar. „Sveitarstjórnarkosningar eru nýafstaðnar, heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu stendur yfir og fólk er í sumarfríi auk þess sem lánskjör bankanna eru óhagstæðari en áður. Þetta hefur allt áhrif en ég held að markaðurinn fari aftur á fulla ferð í haust.“

jsk@frettabladid.is

# NWF Group hækkar

Atorka hefur aukið lítillega hlut sinn í NWF Group og fer nú með 17,2 prósent hlutafjár í breska iðnaðarfyrirtækinu. Gengi NWF Group hefur hækkað um þriðjung frá áramótum, þar af um fimmtung í júní.

Verðmæti hlutabréfa Atorku í NWF Group nema um 1,7 milljörðum króna. - eþa

# Opnað fyrir iSEC

Viðskipti á hinum nýja iSEC markaði Kauphallar Íslands hefjast formlega þann þriðja júlí næstkomandi. Þá verða hlutabréf í Hampiðjunni skráð á markaðinn en félagið var nýverið afskráð af aðallista Kauphallarinnar.

iSEC-markaðurinn er svokallað markaðstorg fjármálagerninga, þar sem skilyrði til skráningar eru ekki jafn ströng og á aðallistanum. Markaðurinn er einkum ætlaður sprotafyrirtækjum og er fyrirmyndin sótt til AIM-markaðarins í Lundúnum.

Fastlega má búast við því að íslensk-bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect fylgi í kjölfar Hampiðjunnar en lokað útboð stendur nú yfir í félaginu og var nýlega framlengt til 30. júní. -jsk



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Opnað verður fyrir viðskipti með bréf í Hampiðjunni á iSEC markaðnum þann þriðja júlí.




**MERKI GLITNIS** Glitnir banki hefur tekið 18,9 milljarða króna sambankalán.

# Glitnir endurfjármagnar lán

Glitnir banki hefur tekið 200 milljóna evru áðrátarlán, jafnvirði 18,9 milljarða íslenskra króna, til fimm ára hjá ellefu alþjóðlegum viðskiptabönkum. Lánskjör eru 18 punktum yfir millibankavöxtum (EURIBOR) verði lánið ekki nýtt en 36 punktar verði það nýtt. Lánið verður nýtt til endurfjármögnunar á 160 milljarða evru áðráttarláni sem tekið var árið 2003.

Ingvar Ragnarsson, forstöðumaður alþjóðlegrar fjármögnunar hjá Glitni, segir lánskjör aðeins hærri en á síðasta ári og endurspeglar það erfiðari markaðsaðstæður bankanna. Hins vegar séu kjörin mun betri en lán á skuldabréfamarkaði í dag. - jab

BBQ MASTER

# vönduð grill



Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella).
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Hliðarbrennari út steyptu brassi.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm.
Efri grind: 68 x 14 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir.
Riotisserie grillteinn. Elektrónísk kveikja
Útdraganlegt hliðarborð. Skápur með hurðum.
Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

**BBQ Master 2301**

Verð aðeins 49.990kr

4.999kr vaxtalaust í 10 mánuði*

Verð áður 69.990,-

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið



Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver.
Heildargeta: 9kwh/30.000BTU.
Eldtemjari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Eldunargrindur úr massífu pottjárni.
Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm.
Efri grind: 55 x 13 cm.
Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir. Riotisserie grillteinn.
Elektrónísk kveikja. Útdraganleg hliðarborð.
Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm.
Læsanleg hjól. Yfirbreiðsla fylgir.

**BBQ Master 2300**

Verð aðeins 39.990kr

3.999kr vaxtalaust í 10 mánuði*

*stimpil- og seðilgjald ekki innifalið

ODDI VOB1640



**Grill**

Grillflötur: 48 x 30 cm.
Grind: Krómuð.
Kveikja: Neistakveikja.
Brennari: Breiður I-brennari.
Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu.
Hliðarborð úr viði.
Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ 7.999kr

Verð áður 19.999,-

STERLING



11.4kWh/38,000BTU
Dual H-brennari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Postulín-húðaðar járngrindur.
Grillflötur: 56 x 38 cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum.

**Sterling 1714**

Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum og hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ 22.999kr

Verð áður 26.999,-

STERLING



13.2kWh/50,000BTU
Dual H-brennari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Tveggja hæða postulínhúðaðar járngrindur.
Grillflötur: 63 x 36 cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum.

**Sterling 2555**

Flave-R-Cast eldunarkerfi, niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum. Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ 29.999kr

Verð áður 44.900,-

Broil King



15.2kWh/52,000BTU
Super 8-brennari úr ryðfríu stáli.
Grindur: Þriggja hæða, stillanlegar, postulín-húðaðar járngrindur.
Grillflötur: 64 x 43 cm.
Elektrónísk kveikja.
Niðurfellanleg hliðarborð með áhalda- krókum.

**Broil King Regal 20XL**

Flave-R-Wave grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifinguna í grillinu. Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum. Hitamælir og hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu.

TILBOÐ 54.999kr

Verð áður 69.990,-

grandhall® living style



Brennarar: 5 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 22kWh/75.000btu (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 80 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 80 x 32 cm.
Elektrónísk kveikja.
Yfirbreiðsla fylgir.

**Grandhall Professional**

Grillgrindur úr massífu ryðfríu stáli, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ 109.900kr

Verð áður 144.000,-

grandhall® living style



Brennarar: 4 brennarar úr ryðfríu stáli + hliðarbrennari.
Heildargeta: 18,5kWh/60.000BTU (4,5kWh/15.000btu hliðarhella).
Grillflötur: 64 x 48 cm, hitaplata úr pottjárni 64 x 9 cm
Elektrónísk kveikja.

**Grandhall Premium**

Postulínhúðaðar grillgrindur, hitamælir, áhaldakrókar, eldtemjari úr ryðfríu stáli (hindrar að fita og olíur komist að brennurum).

TILBOÐ 69.900kr

Verð áður 96.000,-

# 20-50% afsláttur
## verð sem þú finnur ekki annarsstaðar



**Newbury folding sett, 2 stólar m/örmum, 4 samfellanlegir stólar og borð.**
Stóll m/armi **4.999,-** stóll án arma **3.999,-**
Borð **14.999,-**



þú sparar 20.000-

TILBOÐ **24.900kr**
Verð áður 44.900,-

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði

**Verandarhitari 2650**
Geta: 13kw (45.000BTU)
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hitasvæði: allt að 18 m²
Búkur úr ryðfríu stáli
Hæð: 228 cm

TILBOÐ **19.999kr**
Verð áður 29.999,-



TILBOÐ **15.990kr**
Verð áður 19.999,-

**Octagonal, fjórir samfellanlegir stólar og borð.**

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði



TILBOÐ **6.499kr**
Verð áður 12.999,-

**Square sett, tveir samfellanlegir stólar og borð**

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði



þú sparar 30.000-

TILBOÐ **58.990kr**
Verð áður 88.990,-

**Galway sett**, stækkanlegt borð og 6 stillanlegir stólar með pullum
Stillanlegur stóll **8.999,-**
Borð **34.999,-**

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 12 mánuði



þú sparar 21.000-

TILBOÐ **39.990kr**
Verð áður 60.995,-

**Butterfly stillanlegir stólar og borð**
Stillanlegur stóll m/pullu **8.999,-**
Borð **24.999,-**

Fáanlegt á vaxtalausum greiðslum í allt að 10 mánuði

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Skoðanakönnun sýnir þörf á rökræðu:

## Á að segja varnarsamningnum upp?

Einn af þingmönnum Samfylkingarinnar beitti sér nýverið fyrir því að gerð var skoðanakönnun um afstöðu þjóðarinnar til uppsagnar varnarsamningsins. Niðurstöðurnar gefa að sönnu tilefni til ítarlegra umræðna um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Samkvæmt könnuninni sýnist meirihluti þjóðarinnar vera heldur á þeirri skoðun að segja eigi varnarsamningnum upp. Sú niðurstaða rímar vel við þá afstöðu sem ríkisstjórnin hafði til málsins þar til fyrir skömmu.

Þetta vekur einfaldlega upp þá spurningu hvort skynsamleg rök standi til þess að mæla með því að ríkisstjórnin framfylgi fyrri yfirlýsingum. Á þessu stigi verður ekki á það fallist.

Í því sambandi er vert að hafa í huga að krafan um að fjórar vopnlausar herþotur hefðu hér viðveru að staðaldri var aldrei studd gildum rökum. Hún verður helst skýrð með því að ríkisstjórnin hafi stuðst við ófullnægjandi sérfræðiþekkingu og lélega ráðgjöf á þessu sviði.

Hótunin um uppsögn varnarsamningsins ef ekki yrði orðið við þessari kröfu gat með hliðsjón af þessu aldrei orðið trúverðug. Með nokkrum rökum má segja að hún hafi beinlínis verið óskynsamleg og alltént ekki til framdráttar.

Símhringingin um brottför varnarliðsins var hins vegar tilefni réttilegrar gremju. Hún lýsir þeim hroka sem einkennir um of núverandi ríkisstjórn Bandaríkjanna. En við mat á þessari vægast sagt sérkennilegu framkomu er samt vert að hafa í huga að íslenska viðræðunefndin hafði áður gengið frá samningaborðinu í Washington án gildra ástæðna.

Eins og sakir standa virðist einsýnt að vörnum landsins sé í höfuðatriðum best fyrir komið með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og með samkomulagi við Bandaríkin um fullnægjandi viðbragðsáætlanir á grundvelli varnarsamningsins.

Rétt sýnist vera að ríkisstjórnin vinni að lausn málsins á þessum grundvelli. Hér er ekki um neitt augnabliks mál að ræða. Það eru þvert á móti mikilvægir langtíma hagsmunir í húfi. Uppsögn varnarsamningsins nú yrði í því ljósi ekki á skynsamlegum rökum reist.

Núverandi ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur um margt veikt álit þeirra alþjóðlega. Slíkar aðstæður geta réttilega haft skammtíma áhrif á samskiptin í einstökum tilvikum.

En hvað sem því líður eru þær ekki við svo búið gild ástæða til þess að víkja frá mikilvægum langtíma markmiðum um samstarf varðandi varnir landsins. Í þeim efnum er óhjákvæmilegt að hugsa til lengri tíma.

Í þessu viðfangi er einnig vert að hafa í huga að ekki er tilefni til þess að hverfa frá þeim grundvallarþætti í stefnu okkar í öryggis- og varnarmálum að standa með þeim þjóðum í Evrópu sem lagt hafa áherslu á tengslin við Bandaríkin.

Hitt er annað að sú staða getur vitaskuld komið upp að varnarsamningurinn megi teljast gagnslaus. En að öllum skynsamlegum rökum virtum er sú staða ekki fyrir hendi eins og sakir standa.

Skoðanakönnun þingmanns Samfylkingarinnar gefur gott tilefni til málefnalegrar umræðu og röksemdafærslu um þetta mikilvæga viðfangsefni. Ástæða er til að meta framtakið að verðleikum frá þeim sjónarhóli.

Niðurstaða könnunarinnar sýnir svo ekki verður um villst að rökræðu er þörf.

Tilboð
-2 kr.
Ný bensínstöð Öskjuhlíð
neðan við Keiluhöllina
- Mundu Dælulykilinn -
ATLANTSOLIA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Opinberar íbúðir

Samþykkt var í borgarráði í gær að setja á laggirnar starfshóp um búsetuúrræði fyrir eldri borgara. Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, bendir á að eitt af forgangsverkefnum hópsins sé að kaupa og jafnvel byggja íbúðir. „Engin rök voru færð fyrir því að borgin eigi erindi í samkeppni við fyrirtæki í byggingariðnaði og sjálfseignarstofnanir sem starfa í þágu eldri borgara. Svo best sé vitað eru margir áratugir síðan opinberir aðilar hafa staðið í íbúðabyggingum til sölu, hvort heldur á almennum markaði eða til einstakra hópa,“ bendir Dagur á. Lítur út fyrir að sjálfstæðismenn í borgarstjórn ætli að tileinka sér lausnir sem jafnvel vinstrimenn hafa ekki leyft sér hingað til.



### Þorgerður í fyrsta sæti

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra verður staðgengill Geirs H. Haarde forsætisráðherra. Það hefur löngum verið hefð innan Sjálfstæðisflokksins að varaformaður leysi formann af. Davíð Oddsson gerði undantekningu því Halldór Ásgrímsson, þá formaður Framsóknarflokkinn, leysti hann af sem forsætisráðherra. Þorgerður Katrín var í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins, eftir uppstillingu, fyrir síðustu kosningar. Nú ætlar hún sér fyrsta sætið þar sem Árni M. Mathiesen hefur trónað. Bendir allt til þess að Árni fari í staðinn í Suðurkjördæmið þar sem öflugan forystumann vantar.



### Að gera lax úr urriða

Líklega hefur margur laxveiðimaðurinn dregið andann djúpt þegar hann las forsíðu Fréttablaðsins á miðvikudaginn. Þar sást borgarstjóri með nýveiddan fisk og sagt að hann hefði veitt fjögurra punda hrygnu. Það var engin lygi en myndin var hins vegar af Vilhjálmi með urriða, sem hann landaði fyrr um morguninn. Í gær fékk borgarstjóri svo hól á öftustu opnu Fréttablaðsins fyrir að landa fjögurra punda hrygnu. Aftur birtist mynd af honum með urriðann. Virðist vera sama hversu oft sú mynd birtist; seint verður urriði að laxi.

bjorgvin@frettabladid.is

## Umhverfisbætur eða umhverfisvernd?

Í DAG
UMHVERFISMÁL



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Umhverfisvernd er kjörorð dagsins. En gengur umhverfisvernd ekki of skammt? Þarf ekki miklu frekar markvissar umhverfisbætur? Á hverjum degi breytist umhverfið, dýra- og plöntutegundir deyja út í frumskógum við Amasón-fljót, um leið og aðrar tegundir verða til þar og annars staðar í tortímandi sköpun náttúrunnar. Við getum ekki stöðvað umhverfisbreytingar í einu vetfangi eins og mynd er fryst á sjónvarpsskjá. Raunar voru fyrstu umhverfisbreytingarnar, sem Íslendingar gerðu að fornu, þegar Öxará var leidd úr upphaflegum farvegi, svo að þingheimur hefði greiðari aðgang að vatni.

Annað skemmtilegt íslenskt dæmi er til. Eitt sinn hittust Steingrímur J. Sigfússon og Pétur Blöndal í sjónvarpssal til að tala um umhverfismál. Þá slapp út úr Steingrími, að Reykvíkingar mættu eiga það, að þeir hefðu verndað umhverfi sitt vel. Til dæmis væri Elliðavatn enn nær ósnortið. Pétur var ekki seinn að benda á, að Elliðavatn er að miklu leyti uppistöðulón, sem myndaðist við virkjun Elliðaánna. En fallegt er í kringum Elliðavatn. Þetta eru umhverfisbætur, ekki umhverfisvernd. Vötn prýða landið, líka uppistöðulón.

Hvernig verndum við umhverfið best og bætum? Ekki með opinberu eftirliti og afskiptum. Það sýnir fordæmi sósíalistaríkjanna fyrrverandi. Þar voru unnin herfileg umhverfisspjöll. Ástæðan var sú, sem Aristóteles benti á fyrir meira en tvö þúsund árum. Það, sem allir eiga (í orði kveðnu), hirðir enginn um. Tökum mengun til dæmis. Eitthvað er mengað, vegna þess að enginn gætir þess. Mér dettur ekki í hug að hella úr sorptunnu minni út í garð nágrannans, því að ég veit, að hann myndi bregðast ókvæða við. Hann á garð sinn. Verksmiðja veitir hins vegar úrgangi út í stöðuvatn, af því að enginn á stöðuvatnið, gætir þess og ver það.

*Eignarrétturinn gerir gæfumuninn. Þar sem gæði náttúrunnar eru í einkaeign, er þeim að jafnaði ekki spillt né sóað. Þeir, sem fara illa með eigur sínar á frjálsum markaði, missa þær einmitt von bráðar.*

Eignarrétturinn gerir gæfumuninn. Þar sem gæði náttúrunnar eru í einkaeign, er þeim að jafnaði ekki spillt né sóað. Þeir, sem fara illa með eigur sínar á frjálsum markaði, missa þær einmitt von bráðar. Hver er til dæmis skýringin á því, að sauðir á Íslandi eru ekki í útrýmingarhættu, en nashyrningar í Afríku? Sauðirnir íslensku eru í eigu bænda, sem merkja sér þá og geyma innan girðinga. Með því að bændurnir eignist sauðina, eignast sauðirnir hirði. Nashyrningarnir í Afríku eru verðmætir vegna eftirsótts dufts, sem unnið er úr hornum þeirra. En enginn á þá, svo að enginn gætir þeirra, merkir sér þá, geymir þá innan girðinga. Þeir hafa ekki eignast hirði.

Nytjadýr eru ekki aðeins til á þurru landi. Þorskstofninn íslenski var í hættu, vegna þess að enginn átti þorskana, svo að öllum var sama um þá. Þetta breyttist á Íslandsmiðum með kvótakerfinu. Þá eignuðust þorskarnir hirði. Eigendur kvótanna sjá sér hag í því að haga veiðum gætilega og ganga ekki um of á stofninn, því að þeir myndu sjálfir tapa mestu á því. Íslenskir útvegsmenn eru miklu ábyrgari en starfsbræður þeirra erlendis. Þetta veitir vísbendingu um heppilegustu lausn hvalveiðideilunnar. Hvalir voru í útrýmingarhættu á sínum tíma, vegna þess að enginn átti þá. (Þetta hefur breyst vegna hvalveiðibannsins, svo að nú eru þeir of margir og raska jafnvægi í lífríki sjávar.) Eðlilegast er að skilgreina eignarrétt á hvölum. Þá fá hvalveiðimenn afnota- eða veiðirétt, en af því að þeir eiga hver sinn stofn eða hluta úr honum, munu þeir haga veiðunum gætilega. Þeir, sem vilja heldur horfa á hvali en veiða þá, geta þá líka keypt slíkan afnotarétt af handhöfum hans.

Nýting náttúruauðlinda verður þá og því aðeins skynsamleg, að einhverjir beri ábyrgð á slíkum auðlindum, og þeir gera það ekki, nema þeir eigi þær, njóti skynsamlegra ákvarðana um nýtinguna og gjaldi óskynsamlegra. Eignarrétturinn tryggir ekki aðeins umhverfisvernd, heldur líka umhverfisbætur. Besta dæmið um það er auðvitað land að fornu. Það var ekki fyrr en menn tóku að helga sér landskika, hver og einn, sem ræktun gat hafist, umhverfisbætur.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## FRÁ GRUNNI AÐ GIRNILEGUM MAT

Óvenjuleg bók um íslenskt hráefni og matargerð kemur út í dag. Hún heitir Delicious Iceland og ritstjóri er Völundur Snær Völundarson.

MATUR 2



## EKKI MIKIÐ FYRIR LÍFSGÆÐAKAPPHLAUP

Listamaðurinn Snorri Ásmundsson segist ekki oft gera slæm kaup.

TILBOÐ 6



## ALLT HITT

**[MATUR TILBOÐ]**

**Harðfiskur** hefur verið vinsæll meðal landsmanna frá ómunatíð og þykir meinhollur en nú á að kanna til hlítar hvaða efni það eru sem gera hann eftirsóknarverðan fyrir heilsuna. Verkefnið Harðfiskur sem heilsufæði fékk nýlega eina milljón króna í styrk úr AVS rannsóknasjóði. Sjóðurinn veitir styrki til rannsóknarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs.



**Vínblaðið** kom út í byrjun júní. Í blaðinu má finna grilluppskriftir, hugmyndir að sumarkokkteilum og annan skemmtilegan fróðleik fyrir sumarið. Hægt er að nálgast eintak í vínbúðum um allt land.

**Tax** free dagar verða haldnir í Hagkaupum fram á sunnudag. Þessa daga verður virðisaukaskatturinn afnuminn af öllum snyrtivörumerkjum. Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5 prósent sem jafngildir 19,68 prósenta afslætti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 23. júní, 174. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.55 | 13.30 | 24.04 |
| Akureyri | 1.26 | 13.15 | 1.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigrún Edda leikkona gerir gjarnan sumarréttinn gýros á föstudagskvöldum þegar hana langar að hafa svolítið kósí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Grískt sumarsalat með kjúklingi

***Sigrún Edda Björnsdóttir leikkona reynir að hafa heitan mat á hverju kvöldi enda er það fasti punkturinn í heimilishaldinu.***

„Ég er náttúrulega oft að leika á kvöldin en þá hef ég matinn bara aðeins fyrr. Maður verður nú að sjá til þess að börnin fái almennilegt að borða svo þau lifi ekki á sjoppufæði,“ segir Sigrún Edda en hún er fastráðin leikkona hjá Borgarleikhúsinu. „Ég reyni að hafa hollustuna í fyrirrúmi og hugsa svolítið um hvað við látum ofan í okkur þó maður leyfi sér alveg ýmislegt. Þetta er bara spurning um sitt lítið af hverju,“

Sigrún Edda kynntist uppskriftinni sem hún gefur lesendum á Krít í fyrrasumar, en það er sumarrétturinn gýros. „Í Grikklandi borðar maður réttinn í sérstöku brauði sem minnir helst á pítubrauð en ég nota bara salat með þessu. Þetta er alveg óhemju gott, marineringin á kjúklingnum og tzatzikisósan sem maður borðar með eru æðislegar og svo er þetta líka hollur matur. Ég geri þetta allt frá grunni nema ég rækta nú ekki hænurnar, en annars fæ ég bara allt hráefni í Bónus,“ segir Sigrún Edda.

Uppskriftin hljómar ef til vill flókin en Sigrún Eddda segir að það taki enga stund að matreiða þetta þegar maður er kominn upp á lagið. „Það tekur um það bil klukkutíma að gera þennan mat með öllum undirbúningi og þetta er ósköp einfalt og þægilegt. Ég geri þennan rétt oft á föstudagskvöldum svona þegar mig langar í eitthvað voða gott og hafa það kósý í leiðinni,“ segir Sigrún Eddda.

Uppskriftina að réttinum má finna á síðu 3.

*erlabjorg@frettabladid.is*

Fallegur og bragðgóður



Sumarútsalan hefst í dag

20-50% afsláttur

DU PAREIL ...au même

Laugavegur 17 og Kringlunni

Sími 552-6744 og 588-6750



**Það er hægt** að grilla næstum allan mat. Prófið að grilla alls kyns fiskmeti og allar tegundir ávaxta penslaða með olíu. Grillaður banani með súkkulaði er til dæmis fyrirtaks eftirréttur. Það er um að gera að nota grillið vel þessa fáu sumarmánuði.

VÍNGERÐARLIST
HÁGÆÐA VÍNGERÐAREFNI
NÝ VERSLUN !
MIKIÐ ÚRVAL - TILBOÐ
KERN VOGIRNAR KOMNAR AFTUR.
PANTANIR ÓSKAST SÓTTAR.
HÁTEIGSVEGUR 1
105 REYKJAVÍK
SÍMI: 533-1020
www.aman.is
áman

# Frá grunni að girnilegum mat

***Óvenjuleg bók um íslenskt hráefni og matargerð kemur út í dag hjá bókaforlaginu Sölku. Hún heitir DELICIOUS ICELAND og ritstjóri er Völundur Snær Völundarson.***

„Við fönguðum ál í gildrur, fórum í svartfuglsegg, fylgdumst með Hildibrandi í Bjarnarhöfn verka hákarl, bökuðum rúgbrauð í hver og hittum bónda sem kenndi okkur að búa til fíflavín. Margt fleira gerðum við ævintýralegt.“ Þannig lýsir Völundur Snær grunnvinnunni að hinni nýju bók sem hófst árið 1998.

Þessir „við“ sem hann talar um eru hann og Hreinn Hreinsson ljósmyndari en þeir ferðuðust um landið og söfnuðu allskonar myndefni um íslenskt hráefni. „Reyndar notum við líka eldri myndir í bókinni því þegar stóra Skeiðarárhlaupið var 1996 þá skárum við út íslistaverk á sandinum og eins eldaði ég á hrauni úr Heklu þegar hún gaus,“ bætir Völundur Snær við. Hann er búin að dvelja lengi erlendis og býr núna á Bahamas þar sem hann rekur veitingastað. Hann kveðst alltaf vera að átta sig betur og betur á því hvað margt af því sem sprettur, finnst og fæst úr íslenskri náttúru og íslenskum landbúnaði er merkilegt og frábært. „Ég fékk til liðs við mig mann sem heitir Haukur Ágústsson og það er hann sem skrifaði bókina á tveimur mánuðum úti á Bahamas. Hann fjallar um allt sem tengist íslenskum matarvenjum, um hvað var gert í gamla daga og hvað er gert í dag því bókin endurspeglar ekki bara gamla tímann og uppruna hráefnisins, heldur tengir okkur líka við nútímann. Ég hef íslenska hráefnið sem undirstöðuatriði, hvort sem það eru kríuegg, lax, fjallagrös eða annað, fer á flug með það og bý til allskonar girnilega rétti sem uppskriftir og myndir eru birtar af. Þetta er flott bók, samtvinnuð úr landslagsmyndum, lostæti, ævintýraferðum, og sögu íslenskrar matargerðar. Hún er 240 blaðsíður í frekar stóru broti og Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti skrifar formálann. Ég ákvað að gefa bókina bara út á ensku, að minnsta kosti til að byrja með, og hlakka til að hafa hana hjá mér á veitingastaðnum mínum á Bahamas því hún er flott landkynning.

*gun@frettabladid.is*



Völundur Snær kann vel að meta allt íslenskt, þar á meðal bæjarins bestu pylsur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN



Ein myndanna í bókinni er af svartfuglseggi með salti. MYND/HREINN HREINSSON

Sérfræðingar í saltfiski
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

# Steiktur steinbítur Völla

## Í PARMASKINKU OG SPÍNATI MEÐ TÓMATA- OG SJALOTTLAUKS RISOTTO

Steinbítur er mikið veiddur í íslenskum vötnum. Hann er ekki fagur í sjón, og verður að gæta varúðar þegar hann er meðhöndlaður við veiði. Kjálkar fisksins eru sérlega sterkir og þurfa veiðimenn að passa upp á fæturna við veiði, jafnvel þó þeir klæðist veiðistígvélum. Þrátt fyrir það er steinbíturinn vinsæl veiði vegna gómsæts kjötsins, sem er mjúkt og mátulega feitt. Hér kemur uppskrift að lostætum steinbítsrétti.

**700 gr. steinbítur**
**250 gr. parmaskinka**
**225 gr. spínatblöð, frekar stór**
**Tómata- og sjalottslauks risotto**
**1 msk vínberjafræjaolía**
**2 msk smjör**
**4 graslauksstrá**
**Salt og pipar**

Spínatið er skolað og kreist örlítið, til að ná vatninu úr því.

Fiskurinn er skorinn í ræmur, u.þ.b. 2-3 cm á breidd og 10 cm á lengd, og kryddaður með salti og pipar. Parmaskinkan er breidd út, u.þ.b. 10 cm á breidd og nægilega löng til þess að rúlla utan um fiskinn og þannig að það verði smá afgangs. Spínat er látið ofan á skinkuna þannig að það hylji skinkuna á breiddina en 1 cm skilinn eftir á endanum. Steinbítsbitar eru settir í skinkuna, þversum ofan á spínatið, og skinkunni rúllað með spínatinu utan um bitana þannig að fiskurinn sé vel hulinn. Endinn á skinkunni, með engu spínati, er notaður til að loka rúllunni.



Næst er olíuborinn álpappír settur utan um skinkurúlluna og lokað með því að snúa upp á endana. Rúllan er látin á pönnu sem hefur verið hituð með vínberjafræjaolíu og henni velt um pönnuna í eina mínútu. Þetta er gert til þess að skinkan haldist utan um spínatið og fiskinn. Næst er álpappírinn tekinn af, sett smjör á hreina pönnu og rúllan steikt í fjórar mínútur. Rúllunni á að vera velt um allan tímann á meðan á steikingu stendur.

Til þess að bera matinn fram er rúllan skorin í bita, u.þ.b. 3-5 cm breiða, og bitarnir settir ofan á tómata-risottoið. Að lokum er diskurinn skreyttur með graslauk.

Þessi réttur felur í sér ljúffenga blöndu af skinkubragði, spínati og steinbíti, sem fer dásamlega vel saman. Tómata- og sjalotts risottoið, með sínu milda bragði, gerir samsetninguna fullkomna.

Madonna Ristorante
Þriggja rétta matseðill

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta |
|---|---|---|
| Okkar rómaða humarsúpa | 990 | |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| Kjúklingabringa „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| Lambafillet með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| Nautalundir með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| Súkkulaðifrauð | 790 | |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000



## Til hnífs og skeiðar
GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Ýsa með basil og rauðum chilipipar



Prófið hvað chilipipar er gott krydd með fiski! Ef piparinn er vel fræhreinsaður og allar hvítu trefjarnar innan úr honum eru teknar í burtu verður hann nánast sætur, þó örli samt enn fyrir ljúffengum keim af fornu fjöri. Ef vill, má skilja fræ og hvítar trefjar eftir (allt eftir smekk og þori hvers og eins) og þá verður hér um sannkallaðan fjörfisk að ræða.

**1 msk ólífuolía**
**2 rauðir chilipiparávextir (fræhreinsaðir og skornir í strimla)**
**2 msk rifinn engiferrót**
**800 g ýsuflök (roðflett og skorin í bita)**
**2 msk fiskisósa**
**1 msk púðursykur**
**2 msk límónusafi**
**1 1/2 dl basillauf**
**50 g ferskt spínat**

1. Setjið olíu á pönnu og steikið engifer og chili á háum hita í um eina mínútu.
2. Látið fiskinn út á pönnuna og steikið bitana stutta stund á hvorri hlið.
3. Lækkið hitann. Blandið fiskisósu, límónusafa og púðursykri saman í krukku, hristið allt vel saman og hellið síðan yfir fiskinn á pönnunni. Látið allt malla við meðalhita í 1-2 mínútur.
4. Setjið basillaufin og spínatið þá yfir fiskinn. Lokið pönnunni og slökkvið á hitanum. Látið standa á hellunni í 5-7 mínútur eða þangað til fiskurinn er eldaður í gegn.

Berið fram með gufusoðnu grænmeti og hrísgrjónum.

## uppskrift Sigrúnar Eddu }

# Gyros

**Marineraður kjúklingur:**
**4 kjúklingabringur**
**1 dl matskeið ólífuolía**
**1 dl matskeið sítrónusafi**
**1 stórt hvítlauksrif (marið)**
**Slatti af oregano**
**Salt og pipar**

**Tzatziki-sósa:**
**Hálf agúrka**
**1 dós hrein jógúrt**
**1 hvítlauksrif**

**Salat:**
**Klettasalat (eða hvaða salat sem er)**
**1 tómatur**
**1/2 rauðlaukur**
**Ein matskeið sítrónusafi**
**Ein matskeið fetaostur**

Kjúklingur skorinn í litla bita og blandaður saman við marineringu í u.þ.b. klukkutíma. Agúrkan er skræld og skorin smátt niður, sett í sigti og stráð salti yfir. Látið drjúpa af henni í jafnlangan tíma og kjúklingurinn er að marinerast. Jógúrt sett í kaffifilter og látið renna af henni þannig að hún þykkni og verði rjómakenndari. Einnig í klukkutíma.
Kjúklingur er snöggsteiktur á pönnu með marineringu á en ekki hella auka vökva út á pönnuna. Hvítlaukur er hrærður út í jógúrtina og agúrku bætt út í. Svo er kjúklingurinn settur út í salatið og borið fram með tzatziki-sósunni og brauði.

# Grillfélaginn frá McCormick

*McCormick hefur hafið framleiðslu á nýjum kryddblöndum fyrir allar tegundir grillkjöts.*

Dry Rubs kryddblöndurnar eru samansettar úr þurrum jurtum og kryddi sem eiga að gefa stökka og góða grillskorpu. Kryddblandan á að loða vel við kjötið, halda því mjúku og safaríku. Blöndunum þarf einungis að nudda í kjötið rétt fyrir grillun en samt gefa djarft og kröftugt bragð. Fínt fyrir tímabundna matgæðinga.

Þrjár gerðir eru til af McCormick Rubs, fyrir kjúkling, svín og dökkt kjöt. Kryddblöndurnar má orðið finna í flestum verslunum.



Kryddblöndurnar eru þrenns konar.

# Ást heilbrigði og friður

*Jarðarber er ekki ber og heldur ekki ávöxtur í eiginlegri merkingu.*

Hvert jarðarber er í raun margir ávextir en hvert „fræ“ í jarðarberi er einn ávöxtur. Berið sjálft er svo efsti partur stönguls sem umbreyst hefur í rauðan og safaríkan vef. Hverju sem því líður eru jarðarber afskaplega bragðgóð, C-vítamínrík, fólasínrík og kaloríusnauð.

Nafnið jarðarber á líkast til rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar að jarðarberjarunnar eru lágvaxnir og skríða eftir jörðinni. Erlenda nafnið strawberries veldur hins vegar meiri deilum en tvær kenningar eru vinsælastar um tilurð nafnsins. Annars vegar að í Norður-Evrópu söfnuðu menn berjum þannig að þau voru þrædd upp á strá og því heita berin „strá-ber“. Hins vegar er gömul ensk sögn „strea“ sem þýðir að skríða og vísar í angana sem jarðarberjarunnar skjóta út til að dreifa sér.

Um 20 tegundir jarðarberja vaxa villt og í ræktun. Þegar nýlenduherrar komu til nýja heimsins fengu þeir jarðarberjabrauð frá innfæddum svo ljóst er að jarðarber hafa af sjálfsdáðum dreifst um allan heim. Fyrsta tegundin til að vera ræktuð var skógarjarðarber en jarðarberin sem við þekkjum í dag eru kynblanda tveggja tegunda, hinna bragðgóðu Fragaria Virginiana jarðarberja frá austurströnd Bandaríkjanna, og Fragaria Chiloensis frá Chile sem þekkt voru fyrir stærð sína. Úr varð Fragaria Ananassa sem í daglegu tali nefnast garðjarðarber. - tg


Jarðarberin sem við fáum úti í búð er kynblanda tveggja tegunda.NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## JARÐARBERJA-OSTAKAKA

**Deig:**
**200 g hafrakex m/súkkulaði**
**100 g smjör, mjúkt**
**1 tsk vanillusykur**
**Krem:**
**2½ dl rjómi**
**100 g sykur**
**125 g jarðarberjaskyr**
**1 dl appelsínusafi (safi úr ferskri appelsínu)**
**100 g rjómaostur**
**6 stk matarlímsblöð**
**1 tsk myntudropar**
**1 stk jarðarber í boxi**
**200 g suðusúkkulaði**

**1.** Setjið kexið í matvinnsluvél og hrærið þar til það er orðið þykkt deig. Bætið smjöri og vanillusykri saman við og blandið vel saman. Þrýstið deiginu í lausbotna form (24 sm) og leggið það til hliðar.

**2.** Hrærið saman rjómaosti, sykri og jarðarberjaskyri. Hrærið þar til kremið er laust við kekki. Setjið jarðarber í matvinnsluvél og grófsaxið þau. Blandið þeim saman við kremið og kryddið með myntudropum. Leggið matarlímsblöðin í kalt vatn í 10 mínútur, kreistið vatnið af þeim og leysið þau upp í appelsínusafanum og blandið safanum við rólega saman við ostahræruna. Þeytið rjómann og blandið honum rólega saman við ostakremið. Hellið ostakreminu ofan á kexbotninn í og látið kökuna standa í kæli yfir nótt.

**3.** Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og smyrjið því utan á ostakökuna. Skreytið kökuna með ferskum jarðarberjum og myntublöðum. Berið fram með þeyttum rjóma eða ís.

## JARÐARBERJA-TÍRAMISÚ

**400 g rjómaostur, við stofuhita**
**1¾ dl sjóðandi vatn**
**1¾ dl flórsykur**
**7 msk Marsala vín (cucina)**
**100 g sýrður rjómi**
**2 msk sykur**
**3 tsk skyndikaffiduft**
**1 „lange vinges“ kexkökupakki**
**1 jarðarberjaaskja**
**rifið suðusúkkulaði**

Hrærið rjómaost, flórsykur og 5 msk Marsala víni í hrærivél þar til blandan er orðin kekkjalaus og jöfn. Hellið sýrða rjómanum út í blönduna.



Skerið helminginn af jarðarberjunum í sneiðar og hinn helminginn í tvennt. Sykrinum og skyndikaffinu er hellt út í sjóðandi kaffið þar til allt er vel uppleyst. Bætið afganginum af Marsala víninu út í vökvann. Dýfið kexkökum í sykur- og kaffivatnið og raðið þeim á diks með háum börmum. Diskurinn á að hafa um það bil 24 cm þvermál og eiga kexkökurnar að þekja botninn. Dreifið 2/3 af rjómaostsblöndunni yfir kökurnar og setjið jarðarberjasneiðarnar ofaná blönduna. Dýfið fleiri kökum í sykur- og kaffivatnið og leggið ofan á jarðarberin. Dreifið afganginum af rjómaostsblöndunni yfir kökurnar.
Til skreytinga má setja afganginn af jarðarberjunum ofan á sem og rifna súkkulaðið. Geymið í kæli í að minnsta kosti 4 klukkustundir áður en neytt er.

*(Uppskriftirnar eru fengnar af vefnum uppskriftir.is)*


Þúsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna.
Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

allt
# tilboð o.fl.

**50%** Krónan býður upp á Goða svið sem áður kostuðu 573 kr. en kosta nú 287 kr. Kasko og Nettó bjóða einnig upp á 50% afslátt á sömu vörunni, Kuchen M. marsipanköku, sem áður kostaði 179 kr. en kostar nú 90 kr.


SERICA
SILKIBLÓM & GJAFAVARA
Opið frá 11-18 virka daga • Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 5651504


BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Írskar svínalundir | 1.599 | Nýtt | 1.599 | |
| Danskar kjúklingabringur 900 g | 1.398 | Nýtt | 1.553 | |
| Euroshopper frosin jarðaber 1 kg | 198 | Nýtt | 198 | |
| Finish uppþvottavélatöflur 110 stk | 1.098 | Nýtt | 1.098 | |
| N.F. grillspjót 5 stk í pakka 1kg | 1.198 | Nýtt | 1.198 | |
| Skötuselur roð og brjósklaus 600 g | 1.198 | Nýtt | 1.997 | |
| Euroshopper safar 1 l | 69 | 73 | 69 | 5 |
| Euroshopper ciabattabrauð 1 stk | 49 | 69 | 49 | 30 |
| Freschetta XL pizzur 760 g | 399 | 599 | 525 | 35 |
| Bónus WC pappír 12 rúllur | 198 | 259 | 17 | 25 |
| Bónus eldhúsrúllur lX3stk | 298 | Nýtt | 298 | |
| Bónus fetaostur 250 g | 198 | Nýtt | 792 | |
| Euroshopper snakk 200 g | 98 | 119 | 490 | 20 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**

Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísakótilettur Mediterranean | 1,189 | 1.486 | 1,189 | 20 |
| Pólskar pylsur | 709 | 889 | 709 | 20 |
| Skólaskinka 165 g | 166 | 207 | 1,006 | 20 |
| Létt spægipylsa | 2.398 | 2.998 | 2,398 | 20 |
| Létt pepperóní | 2.398 | 2.998 | 2,398 | 20 |
| Libby´s tómatsósa plastflösku | 149 | 189 | 219 | 21 |
| Bahncke festival sætt sinnep 400ml | 129 | 169 | 323 | 24 |
| Steiktur laukur 100gr box | 79 | 95 | 790 | 17 |
| Okay eldhúsrúllur 3 rúllur | 269 | 315 | 90 | 15 |
| Delba heilkorna 250 g | 129 | 159 | 516 | 19 |
| Delba sólkjarna 250 g | 129 | 159 | 516 | 19 |
| Delba fjölkorna 250 g | 129 | 159 | 516 | 19 |
| Delba rúgbrauð 250 g | 129 | 159 | 516 | 19 |

**Tilboðin gilda til 28.júní**


# Koi fiskadagar
## í Dýralíf laugardaginn 24. júní



Rene Kruter sérfræðingur í Koi fiskum og tjarnagerð verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf.

Að því tilefni er 25% afsláttur til 30. júní, af Koi fiskum og öllu til tjarnagerðar.

**Dýralíf.is**
**Stórhöfða 15**
**110 Reykjavík**
**S:567 7477**


FK FJARÐARKAUP
*ekki bara verð!*

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalambs langskorin læri | 1.299 | 1.998 | 1.299 | 35 |
| Fjallalambs grillsneiðar | 967 | 1.398 | 967 | 31 |
| FK grill svínakótilettur | 1.198 | 1.655 | 1.198 | 28 |
| Fk blandaðar lærisneiðar | 1.398 | 1.798 | 1.398 | 22 |
| Ali grillpylsur frankfurt | 674 | 898 | 674 | 25 |
| Fyrirtaks ömmupizza frosin | 298 | 498 | 298 | 40 |
| Broccoli Mix 2,5kg frosið | 598 | 753 | 239 | 21 |
| Euro Mix 2,5kg frosið | 763 | 954 | 305 | 20 |
| Vínber græn pökkuð 500 g | 139 | 298 | 70 | 53 |
| Blómkál og brokkoli mix ferskt 1,1 kg | 298 | nýtt | 271 | |
| Gular melónur | 119 | 159 | 119 | 25 |

**Tilboðin gilda til 24. júní**

nettó

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet lambalærisneiðar | 1.722 | 2,460 | 1.722 | 30 |
| Gourmet lambaframp.sneiðar | 1.364 | 1.948 | 1.364 | 30 |
| Bautab. grísaofnsteik | 917 | 1.528 | 917 | 40 |
| Borg. grísakótilettur Mediterranean | 945 | 1.575 | 945 | 40 |
| Borg. jalapeno pylsur | 659 | 1.099 | 659 | 40 |
| Borg. grillpylsur | 623 | 1.038 | 623 | 40 |
| O&S skólaostur 26% BPK | 865 | 1.018 | 865 | 15 |
| Gulrætur litlar ferskar í poka 453 g | 149 | 249 | 329 | 40 |
| Emmess ávaxtastangir MP | 199 | 299 | 199 | 35 |
| Kuchen M. marsipankaka 400 g | 90 | 179 | 225 | 50 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**

KASKO

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet lambalærisneiðar | 1,722 | 2,460 | 1,722 | 30 |
| Gourmet lambaframp.sneiðar | 1,364 | 1,948 | 1,364 | 30 |
| Bautab. grísaofnsteik | 917 | 1,528 | 917 | 40 |
| Borg. grísakótil. Mediterranean | 945 | 1,575 | 945 | 40 |
| Gulrætur litlar ferskar poki | 149 | 248 | 149 | 40 |
| Emmess Regnbogastangir MP | 199 | 299 | 199 | 33 |
| Emmess Vanillustangir MP | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Kuchen M. marsipankaka 400 g | 90 | 179 | 90 | 50 |
| Stjörnu ostapopp 100 g | 79 | 99 | 79 | 20 |
| Egils Pepsi Max 2L | 149 | 187 | 149 | 20 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**


Hollenska reaggae hljómsveitin
# FIVE-4-VIBES



# DANSLEIKIR
á Sólstöðuhátíð Víkinga um helgina

...auk þess
Rammíslensk hljómsveit
HILMARS SVERRISSONAR

VIKING village
FJÖRUKRÁIN
Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is


KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu grísahnakkasneiðar kryddaðar | 1,237 | 1,649 | 1.237 | 25 |
| Krónu svínakótilettur kryddaðar | 1,247 | 1,698 | 1.247 | 27 |
| Krónu pylsur | 279 | 398 | 544 | 30 |
| Gourmet grísakótilettur léttreyktar | 1,198 | 1,724 | 1.198 | 31 |
| Goða súpukjöt lítill poki | 299 | 543 | 299 | 45 |
| Goða svið frosin í poka | 287 | 573 | 287 | 50 |
| Stjörnu partymix | 169 | 219 | 169 | 23 |
| Sun Lolly 3 tegundir | 169 | 258 | 169 | 35 |
| Maizena pönnuköku og vöfflumix | 249 | 299 | 249 | 17 |
| Den Gamle létt marmelaði | 249 | 289 | 778 | 14 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**

NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambafille Rib Eye | 2,198 | 3.198 | 2.198 | 31 |
| Grísahnakki úrbeinaðar sneiðar | 998 | 1.598 | 998 | 38 |
| Stórlúðusteik hvítlauks/rósmarín | 1,498 | 1.798 | 1498 | 17 |
| Skötuselur fiðrildi m/hvítlauk | 1,598 | 1.998 | 1.598 | 20 |
| Skötuselur spjót m/papriku | 498 | 598 | 498 | 17 |
| Grísafille spjót m/grænmeti & maríneringu | 498 | 598 | 498 | 17 |
| Gourmet grísakótilettur úrbeinaðar | 1,518 | 2.169 | 1.518 | 30 |
| Nóatúns sælkeraís | 399 | 499 | 798 | 20 |
| Gevalia kaffi Rautt Orginal | 299 | 398 | 598 | 25 |
| Homblest +50% | 169 | 209 | 563 | 19 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Holta kjúklingaleggir í Texaskryddlegi | 451 | 645 | 451 | 30 |
| Lambafiðrildi krydd. að hætti Ítala úr kjötborði | 1.998 | 2.298 | 1.998 | 15 |
| Svínahnakki úrb.kryddleginn úr kjötborði | 1.198 | 1.495 | 1.198 | 20 |
| Lambalundir úr kjötborði | 3.198 | 3.749 | 3.198 | 15 |
| Jói Fel svínakótilettur | 1.189 | 1.699 | 1.189 | 30 |
| Jói Fel pizzadeig 300 g | 249 | nýtt | 830 | |
| Myllu vínarbrauðslengja | 289 | 389 | 289 | 25 |

**Tilboðin gilda til 25. júní**



Byko-búðirnar bjóða nú allt til þess að fríska upp á pallana á lækkuðu verði.

## Viðarvörn og útimálning

Byko-verslanirnar lækka verðið á útimálningu og viðarvörn nokkuð ríflega um þessar mundir. Til að mynda kostaði tíu lítra Kópal Steintex málning 11.402 krónur áður en er nú á tilboðsverði á 5.989 krónur. Pensill fylgir með hverri seldri fötu af viðarvörn eða útimálningu og Kjörvari pallaolía er einnig á stórlækkuðu verði. Einnig lækka ýmiss konar girðingaeiningar fyrir palla og garða töluvert í verði. Bogadregin Verbena Elegans girðingaeining lækkar úr 4.075 krónum niður í 2.990 krónur. Tilboðið gildir í öllum verslunum Byko.

## Stórútsala hjá Dressman

***Dressman-verslanirnar bjóða allar vörur með 30 prósenta afslætti fram yfir helgi.***



Dressman-verslanirnar á Laugavegi, Smáralind, Kringlunni og Glerártorgi Akureyri bjóða fram yfir helgi allar vörur sínar á þrjátíu prósenta afslætti.

Nú geta heilu vinahóparnir farið í Dressman og keypt föt á mjög viðráðanlegu verði og látið þar með drauminn rætast að labba saman eftir götunni flottir í tauinu, hlæjandi eins og í auglýsingunum góðu.

TAX FREE
BOMBA
FRÍHAFNARVERÐ
Fríhafnarverð á öllum vörum í verslunum okkar alla helgina.
VERIÐ VELKOMIN
HYGEA snyrtivöruverslun
Smáralind sími 554 3960
HYGEA snyrtivöruverslun
Kringlunni sími 533 4533

SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU







TILBOÐSDAGAR Í JÚNÍ
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU
www.design.is ©2006
Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Lokað á laugardögum í júní og júlí




FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000





Snorri Ásmundsson gefur ekki mikið fyrir lífsgæðakapphlaupið.

# Ekki mikið fyrir lífsgæðakapphlaup

***Listamaðurinn Snorri Ásmundsson segist ekki oft gera slæm kaup enda keppi hann ekki að lífsgæðum. Hann var hins vegar ekki lengi að svara því hver væru hans bestu kaup.***

Snorri Ásmundsson hefur komið víða við og því lék blaðamanni forvitni á að vita hver væru bestu og verstu kaup sem hann hefur gert á lífsleiðinni. Snorri virðist ekki eltast mikið við efnisleg gæði og það var langur umhugsunarfrestur sem listamaðurinn og frambjóðandinn fyrrverandi tók sér til þess að komast að því hver væru verstu kaup sem hann hefði gert. „Ég man nú bara ekki eftir neinum slæmum kaupum sem ég hef gert nýlega," segir Snorri hikandi. „Eða jú, kannski, það eru alltaf slæm kaup að borga sig í bíó inn á eitthvað Hollywood-rusl og ganga svo út í hléi," segir hann og bætir því við að það gerist í um það bil 90 prósentum tilvika þegar hann fer í bíó. „Annars er ég ekki kaupóður maður. Ég er ekki mikið í þessu lífsgæðabrjálæði eins og svo margir eru í. Ég geri því ekki svo mörg slæm kaup."

Það stóð hins vegar ekki á svörunum þegar Snorri var spurður hver væru bestu kaupin sem hann hefði gert. „Ætli bestu kaupin mín séu ekki þau þegar að ég keypti rósir handa kærustunni minni, það voru bara svo miklar tilfinningar í þeirri gjöf," segir hann og gefur engar frekari útskýringar á rósagjöfinni rómantísku.

*valgeir@frettabladid.is*





## Sólstöðuhátíð víkinga í Hafnarfirði 16.-25. júní 2006

Föstudaginn 16. júní kl.17.00 hefst víkingahátíð við Fjörukrána í Hafnarfirði. Bardagamenn og bogaskyttur, glímumenn og útskurðarmenn, steinhöggvarar og járnsmiðir, sögumenn og seiðkonur, tónlistarmenn og galdramenn.
Sænski sögumaðurinn Jerker Fahlström rifjar upp ævintýri Ása og hinna fornu goða er hann segir okkur frá Ásaþór, Loka og þeim félögum. Jerker er orðinn fastur liður og segir sögur sínar á íslensku.
Rimmugýgur, hafnfirski bardaga- og handverkshópurinn sér um bardagana ásamt Jómsvíkingunum alþjóðlegum hópi úrvalsvíkinga. Annar íslenskur víkingahópur, Hringhorni frá Akranesi sýnir leiki fornmanna.
Fjöldi handverksmanna, íslenskra sem erlendra verða á markaðnum.
Norska víkingahljómsveitin Skvaldr og hin dansk-íslenska Kráka munu skemmta gestum alla dagana.
Dansleikir öll kvöld, Hollenska raggea hljómsveitin Five-4-vibes og hljómsveit Hilmars Sverrissonar.
Opið verður alla daga frá 16. til 18. júní og aftur 23. til 25. júní. Kynnir hátíðarinnar er Steinn Ármann Magnússon.

**ATH: Dagskrá Sólstöðuhátíðarinnar er á heimasíðunni: fjorukrain.is**

**Fjörukráin þakkar eftirtöldum aðilum fyrir stuðninginn:**

Hertz Car Rental, mest, Ferðamálaráð Íslands, Icelandair, Prentsmiðja Hafnarfjarðar ehf, Atlantic Airways, Hreyfill, VR, Hafnarfjörður, ÍS Hestar, Rafkaup, Kjötsmiðjan, Fjarðarpósturinn, Baðheimar, Húsasmiðjan Hafnarfirði, Fura ehf, Hafnarfjörður Suðurbæjarlaug, SS pylsur, Gámakó 564 4544, Hafnarfjarðarhöfn, Víking, Víkurfréttir, Merrild, Landsbankinn, Fjarðarkaup, Stafræna prentsmiðjan




# Veiðivörur í úrvali

***Nú er veiðitímabilið komið á fullt og laxinn bíður í hyljunum.***

Að því tilefni býður Útilíf upp á nokkur tilboð. Slate-öndunarvöðlur, sem áður kostuðu 37.990 krónur, kosta nú 29.990 krónur. Þetta er rúmlega 20 prósenta afsláttur. Einnig er hægt að fá Slate-vöðlujakka á 24.990 krónur.

Fyrir þá sem eru að byrja í veiðinni er hægt að fá flugnastangasett, stöng, hjól og línu, frá 14.700 krónum. Fyrir lengra komna er vert að athuga að sett með lífstíðarábyrgð, sem áður kostaði 24.990 krónur, kostar nú 21.490 krónur.

# Heilsu- og hægindadagar

BETRA BAK BÝÐUR UPP Á FJÖLDA TILBOÐA Á RÚMUM OG SVEFNSÓFUM.

Á heilsu- og hægindadögum Betra baks er hægt að fá stillanleg rúm á góðu tilboði, en einnig king- og queen-stærðir á venjulegum dýnum og svefnsófa. Til dæmis er hægt að fá dýnu í king-stærð, botn, lappir, hlífðardýnu og lúxuslak á 159.000 krónur. Sami pakki, en með queen-stærðar dýnu fæst á 119.900 krónur. Einnig er sýningarsalur búðarinnar fullur af nýjum svefnsófum sem eru á tilboði.



Í Betra baki er til dæmis hægt að fá tempurdýnur.

# Rúm á rýmingarsölu

***Á örfáum dögum ætlar Rekkjan-heilsurúm að selja nær öll rúm sín.***


Góður svefn er gulli betri.

Þetta er gert vegna breytinga í vörulínu amerísku heilsurúmanna frá King Koil. Allar eldri gerðir verða því seldar með allt að 150.000 króna afslætti. Þar að auki fæst frír rafmagnsbotn með í kaupunum ef keypt er latexdýna. Tilboðið stendur aðeins í örfáa daga.

King Koil-heilsurúm eru til með tvöföldu lagi af pokagormakerfi. Stífur dempandi grunnur heldur gormadýnunni á sínum stað til að koma í veg fyrir truflun svefns af völdum hreyfinga hjá rekkjunauti og ólíkt venjulegu tveggja hliða dýnunum þá hafa þessar dýnur aðeins eina svefnhlið. Þeim þarf því aldrei að snúa.

Í Rekkjunni er einnig hægt að fá heilsukodda, rúmteppi, sængurver, sængur, yfirdýnur, hlífðardýnur, og lök á allar stærðir amerískra rúma.

Rekkjan er í Skipholti 35 og er síminn þar 588-1955.

# Tjáplöntur á tilboði

***Blómaval selur nú trjáplöntur á stórlækkuðu verði.***



Birkikvistur, reyniviður, gullregn og gljámispill eru meðal þeirra tegunda sem Blómaval er með á sínum trjáplöntumarkaði og býður allt að 60 prósenta afslátt á. Margir eru að bjástra úti við þessa dagana og hér er tækifæri fyrir þá sem eru að rækta upp nýja garða eða vilja bæta við sig trjám að gera góð kaup. Tíu eins meters birkiplöntur í búnti sem áður kostuðu 6.990 eru nú á 3.990, reyniviður sem áður var á 1.149-1.590 fæst nú á 899 og hansarós sem var á 899 kostar 499.


Verslunin Serica lokar í dag.

# Afsláttur af gjafavöru

***Í dag eru síðustu forvöð að gera góð kaup í Serica.***

Verslunin Serica í Hlíðarsmára í Kópavogi lokar í dag og því er hægt að fá þar ýmis konar gjafavöru og silkiblóm með miklum afslætti. Afslátturinn er tíu til fimmtíu prósent svo auðveldlega á að vera hægt að gera góð kaup.

# Valdir borðstofustólar

***Helmings afsláttur er á nokkrum tegundum borðstofustóla í versluninni Míru í Bæjarlind 6 í Kópavogi.***

Tilboð er á borðstofustólum í Míru og nemur afslátturinn allt að 50 prósentum. Um er að ræða stóla með leðuráklæði, leðurlíki og áklæði úr mjúku gerfiefni sem nefnt er microfiber. Sumir stólarnir eru með stálfætur en aðrir úr tré þannig að úr ýmsu er að velja. Sem dæmi um verð má nefna nútímalegan leðurstól á stálfótum sem lækkar úr 9.900 í 4.950 krónur. Einnig er gefinn sérstakur afsláttur í Míru ef keyptir eru sex samstæðir stólar eða fleiri.






## ÚTIVISTARDAGUR

**Komdu í Flexor 24. júní milli 11 og 14**

Sérfræðingar Flexor bjóða upp á einfalda skoðun og aðstoða við val á réttu skónum auk þess sem sérfræðingar frá Asics, Scarpa, Ecco og Reebok verða á staðnum.
Við bjóðum 15% afslátt af öllum okkar skóm og 20% afslátt af göngugreiningu sem pöntuð er – aðeins þennan dag.

Allir skór 15% afsláttur

Ókeypis einföld skoðun milli 11 og 14


Ásta Einarsdóttir
sjúkraþjálfari


Ásmundur Arnarsson
sjúkraþjálfari


Jónas Grani Garðarsson
sjúkraþjálfari

ÖSSUR SCARPA Reebok ecco asics

FLEXOR NÆSTA SKREF

Reykjavík · Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

# LÍKAR VEL VIÐ SVEITASTÖRFIN

*Margrét Sverrisdóttir keypti bóndabæ* SJÁ BLS. 10



# FAGMENN HANNA SUMARHÚSIN

*Nútímaleg með öllum þægindum*

SJÁ BLS. 4



[ SÉRBLAÐ UM GRÓÐUR OG HÍBÝLI – FÖSTUDAGUR 23. JÚNÍ 2006 ]

# hús og garður



## EFNISYFIRLIT


LÍTA ÓTRÚLEGA EÐLILEGA ÚT
*Silkiblóm* BLS. 2

VERÖND INNI OG ÚTI
*Glerhýsi* BLS. 2

BURT MEÐ ÍSLENSKAN GRÁMA
*Hellur í garðinn* BLS. 6





MÖRK LANDS OG SJÁVAR ROFIN
*Vel hannaður garður* BLS. 8

STJÖRNUATHUGUNAR-STÖÐ
*Sérstakur sumarbústaður* BLS. 10

SNÆDRÍFAN SLÆR Í GEGN
*Vinsæl sumarblóm* BLS. 11

FREKAR ÚTI EN INNI AÐ RYKSUGA
*Ása Kristín Oddsdóttir* BLS. 12

AFSÍÐIS EN UMKRINGT LÍFI
*Gamalt hús í Grjótaþorpinu* BLS. 14

POTTAR SEM HENTA ALLS STAÐAR
*Mjúkir heitir pottar* BLS. 15







Þægilegt er að hafa heitan pott inn í sólstofunni.

# Verönd inni og úti

## Fyrirtækið Gler og brautir býður upp á fullopnanleg glerhús sem eru nánast viðhaldsfrí.

„Við bjóðum upp á glerhús sem eru sólstofur úr póstalausu gleri sem hægt er að opna alveg og loka alveg. Fólk getur sem sagt fengið verönd sem er bæði inni og úti," segir Gunnar Svanberg Jónsson, eigandi Glers og brauta.

„Það er mjög auðvelt að ráða við hitastigið í þessum glerhúsum þar sem hægt er að opna allar hliðarnar til og frá. Það er til dæmis mjög þægilegt að vera með heitan pott í þessum sólstofum. Einnig er gott að grilla í þeim og vera með alls kyns aðstöðu sem aðeins er hægt að vera með undir berum himni þar sem glerhúsin eru fullopnanleg," segir Gunnar en Gler og brautir eru með svokallað Cover-glerbrautakerfi. „Kerfið er til dæmis skröltfrítt sem er tvímælalaust kostur hér á landi. Við höfum gengið frá um þrjú hundruð sölum með þessu kerfi og hefur það gefið mjög góða reynslu. Við bjóðum upp á fimm ára ábyrgð en fyrsta kerfið sem sett var upp fyrir tuttugu árum er enn í lagi. Það var reyndar ekki hér á landi en þessi ending segir engu að síður margt um kerfið. Það er nánast viðhaldsfrítt."



Glerhúsin eru opnanleg frá öllum hliðum.

„Það er ekkert mál að þrífa kerfið. Fyrsta rúðan er opnuð inn og þrifin beggja vegna og síðan koll af kolli. Hægt er að fá hvaða lit sem er á brautunum og við getum pólíhúðað grindina í hvaða lit sem er. Þannig að fólk getur fengið sólstofu með öllum bitum í þeim lit sem það vill. Glerið er alltaf gegnsætt en hægt er að fá sandblástursfilmur í það. Persónulega mæli ég samt með gluggatjöldum," segir Gunnar en Gler og brautir selja einnig handrið og svalagler.



Gunnar er nú ásamt starfsmönnum Glers og brauta að smíða 22 fermetra sólstofu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÆGIS SKYGGNI
–SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



• Íslensk gæðaframleiðsla
• Viðhaldsfritt efni
• Góð og traust þjónusta
• Stuttur afgreiðslufrestur

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is
EYJARSLÓÐ 5 • SÍMI 511 2203



Kúlulaga tré sjást æ oftar hér á landi líkt og erlendis.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Líta ótrúlega eðlilega út

## Silkiblóm eru fyrirbæri sem hefur notið sífellt meiri vinsælda hér á landi

Áður fyrr var einungis hægt að fá mjög gervileg silkiblóm inn í stofu sem vöktu meiri óskunda en prýði en nú er hægt að fá silkiblóm bæði inni og úti og verður sífellt erfiðara að sjá muninn á alvöru og gervi.

„Það er mun algengara núna að Íslendingar kaupi sér silkiblóm bæði inni og úti og ég held að það tengist auknum ferðalögum erlendis. Þá getur fólk skellt sér í fríið og þarf ekki að fá einhvern til að hugsa um plönturnar," segir Hrönn Óskarsdóttir, starfsmaður Soldis í Blómavali.

„Vinsælustu blómin eru tóbakshorn og hengitóbakshorn, sem er minni útgáfan. Bóndarósirnar eru mjög vinsælar í sumarbústaðinn en við seljum líka öll algengustu blómin eins og stjúpur, begoníur, pelargóníur og hortensíur. Við erum meira að segja með kryddjurtir í pottum. Í silkiblómunum er mjög gott litarefni sem hefur gefið góða reynslu og endist mjög vel, jafnvel í þrjú til fjögur ár. Inniblómin endast enn lengur. Trén eru líka mjög vinsæl í garðinn og seljum við mikið af trjám sem eru klippt til í keilur og kúlur eins og maður sér víða erlendis," segir Hrönn en í Soldis í Blómavali fást fjöldamargar gerðir af gervitrjám.

„Við flytjum mikið af silkitrjánum inn frá Ítalíu en trén sem við seljum eru á ekta stofni sem hefur verið innþurrkaður. Á hann eru boruð göt og greinarnar límdar í. Þau líta þar af leiðandi mjög eðlilega út."

„Silkiblómin eru oftast seld í pottum en fólk setur þau líka í hengipotta og vírar þau jafnvel niður svo þau fjúki ekki. Það getur oft verið veðrasamt á Íslandi og við getum einnig fest plönturnar ofan í potta og ker með sterkum efnum," segir Hrönn en ekkert mál er að þrífa plönturnar. „Best er að láta þær undir sturtuna og jafnvel þrífa þær með smá sápuvatni ef þær eru mjög skítugar eftir sumarið."



Hvítt og lillað eru litirnir í ár - líka í silkiblómum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Silkiblóm sem nota á úti eru yfirleitt víruð í potta og ker.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Hvít tóbakshorn eru flott í garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Stjúpur er meira að segja hægt að fá sem silkiblóm.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI




Hugsaðu um tréverkið

www.flugger.is

**Flügger litir**

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholt 1

104731



Sumarhús hannað af Steinari Sigurðssyni, arkitekt FAÍ hjá VA arkitektum ehf. Verktaki: Trésmiðja Sigurðar Runólfssonar.



Sumarhús hannað af Steinari Sigurðssyni, arkitekt FAÍ hjá VA arkitektum ehf. Verktaki: Trésmiðja Sigurðar Runólfssonar.

# Fagmenn hanna sumarhúsin

Arkitektar eru nú farnir að hanna glæsileg sumarhús eftir óskum viðskiptavina sinna.

Í seinni tíð hefur það verið að færast töluvert í aukana að fólk láti arkitekta hanna sumarhúsin fyrir sig alveg frá grunni. Indro Candi, arkitekt hjá VA arkitektum, segir að fólk hafi ólíkar hugmyndir og því taki þeir mið af þörfum hvers og eins. Fólk hittir arkitektinn og útskýrir fyrir honum hvernig það vil hafa sumarbústaðinn sinn og síðan tekur hann við. „Stundum sýnum við fólki nokkrar myndir af húsum sem við höfum hannað og ef því líst vel á einhver af þessum húsum þá getum við notað þau sem útgangspunkt.“

Arkitektar hanna nú húsin bæði að innan sem utan og því er ferlið mjög misjafnt. „Þetta getur tekið allt frá nokkum vikum og upp í hálft ár. Sum húsin eru orðin svo vönduð og íburðarmikil að þetta er orðið töluvert öðruvísi heldur en fyrir nokkrum árum, önnur hús eru einfaldari.“

Fyrir nokkrum árum voru sumarhús að miklu leyti flutt inn til landsins og nokkuð stöðluð í útliti, en Indro segir það mikið hafa breyst. „Það var ekki neitt um það að fólk væri að láta arkitekta hanna húsin en núna er orðið merkilega mikið um það.“



Glæsilegt sumarhús í Miðhrauni.



Séð inn í eldhús í sumarhúsi hönnuðu af Steinari Sigurðssyni, arkitekt FAÍ hjá VA arkitektum ehf. Verktaki: Trésmiðja Sigurðar Runólfssonar.



Sumarhús hannað af Manfreð Vilhjálmssyni, arkitekt FAÍ hjá VA arkitektum ehf. Verktaki: Ólafur Sigurjónsson.



Steyptur veggur í sumarhúsi hannaður af Steinari Sigurðssyni, arkitekt FAÍ hjá VA arkitektum ehf. Verktaki: Trésmiðja Sigurðar Runólfssonar.




• Kirsuberjatómatar eru smávaxnir og sérlega bragðgóðir. Bragðið er sætt og afgerandi. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt eða sem „grænmetisbitinn“ í nestisboxið.

• Þessir hefðbundnu sem allir þekkja – alltaf jafngóðir, hvort heldur sem er ofan á brauð eða til matargerðar, sjálfsagður hluti af heimilishaldinu.

• Plómutómatar einkennast af góðu, kröftugu bragði, þeir eru kjötmiklir og henta því vel sem álegg og í hverskonar matreiðslu, tómatsósur og pottrétti.

• Konfekttómatar eru mildir og sætir á bragðið,minni en hefðbundnir tómatar, en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar.

# Íslenskir tómatar

Tómatar eru hollir og ljúffengir, litfagrir og ómissandi á matborðið. Íslenskir grænmetisbændur bjóða neytendum upp á margar tegundir sem auka fjölbreytnina og möguleikana. Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

íslenskir tómatar

Fíton / SÍA FI017316

## 8 grunnreglur hellulagnar

1. Nauðsynlegt er nægilega þykkt og þjappað, frostfrítt neðra undirlag (60-70 cm) sem kallast grús.
2. Setjið 3-5 cm laust sandlag ofan á undirlagið.
3. Sáldrið síðan fúgusandi á hellulögnina. Úrvalsþykkt á sandi er 4 mm.
4. Passið vel upp á kornastærð sands, svo laust sandlag falli ekki ofan í burðarlag og fúgusandur falli ekki saman við lausa sandlagið. Þetta er nauðsynlegt við þjöppun, sem þarf upp á líftíma hellulagnar.
5. Þjappið lausa sandlagið eftir hellulagningu, alls ekki áður.
6. Mikilvægt er að plan hafi að minnsta kosti 2,5 prósenta halla.
7. Leggið hellur með 3-5 mm millibili. Fjarlægðarrendur á hellunum er ekki nóg. Ef ekki er farið eftir þessum reglum er hætta á að brotni upp úr hellum við eðlilegan núning.
8. Skoðið vel hellurnar áður en þær eru lagðar. Berið saman afhendingarseðil og pöntunarseðil. Smávegis kalkúrfellingar í hellum eru eðlilegar. Þær fara úr á ári.

Sjá nánar á heimasíðu MEST www.mest.is



Það er með ólíkindum hversu skemmtilegan blæ hvít möl í keri getur sett á garðinn.



Lúðvík hjá MEST lumar á ýmsum lausnum fyrir garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Burt með íslenskan gráma

Hjá MEST fást hellur og skrautsteinar sem glæða garð og nánasta umhverfi nýju lífi.

„Við bjóðum upp á ýmsa skemmtilega möguleika til að lífga upp á garðinn og nánasta umhverfi," segir Lúðvík Lúðvíksson, sölustjóri garðlausna hjá MEST. „Við erum til að mynda með litríkar hellur á bílaplön, stíga og sólpalla, sem kæmi í stað trépallsins sem hefur verið vinsæll en er ekki eins endingargóður. Þá kemur hvítur einstaklega vel út á hellum og er gott mótvægi við íslenskan gráma."

Að sögn Lúðvíks er síðan boðið upp á sérstakt efni til að bera á hellurnar, svo að filma myndist sem hrindir frá sér vatni og óhreinindum og skerpir litinn sem fyrir er.



Hellur í ýmsum litum fást hjá MEST. Vinsælt er að leggja hellur í sólpalla enda eru þær endingargóðar og krefjast lítils viðhalds.

Hjá MEST fást líka ítalskir skrautsteinar, sem nota má í stíga og beð. „Þeir eru alveg frá því að vera í sallastærð upp í stóra steina," segir Lúðvík. „Svo eru þeir til í ýmsum litum, nokkrum ljósum, hvítum og fallega rauðum. Kosturinn við steinana er að þeir halda lit sínum í rigningu, gagnstætt gráu steinunum sem verða svartir og drungalegir og eru algengir hérlendis. Með steinunum viljum við ná suðrænu yfirbragði og hleypa sól og gleði í garðinn."



Álfaberg fæst í mörgum litum og hentar í plön, stíga og torg og nær fram ákveðnu gömlu yfirbragði, eins og sést á þessari mynd.






**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áranlangri reynslu.



**Rafhitarar fyrir heita potta**

**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is



Brynjólfur segir að mörgu að hyggja þegar niðursetning trjáa er annars vegar. Auk þeirra ráða sem hann veitir lesendum Fréttablaðsins er ýmsa fróðleiksmola að finna á vef Skógræktarfélags Íslands, www.skog.is. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nauðsyn örvera

Brynjólfur Jónsson, hjá Skógræktarfélagi Íslands, gefur gagnleg ráð í tengslum við niðursetningu trjáa.

„Birki, lerki, sitkagreni, stafafura og alaskaösp vaxa flest jafn vel um landið, þótt það sé háð jarðvegsskilyrðum," segir Brynjólfur spurður að því hvaða tré sé best að rækta hérlendis. „Rússalerki vex þó illa Suðvestanlands vegna mikilla umhleypinga. Stafafura dafnar vel í mólendi, en sitkagreni, birki og alaskaösp þurfa meiri og betri jarðveg til að vaxa vel. Það má lagfæra með áburðargjöf."

Að sögn Brynjólfs má bæta jarðveg með því að setja búfjáráburð ofan í hann svo örverulíf kvikni. „Örverurnar brjóta niður lífræn efni sem eru trjám lífsnauðsynleg," útskýrir hann. „Einnig þarf tilbúinn áburð með. Við erum svo lánsöm að sýrustig íslensks jarðvegs er hátt vegna fokjarðvegs, sem eru bestu vaxtarskilyrði margra trjátegunda. Erlendis er jarðvegsgrunnurinn hins vegar oft gamall og súr."

Brynjólfur segir að skjól sé gott fyrir nýlega gróðursett tré á vindasömum svæðum. „Svo er best að gróðursetja á vorin, en þá er jarðvegur rakur eftir að frost fer úr jörðu," bætir hann við. „Það er verra á sumrin því þá geta þurrkatímabil komið upp, sem plöntur lifa stundum ekki af. Jarðvegur á Íslandi er nefnilega fljótur að þorrna, jafnvel þótt rignt hafi í nokkrar vikur. Þá getur verið gott að vökva tré sem nýbúið er að niðursetja."

En hvernig er best að planta trjám? „Það er háð tegundum og fer eftir því í hvaða tilgangi verið er að gróðursetja," útskýrir Brynjólfur. „Nóg er að hafa 30 cm á milli ef gera á þétt belti í garðinum. Eigi að planta trjám sem verða 10-15 metra há er ágætt að hafa 2,5-3 metra á milli þeirra, svo þau vaxi vel og hafi athafnarými næstu áratugi. Þá þarf ekki að grisja eða fella síðar meir. Svo getur verið gott að hafa stuðning við stærri tré." Fleiri fróðleiksmola má finna á www.skog.is.



Nýir fisléttir tímar!
Fjölbreytt íslensk framleiðsla
Brunnur ø 1000 mm
Brunnur ø 1000 mm
Brunnur ø 600 mm
Brunnur ø 600 mm
Brunnur ø 400 mm
Kapalbrunnur ø 1000 mm
Framlenging ø 600 mm
Keila ø 600 / 1000 mm
Allar okkar vörur til fráveitulagna þola þyngstu umferð ökutækja!
Framlenging ø 400 mm
Vatnslásbrunnur
Fituskilja
Vatnsgeymir
Sandföng
Sandskilja
Járnbentir brunnhringir
Járnbent lok
Sambyggð sand- og olíuskilja
Rotþró
Frauðplast
Takkamottur
Vegatálmar
Rauðbrúnir brunnar og framlengingar þola umferð þyngstu bifreiða
VOTTAÐ UMHVERFISSTJÓRNUNARKERFI ISO 14001
Vottað umhverfisstjórnunar-kerfi síðan 1999
BORGARPLAST HF.
Sefgarðar 1-3a • 170 Seltjarnarnes • Sími 561 2211 • Fax 561 4185 • borgarplast@borgarplast.is
Sólbakki 6 • 310 Borgarnes • Sími 437 1370 • Fax 437 1018 • ag@borgarplast.is
GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF. ÍST ISO 9001
Vottað gæðakerfi síðan 1993
www.borgarplast.is



Húsið var hannað af Ingimundi Sveinssyni og byggt á áttunda áratugnum. Gleri var seinna komið fyrir aftan á húsinu, bæði af hagnýtum ástæðum og svo speglast hafið skemmtilega í því, þannig að mörk lands og sjávar virðast rofna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fallegt beð, en segja mætti að viðurinn og glerið á húsinu tengi hús og lóð skemmtilega við saman við náttúruna.



Fjólublá blóm fara vel við hvíta möl og lífga upp á garðmyndina, sé þeim komið fyrir á nokkrum vel völdum stöðum.

# Mörk lands og sjávar rofin

Það er engin ástæða til að örvænta þótt maður hafi ekki græna fingur, þar sem blóm og beð þurfa ekki að vera fyrirferðarmikil í garðinum. Garðeigendur vestur í bæ tóku þann pól í hæðina þegar þeir létu endurhanna lóðina sína.

Garðar sem eru uppfullir af skemmtilegum gróðri geta verið til prýðis en þó fer mikil vinna í að halda þeim við og af ýmsum ástæðum treysta sumir sér einfaldlega ekki til þess.

Garðeigendur vestur í bæ, sem voru búnir að fá nóg af stöðugu streði í garðinum, brugðu á það ráð að fá landslagsarkitektinn Ragnhildi Skarphéðinsdóttir til liðs við sig og hanna lóð sína upp á nýtt með það fyrir augum að þurfa sem minnst að gera.

Veggir voru reistir beggja vegna hússins til að afmarka lóðina, göngustígur lagður til að brjóta hana upp og sum beðanna fyllt hvítri möl, sem talin er hamla vexti arfa og annars illgresis.

Veggirnir veita líka ágætis skjól fyrir ágangi sjávarins, þar sem húsið er niðri við sjávarsíðuna, en þegar sjórinn lætur mest að sér kveða er ekki óalgengt að hann ýrist yfir húsið og sjávarselta setjist á rúður þess.



Marga dreymir um að eiga jafn skemmtilegan sólpall og þennan úti í garði þar sem hægt er að drekka gott morgunkaffi. Það geta eigendur hússins við sjávarsíðuna gert þegar vel viðrar auk þess sem þeir hafa einstakt útsýni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þetta skemmtilega þríhyrningslaga blómabeð virkar vel saman við göngustíginn og kerin sem eru í garðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Stutt er niður að sjó frá húsinu, þar sem góður göngustígur liggur meðfram allri strandlengjunni, en hann er fjölsóttur af göngugörpum, skokkurum, hjólreiðamönnum og hundaeigendum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Annað gott dæmi um hvernig landlagsarkitekinn hefur nýtt sér ferköntuð form til að brjóta upp garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM













pgv

## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

---

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

# Sumarbústaður með stjörnu-athugunarstöð

Það fara ekki allir hefðbundnar leiðir þegar þeir reisa sér hús á sumarbústaðarlandi sínu.

Skemmtilegur sumarbústaður var byggður árið 1989 í landi Snæfoksstaða við Vaðnes í Árnessýslu. Jörðin er 1,1 hektarar og tveir golfvellir eru stutt frá, þannig að þarna er allt til alls.

Það sem vekur hins vegar strax athygli við landið er stjörnuathugunarstöðin sem húseigandi sá sig tilneyddan til að reisa á landinu undir 12 tommu stjörnukíki, þar sem hann segir að erfitt sé orðið að sjá stjörnubjartan himin á höfuðborgarsvæðinu vegna ljósmengunar. Sumarbústaðurinn er til sölu hjá Eignarmiðlun, en athugunarstöðin fylgir með sé þess óskað.



Þessi skemmtilega stjörnuathugunarstöð er í landi Snæfoksstaða við Vaðnes í Árnessýslu. MYND ÚR EINKASAFNI





Weber Genesis Silver

GRILL Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Það sem gerir Weber grillin framúrskarandi er jöfn dreifing hita sem sparar gas, öll steiking verður jafnari og betri. Weber endist lengur og heldur útliti sínu. Þess vegna er Weber fjárfesting!

Gott hráefni kallar á alvöru grill!

pipar / SÍA

Söluaðilar:

HÚSASMIÐJAN GARÐHEIMAR JÁRN & GLER

www.weber.is




Margrét Sverrisdóttir í garðinum heima hjá sér með hundinn Blöndu, sem fær að fara með vestur þar sem hún unir hag sínum vel þótt ferðalagið leggist illa í hana. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Líkar vel við sveitastörfin

Hjónunum Margréti K. Sverrisdóttur, framkvæmdastjóra Frjálslynda flokksins og varaborgarfulltrúa, og Pétri S. Hilmarssyni viðskiptafræðingi, finnst gott að verja tímanum á bóndabæ sínum vestur við Skutulsfjörð. En má búast við því að Margrét söðli um og flytji alfarið í sveitina?

„Nei, ég er nú ekki flutt í sveitina, en fer þangað hluta af sumri,“ segir Margrét hlæjandi. „Við hjónin eigum bóndabæ, sem nefnist Kirkjubær, við Skutulsfjörð við Ísafjarðardjúp. Ég var þarna mikið sem krakki og hjálpaði til við sveitastörfin, þar sem afi og amma áttu sumarhús skammt frá. Svo eiga foreldrar mínir sumarbústað með móðursystur minni rétt hjá þar sem langafi og -amma bjuggu áður, þannig að stórfjölskyldan er þarna samankomin í sitthvoru húsinu.“

Margrét segir fjölskylduna ekki fara sjaldnar en einu sinni í mánuði vestur, þar sem tímanum er oftar en ekki varið í framkvæmdir. „Maðurinn minn hefur verið duglegur við að reisa girðingar og svo höfum við gróðursett talsvert,“ segir hún. „Í sumar ætlum við að skipta um glugga, en það var síðast gert árið 1970. Heitum potti verður einnig komið fyrir og gott ris útbúið, en við það ætti grunnflöturinn að stækka úr 50 fermetrum í hátt í 150 fermetra. Í fyrrasumar skiptum við líka um þak, sem lak lítilega. Annars var húsið í mjög góðu ástandi þegar við keyptum það árið 1998,“ bætir hún við.

„Á milli verkefna förum við á handfæraveiðar, en mikil vinna fer í að ganga frá aflanum ef vel veiðist,“ segir Margrét. „Eins og heyrist kannski finnst okkur svolítið gaman að hafa eitthvað fyrir stafni,“ bætir hún við og hlær. Margrét tekur fram að fjölskyldan slappi þó líka af í góðra vina hópi, enda sé gestkvæmt á Kirkjubæ og oft mikið fjör. „Okkur finnst gaman að snæða í garðinum, þar sem gott skjól ríkir vegna allra girðinganna sem húsbóndinn er búinn að reisa. Það er óhætt að segja að hér uni sér allir, enda ótrúlega fallegt um að litast.“



Siglt úr Lónafirði. Systir Margrétar, Ásthildur, og eiginmaður hennar, Matthías, eiga glæsilegan sportbát en þau eru dugleg að bjóða vinum og vandamönnum með sér í siglingu. MYND ÚR EINKASAFNI



Það er gestkvæmt á Kirkjubæ og oft glatt á hjalla eins og sést á þessari mynd þar sem stórfjölskyldan er samankomin til að snæða dýrindis máltíð í glampandi sól. MYND ÚR EINKASAFNI



Afasystir Margrétar og eigimaður hennar byggðu bæinn árið 1940. Þegar hún féll frá var hann um langa hríð ekki í eigu fjölskyldunnar, eða þar til Margrét og Pétur keyptu hann árið 1998. MYND ÚR EINKASAFNI



Mæðgurnar Gréta, Ásthildur og Margrét í steikjandi hita fyrir vestan. MYND ÚR EINKASAFNI.



Margarítan stendur fyrir sínu í bleiku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Snædrífan slær í gegn

Sumarblómin dafna nú í görðunum í öllum regnbogans litum. Við tókum púlsinn á nokkrum gróðrarstöðum og komumst að því hvaða blóm standa landanum næst.

„Snædrífan klárast alltaf hjá okkur. Hún er mjög harðgerð og lifir lengi, lengst af hengiplöntunum. Hún lifir best í hálfskugga, er mjög falleg og ilmar. Skrautnálin og silfurkamburinn hafa einnig verið vinsæl en þau lifa líka lengi fram á haust. Skrautnálin breiðir vel úr sér og er afskaplega falleg. Sólboðinn er alltaf vinsæll og margaríturnar líka sem og tóbakshorn og lóbelíur,“ segir Helga Steingrímsdóttir, garðyrkjufræðingur hjá Garðheimum.

Helga segir sama mynstrið einkenna sumarblómakaup landsmanna frá ári til árs. „Fólk kaupir mikið það sama en leitar að harðgerðum plöntum, sérstaklega í sumarbústaðinn. Hengiblómin eru mjög vinsæl og ekki síður vinsæl en blómin í beðinu. Fólk setur blóm frekar í ker núna og við erum líka með mikið úrval af hengibastkörfum og hengipottum.“

„Ég get ekki sagt að einhver einn litur sé vinsælli en annar en lillað og hvítt er mjög vinsælt. Stjúpurnar standa alltaf fyrir sínu og eru þær mikið teknar í blönduðum litum.“



Það er engin spurning um að snædrífan er langvinsælust á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hjá Gróðrarstöðinni Glitbrá í Sandgerði er sama upp á teningnum en þar er snædrífan að slá rækilega í gegn. „Hún er langvinsælust. Það er tiltölulega stutt síðan hún kom á markað og fólk er að kynnast henni. Hún er ótrúlega sterk og í blóma langt fram á vetur þannig að fólk þarf ekki að kaupa aftur blóm ef það velur snædrífuna. Hún passar vel í sumarbústaðinn því það er bara hægt að láta rigninguna sjá um hana,“ segir Gunnhildur Ása Sigurðardóttir, eigandi gróðrarstöðvarinnar.

„Það er alltaf eitthvað nýtt á blómamarkaðnum á hverju ári. Skógarmalvan hefur verið vinsæl í ár en það er stór planta með ljóslillabláum blómum og dökkum æðum. Hún er ofboðslega falleg og sterk og þolir allt,“ segir Gunnhildur sem segir fólk helst vera að leita að harðgerðum og fallegum plöntum. „Allavega vill fólk hér á Suðurnesjum helst harðgerðar plöntur þar sem hér getur oft gengið á ýmsu.“

„Það hefur verið lítil sala á stjúpum miðað við venjulega. Ég held að fólk sé orðið svolítið leitt á stjúpunum og sé frekar að leita að blómum sem lifa lengur eins og morgunfrúm, hádegisblómum og silfurkambi. Lillableikt er mikið inni núna en það eru alltaf nýir tískulitir á hverju ári. Guli liturinn er algjörlega úti þar sem fólk segir hann laða að svo mikið af flugum. Nellikkur og margarítur komu nýjar inn á markaðinn í ár í lillableikum og er hann mikið notaður með gráu og hvítu.“



Hengiblóm eru sífellt vinsælli á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Stjúpurnar eru vinsælar frá ári til árs þó margir séu farnir að breyta aðeins til. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Silfurkamburinn er vinsæll hjá landanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA






Á góðum sumardegi nýtur garðurinn sín vel í sólinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ásu finnst fátt skemmtilegra en að dunda sér í garðinum og gleymir sér tímunum saman við garðverkin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Frekar úti en inni að ryksuga

Þeir sem þekkja til á Seltjarnarnesi ættu að kannast við garðinn á Fornuströnd 10 en hann hefur fengið tvær viðurkenningar frá bænum enda með eindæmum fallegur.

„Ég held ég sé ekkert með sérstaklega græna fingur, ég ólst bara upp við garðyrkjuna. Ég byrjaði að hugsa um garðinn heima þegar ég var stelpa og síðan var ég í kirkjugörðunum á sumrin þegar ég var unglingur. En ég hef alltaf haft svakalega gaman að þessu. Ég er frekar úti að þrífa en að ryksuga inni," segir Ása Kristín Oddsdóttir, húsmóðir og listmálari og stoltur eigandi garðsins á Fornuströnd 10. „Ég hef ekki hugmynd hvað eru margar plöntur í garðinum. Það versta við þetta er að ég hef eiginlega ekkert pláss eftir og svo sér maður eitthvað fallegt sem mann langar í og lætur freistast," segir Ása hlæjandi og segir garðyrkjuna bara vera áhugamál. „Ég er alls ekki fróð um plöntur. Ég er alltaf að læra og alltaf að gera mistök. Ég hef verið í Garðyrkjufélaginu í mörg ár en fæ mína ráðgjöf með því að lesa bækur. Þegar ég kaupi plöntur skoða ég hvaða planta þetta er og reyni að skrifa niður hvar og hvenær ég kaupi hana. Sumt gengur mjög vel hérna en annað ekki. Plönturnar eru dyntóttar og þær eru allar breytilegir einstaklingar. Ég tek þessu ekki of alvarlega enda þýðir það ekkert. Þá er ekkert gaman."

Ásu finnst fátt skemmtilegra en að dunda sér í garðinum en fær líka hjálp frá eiginmanninum. „Ég slæ aldrei, eiginmaðurinn sér alltaf um það. Ég er mest í því að reita arfa, planta niður og færa til. Hann hjálpar mér við það sem ég get ekki gert. Ég get gleymt mér í þessu tímunum saman. Oft heyri ég kallað innan úr húsi á mig hvort ég vilji ekki fá mér eitthvað að borða. Ég gleymi því alveg og vil helst bara klára það sem ég er byrjuð á."

Ása og eiginmaður hennar, Þorkell Bjarnason, byggðu húsið að Fornuströnd 10 og unnu garðinn frá byrjun. „Ég skipulagði hann sjálf en myndi örugglega skipuleggja hann öðruvísi í dag. Við fluttum inn fyrir jólin 1979 og unnum garðinn smátt og smátt. Maður gerir náttúrulega ekki allt í einu enda er þetta mikil vinna," segir Ása sem er með aðeins öðruvísi áherslur í garðinum nú en þá. „Nú þegar ég er að eldast þá skipti ég blómunum meira út fyrir runna því það er auðveldara að hugsa um þá. Ég læt samt freistast í blómunum ef ég sé eitthvað sérstakt. Annars nota ég sumarblómin til að fá liti í garðinn. En garðurinn er stór og gleypir ósköp mikið af blómum þannig að fjörutíu til fimmtíu sumarblóm hverfa í honum eins og ekkert sé."

„Ég vissi að þú myndir spyrja að þessu," heyrist í Ásu þegar blaðamaður spyr um uppáhaldsblómið. „Í fyrra sagði ég að það væru liljur. Ég get reyndar ekki haft þær inni því það kemur svo mikil lykt af þeim. Ég er mjög hrifin af levisíum og mér finnst sirenur líka mjög skemmtilegar. Sérstaklega sírenan elenóra. Það er frábær planta."



Garðurinn nýtur sín vel í sumarblíðunni þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ýmsar fallegar dýrastyttur finnast í garðinum innan um blómaskrúðann. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Ása notar sumarblómin til að fá lit í garðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Hver er draumaliturinn þinn?
„Mig dreymir stöðugt um bústaðinn minn og allt það sem ég get gert til að gera hann enn fallegri... mig dreymir um blaðgrænan, mosagrænan, skógarbrúnan...“
DRAUMALITIR
Slippfélagið
LITALAND
DUGGUVOGI 4 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 8000
www.slippfelagid.is
Við erum sérfræðingar í litasamsetningum og líka í viðarvernd. Við vitum að **Viðar** er það sem þig vantar. Vertu góð við sjálfa þig og viðinn, komdu í **Slippfélagið** og kauptu allt sem þarf.
**Viðar** er þekjandi viðarmálning sem er létt í vinnslu, flýtur vel og myndar þekjandi filmu án þess að viðarmynstrið tapist.
**Viðar** myndar vatnsfráhrindandi og veðurþolna filmu.
Í **Viðari** eru efni sem verja viðinn gegn niðurbrotsáhrifum sólarinnar og efni til varnar gegn sveppa- og gróðurmyndun.



Undarlegum stiga var skipt út fyrir þennan fallega stiga frá Agli Árnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Birgir og Inga hafa átt ánægjulegan tíma í húsinu, ekki síst eftir að þau eignuðust dótturina Sölku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Afsíðis en umkringt lífi

Fyrir tveimur árum festi Birgir Kristmannsson, tölvunarfræðingur hjá Mekkanis hugbúnaðarstofu, kaup á gömlu, tveggja hæða húsi með kjallara, að Vesturgötu 5a í Reykjavík. Húsið hefur gengist undir töluverðar endurbætur í meðförum Birgis og sambýliskonu hans, Ingu Birnu Eiríksdóttur kennara. Útkoman er ótrúlega flott.

„Mér fannst frábært að það skyldi vera í Grjótaþorpinu, meðal annars þar sem svo stutt er í allt,“ segir Birgir, aðspurður um hvað hafi heillað hann við húsið og bætir við að þrátt fyrir staðsetningu sé lítil hljóðmengun frá bænum. „Svo bauð íbúð í kjallara upp á leigumöguleika.“

Húsið er frá árinu 1903, en var flutt á núverandi stað og nýjan grunn 1994. „Lagnir, rafmagn, dren og klóak eru því ný,“ útskýrir Birgir. „Svo var búið að rífa niður milliveggi til að skapa opið rými og gifsklæða þegar ég keypti.“

Birgir hélt áfram þar sem fyrri eigendur létu staðar numið í endurbótum. „Ég pússaði gólf og setti upp fataskápa, bað- og eldhúsinnréttingar,“ útskýrir hann. „Þá var stiga á milli mið- og efri hæðarinnar skipt út fyrir stiga frá Agli Árnasyni. Húsið krafðist líka mikillar vinnu utandyra. Skipt var um bárujárn, gengið frá gluggum og svalir smíðaðar.“



Á efri hæð hússins er góð svefnaðstaða, þar sem einstaklega þægileg stemning ríkir.

Birgir réðst að mestu leyti sjálfur í framkvæmdirnar innandyra, en fékk með sér iðnaðarmann í það sem gera þurfti að utan. „Við lukum við innvolsið að mestu fyrsta árið, en sumarið 2005 kláruðum við það að utan,“ segir hann. Útkoman er einstaklega flott.

Birgir og Inga ákváðu nýlega að kaupa lóð í Garðabæ og því stendur Vesturgatan nú til sölu. Birgir segist mun sakna hússins þar sem honum hafi liðið einstaklega vel í því. „Það er svo gott að geta verið svolítið afsíðis, en samt séð hvernig Fischersund iðar af lífi,“ segir hann. „Jafn góður staður er vandfundinn.“



Hundurinn Tryggur sést hér trítla frá svölunum þar sem tilvalið er að fá sér morgunkaffi eða grilla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Þetta glæsilega einbýlishús er nú til sölu en það var vandasamt verk að koma því í núverandi horf. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu. Meðal annars var skipt um eldhúsinnréttingu með góðri útkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Softub þykja barnvænir nuddpottar. Brúnirnar eru mjúkar viðkomu, öryggislæsing er á pottlokinu og engin hætta er á að börn brenni sig þar sem hitastýrisbúnaður hindrar að vatnið verði of heitt.
MYND Í EIGU JÓN BERGSSON EHF.

# Pottar sem henta alls staðar

Fyrir þá sem vilja prófa skemmtilega öðruvísi nuddpotta, má benda á Softub sem farið hefur sigurför um heiminn. En hefur Softub einhverja kosti umfram aðra nuddpotta?

„Softub eyðir sjálfsagt minnstri orku allra nuddpotta, eða 1.100-1.400 krónum í rafmagn á mánuði á meðan dæmigerður pottur eyðir eitthvað á bilinu 4-6.000 krónum,“ útskýrir Örn Jónsson hjá Jóni Bergssyni ehf., söluaðila Softub hérlendis.

Örn segir að hægt sé að tengja Softub í venjulega innstungu svo ekki þurfi sérstakar lagnir, auk þess sem nota megi hann innan- jafnt sem utandyra í hvaða veðri sem er. „Svo er hann tiltölulega léttur, hægt er að velta honum í gegnum dyraop og ekki tekur nema einn til einn og hálfan sólarhring að hita vatnið með hitastýrisbúnaði,“ segir hann.

„Softub-nuddpotturinn er látinn vera í sambandi allan sólarhringinn og heldur alltaf réttu hitastigi,“ segir Örn . „Við eru aðallega með fjögurra til sex manna potta til sölu en einnig fást pottar fyrir tvo. Pottarnir hafa að vonum vakið mikla lukku hérlendis.“



Softub-nuddpotturinn er búinn ýmsum kostum, enda hefur hann farið sigurför um heiminn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Örn segir Softub henta við alls kyns aðstæður, þar sem hann er úr veðurþolnum vinýldúk. Örn segir veðurþol Softub sannast af því að pottur hafi verið lánaður upp á Langjökul.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BORTÆKNI
KJARNABORUN
STEYPUSÖGUN
MÚRBROT
ÞJÓNUSTA ★ ÞEKKING ★ REYNSLA
S: 567 7570 - bortaekni.is

# Gler & Brautir

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA – 5 ÁRA ÁBYRGÐ



# COVER

## Svalalokanir & Sólstofur

***Cover* er póstalaust gler-brautarkerfi, sérhannað fyrir svalalokanir, sólstof-ur og önnur opin rými.**

***Cover* glerbrautarkerfið er eina kerfið sem rennur á hjólum jafnstórum að ofan og neðan. Það útilokar glamur og stirðleika og getur ráðið við 12mm hert gler. Hannað fyrir vindálag 35 m/sek. skv. Eurocode 124 staðli.**










**COVER** öruggt og sterkt glerkerfi fyrir íslenskar aðstæður - 95% opnanlegt - Þrif einstaklega auðveld innan og utan - 98% lokun - PVC plastlistar milli glerja - Minna hitatap - Vandaður frágangur - Betri hljóðeinangrun, 10 db - Alltaf logn og hreinar svalir - Falleg hönnun - Nánast engin útlitsbreyting - Auðvelt og fljótlegt í uppsetningu - Íslensk framleiðsla - 5 ára ábyrgð

## COVER handriðakerfið loksins á Íslandi!




**COVER** handriðakerfið er létt og einfalt í uppsetningu, ekki þörf á krana. Framleitt úr áli með innbrenndri húð, hægt að fá í hvaða lit sem er. Ekkert ryð, engin tæring. Passar beint við **COVER** glerkerfið. Traust og öruggt, þolir vindálag við íslenskar aðstæður.

Hönnun: Guðjón Smári, s. 898 4337.

# Gler & Brautir

Gler & Brautir ehf. – Gilsbúð 7 – 210 Garðabær

Sími 517 1417 – Netfang: covercover.is – www.cover.is

Ford Escort árg. '96 ekinn 171 þús. Skoðaður '07. Þarfnast smá viðgerðar. Verð 150 þús. Upplýsingar í síma 691 2312, Óskar.

Til sölu mjög vel með farin, ný skoðaður Opel Astra 1600, árg. '97, ek. 102 þús. Verð 180 þús. Nánari upplýsingar í síma 824 4301.

Til sölu Daihatsu Sirion. Árgerð '98 . Ekinn 111 þús. Verð 170 Þús. eða tilboð. Uppl. í s. 865 7711.

Bíll fyrir skólann. Daihatsu Charade SG árgerð 1993 ekinn 55 þús. km. Smurbók, vetrardekk. ný tímareim. Bíll í góðu ástandi. Uppl í s. 899 4104.

## 250-499 þús.



Pegoet '98 (7 manna). Bíll í toppstandi, sk. án ath '06. Frábær fjölsk. og ferðabíll. Ásett verð 480 þ. Tilboð óskast. S. 660 7748, Þormar.

Subaru Impreza '98, sk. 07, vel með farin, ný yfirfarin, allar uppl. í síma 660 9419, 863 3076.

Kia árg. '01, ek. 40 þ., skoðaður '07, ssk. Uppl. í s. 587 0401.

Astra '00. 1600 ek. 77 þús. Bsk, 5 dyra, álf, spoiler. Verð 450 þ. S. 690 5671.

## 500-999 þús.



Til sölu gott eintak af Passat 1600 árg. 2000. Ekinn 81 þús. 17"álfelgur. Aukafelgur. Verð 870.000. Bein sala. Sími 865 3967 & 862 0413.



Til sölu Chevy '88. Ekinn 131 þ. mílur og camper 91 8 1/2 fet skel fylgir bílnum. ATH skipti uppl. í síma 860 2679 Tryggvi.



**Góð Vitara á 100% yfir yfirtöku !!!**

Suzuki Vitara JLXI, 1600, árg. '00, ek. 117 þ. Ásett 770 þ. Fæst á 100% yfirtöku, 660 þ. S. 661 8185.



**Yfirtaka+110 þ. í peningum !!!**

VW Golf Comfort 1.6 árg. '99, ek. 160 þ., 5 gíra, 5 dyra, ABS, Airbag. Áhv. 400 þ. S. 897 2425.

## 1-2 milljónir



Dodge Grand Carvan '01, 4x4, ekinn 160 þ. km. Ýmis skipti koma til greina. S. 898 3324.



Toyota Rav4 nýsk. 11/02 ek. 46 þús. sjálsk., 2000 vél, smurbók. Gott eintak. upplýsingar í síma 696 1939 og 691 9959.



Til sölu Subaru Impressa turbo '99, ek. 76 þús. (Wrx"04 motor ek 8 þús). Flækjur, 3" púst. Verð. 1.300.000 stgr. eða tilboð. Áhv c.a 700 þús. Þarfnast smá lagfæringar. S. 690 9446.



Volkswagen golf 1,6 beinsk. árg. '02 ek. 77 þ. góður bíll . Verð 1.050 áhv. 800 þ. Uppl. í s . 869 9540.



Toyota Yaris 1300 11/04, sjálfsk., ek. 20 þús. Verð 1.350 þús. S. 821 7444.



Rekstrarleiga 42% afsláttur! V/flutnings býðst F. Focus C-Max '04 ekinn 40 þ. á rekstraleigu í 12 mán. Aðeins þarf að greiða fyrir 7 mánuði á ca 37 þús. hvern. Allar skoðanir og dekkjaþj. innifalin S. 824 5343.

Dodge Stratus '04 ek. 26 þús. km. Sjálfsk. Góður bíll. Verð 1490 þús. S. 690 8018 & 551 5483.

## 2 milljónir +



glæsilegur ferðabíll til sölu. Ford Econline árgerð '98. Uppl. í s: 89 47617.

## Jeppar



Vel útbúinn Nissan Patrol '01, 44" til sölu. Ásett verð 3,7mill. 2 mill. áhvílandi. Skipti mög. á ódýr. Guðjón S. 660 4115.



MMC Montero limited, árg. 2003, ek. 72 þ. km, 7 manna, svartur/grár, leðurákl., sjálfsk. Frábær bíll á mj. góðu verði, 2.500þ stgr. Uppl. í s. 617 6491 & 821 2717.



Musso E23 árg. '98 nýskráður 04/2000, ekinn 106 þ., sparneitinn jeppi í góðu standi. Verð 650 þ. upplýsingar í s. 898 8102.

Suzuki Grand Vitara LX-7 árg. '04, sjálfsk. Ek. 50 þús. km. Verð 2.100 þús. S. 690 8018 & 551 5483.

## Hópferðabílar



Til sölu Benz Clubstar árg. '89, 22 manna. Uppl. möguleiki á skipti á fólksbíl gefur Helgi í síma 487 8920. eftir kl 19.

## Vörubílar



Benz 1317 árg. '86, ekinn aðeins 110 þús. +10m vagn, burðargeta 14.5t, sk. '07. Verðtilboð. S. 893 1050.

## Húsbílar



Ford F 250 árg. '99 dísel, ssk., ek. 103 þús. ásamt shadow cruiser pallhúsi árg. '98. Verð 2.600 þús. Skoða uppítöku. Uppl. í s. 849 8157.

## Mótorhjól



Harley Davidson V Rod '03 100 ára afmælistýpa, ekið 6 þús. mílur, V 2,2m. S. 893 6321.



Honda VTX 1800 05" ek.,100 m., sem nýtt. V. 1600 þús., stg., einnig eins hjól '04 V. 1400 þús., S. 898 8829.



Til sölu er Honda Shadow Searb 1100. Árg. 2000. Verð 1.000.000 kr. Uppl. í s. 695 5521.



Til sölu Kawasaki Vulcan 750, árg. 2001. Glæsilegt hjól hlaðið aukahlutum. Verð 750 þús. Upplýsingar í síma 863 3865.



Kawasaki ZX-10R 2005 árg. 3000km. Ingi 863 5660. Fleiri hjól á motorhjol.blogspot.com

2 stk endurohjól TM 400 '01 og Yamaha DT175 '00. Ýmis skipti möguleg. Uppl. í s. 896 6007.

V-thunder classic 250cc, árg. 2005. Flottur hippi fyrir byrjendur. verðhugmynd 370 þús. Uppl. í síma 824 8929.

Til Sölu Honda cr. 85 expert. Hjólið er í toppstandi og mikið er af aukahlutum. Uppl. í s. 695 9272.

Polaris Touring árg.'04, Verð 800 þús. ath skipti á örður hjóli. Uppl. í s. 844 5421.

## Vespur




Ein með öllu. Fyrsta magnpöntun okkar að skella á. Þú pantar, greiðir 38.500 kr staðfestingargjald. Allar upplýsingar á www.bms.is/race. BMS Race. Suðurlandsbraut 8. Sími 517 5080.

## Kerrur

Golfbílakerrur. Víkurvagnar.

Fólksbílakerrur. Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

Jeppakerrur, Víkurvagnar

## Hjólhýsi



Til sölu Hjólhýsi Hobby 560KMFE. Árgerð 2006. Nýtt og ónotað. Mjög fallegt hjólhýsi með kojum, hjónarúm, U-sófa, og öllum þægindum. Uppl. í síma 863 4746.

## FJÓRHJÓL



## Hljómtæki

Heimabíómagnari, Harman/Kardon AVR 3000 til sölu ásamt hvítum Bose hátölurum, 5 stk + bassabox. Nánast ónotað og vel með farið. Verð 35.000 kr Upplýsingar í síma 6969-169.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Til byggingga




NOTUÐ STEYPUMÓT
Seljum notuð mót ásamt öllum fylgihlutum frá:
Peri • Paschal
Doka • Meva
Hünnebeck • Noe
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Eigum til afgreiðslu hinar vinsælu
icaro
Járnabeygju-vélar og klippur
Kynnið ykkur verð og gæði
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is




## Verslun

Venus
TILBOÐ
DVD dagar
Fáðu 3 dvd myndir með 20% afslætti
Stútfull búð af nýjum DVD myndum
Verð frá 1.990 kr
Venus erotica store
Freyjugata 1
S. 552 2525 www.venus6.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

XXX DVD
Besta verðið!!!
NÝJAR MYNDIR FRÁ USA Á AÐEINS 2.950,-
ALLAR VHS Á 1.490,-
Grensásvideo.is
Grensásvegi 24
Sími 568 6635
Opið 15-23.30




20 % afsláttur af öllum Nicorette nikótín-lyfjum í Apótekaranum.

Veisluþjónusta. Alheimseldhús.is.

Buxnadagar. Ceres, Nýbýlavegi 12

Hamborgarabúlla_Tómasar. Hamborgarar eru góðir. Hamborgarabúlla_Tómasar.

Upplýsingaöryggi. Anza, öruggur rekstur tölvukerfa.

Velkomin í stærri og glæsilegri verlsun í Lágmúla. Lyfja- Lifið heil.

Dekraðu við ástina þína, gefðu blóm, Blómabúðin Dalía, Fákafeni.

Grillað lambafille. www.bestalambid.is

Hamborgarabúlla Tómasar, Vertu þinnar gæfu smiður. Hamborgarabúlla Tómasar.

Sjáðu HM leikina í beinni á Olís stöðvunum. Olís, við höldum með þér!

Kortaþjónustan. Samkeppni í kortauppgjöri.

Hleðslutæki. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Potturinn og Pannan, Sjávarréttapanna. Brautarholti 22

Blóm, gjafir, kort og konfekt, íslenskt að sjálfsögðu Blómabúðin Dalía, Fákafeni.

Grillað læri. www.bestalambid.is

Potturinn og Pannan, súpa og salatbar, Brautarholti 22

Létt sumarpils, Belladonna.

Stækkum myndir. www.Pixlar.is

Herraföt, Timberland. Timberland, Kringlunni.

Háskólaútskrift, 5 liljur nýafskornar og ferskar. Blómaval.

Prentum á striga. Pixlar.is

Bátar og utanborðsmótorar. Gísli Jónsson, Klettháls 13.

Glæsileg verslun- gott verð. Lyfja Lágmúla.

Gagnaeyðing í Skútuvogi 13. Gagnaeyðing sími 568-9095

Columbia útivistarfatnaðurinn fæst í Útilífi. Útilíf.

Rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Útivistardagur Flexor 24. júní, milli 11 og 14. Sérfræðingar aðstoða við val á réttum skóm með afslætti. Flexor Orkuhúsinu.

Flottir stuttermabolir, Belladonna.

Hamborgarabúlla Tómasar. Hver er sinnar gæfu smiður. Hamborgarbúlla Tómasar.

Hamborgarabúlla Tómasar. Hver er sinnar gæfu smiður. Hamborgarbúlla Tómasar.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Er allt í drasli?
Þrifum fyrir heimili, húsfélög, stofnanir og skóla.
Tökum að okkur iðnaðarþrif, flutningsþrif, teppahreinsun og bónvinnu.
Láttu okkur um þrifin
BK - Ræsting
Nánari upplýsingar í síma
868 5599

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Láttu mig um púlið! Nýbygginga og flutningsþrif. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

## Ræstingar

Íslandsþrif
Alhliða verktakar á sviði ræstinga.
Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Olíuborum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslipun. Flutnings og nýbyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

## Garðyrkja

GARÐSLÁTTUR
Sláum garðinn, hreinsum beðin, klippum runna, leggjum þökur, auk annarar almennrar garðvinnu!
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Sælugarðar, Kári 824-1238

Túnþökusala Oddsteins
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Steini
Sími:663 6666
Frí heimkeyrsla

TÖKUM GARÐINN Í GEGN
Gerum tilboð í garðslátt, trjáklippingar, hellulagnir, þökulagnir, hreinsun beða og aðra garðvinnu.
SLÁTTUMENN
Þórhallur 846 0864
Hjörleifur 844 6547




Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklippingar, þökulagnir, garðaúðun og allt annað sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Garðlíf, s. 691 9151.

**Vorfáni - Hellulagnir**
Varmalagnir, hleðslusteinar og drenlagnir ásamt tengingum. Tiltekt í görðum og önnur verk.
**S. 892 9141**

**Hellulagnir - Garðyrkja - Trjáklippingar**
Getum bætt við okkur verkefnum. Hellulagnir, grjóthleðslur, sólpallar, girðingar, trjáklippingar og umhirða á lóðum. Fljót og góð þjónusta.
**Jóhannes - Skrúðgarðyrkjumeistari. Sími 896 5624.**



**Briggs og Stratton Orf**
4 gengis (þarf ekkia ð blanda olíu við bensín-minni hávaði). Verð nú 26.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn, Vagnhöfða 8, s. 517 2010.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Ertu á leiðinni til London? Tvö stór herbergi til leigu 1.dag, viku, mánuð allt eftir þínum óskum. Ódýr leiga. uppl. 0044 78 8064 3440.

Glæsileg rúml. 100 fm íbúð í norðurbæ Hfj. til leigu frá 15.08.06-01.07.07. Verð 110 þús. á mán. Uppl. í s. 820 3230.

58 fm íbúð í Hraunbæ til leigu. Leigist aðeins skilvísu og reglusömu fólki. Uppl. í s. 849 1112 á kvöldin.

Rúmgott herbergi til leigu í miðbænum, aðgangur að eldhúsi, baði og þvottahúsi. Tilvalið fyrir skólafólk. Laust frá 1. júlí. Leiga 25.000. kr. Uppl. í s. 562 7397 og 892 3105.

## Húsnæði óskast

**Íbúð óskast í Reykjavík**
5 manna fjölskyldu vantar íbúð í Rvk í c.a 7 mánuði. Reglusamt fólk, skilvísum greiðslum heitið.
**Uppl. í síma 865 9588.**

tvær stúlkur frá Austurlandi óska eftir 3 herb íbúð í Rkv. í ágúst. reykl. og reglusamar, skilvísum greiðslum heitið. S: 6994463/8672633

Læknanemi óskar eftir íbúð í hverfi 101-108. Góður í umgengni og skilvísum greiðslum heitið. S. 849 8512.

Óska eftir einstaklings eða 2 herb. íbúð á höfuðborgarsv strax greiðslugeta 50-65.000 á mán., algjöri reglusemi heitið. Gsm 862 7762.

Fyrirtæki óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í miðbæ RVK júlí til ágúst. Öruggar greiðslur. Uppl. í síma 696 9696.

19 ára reglusamri stúlku á leið í nám í Háskólann í Reykjavík bráðvantar húsnæði. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 471 3001 & 864 1192.

## Sumarbústaðir








**VEGGFÓÐUR.**
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
**30% AFSLÆTTI**
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



**GLÆNÝTT**
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík


## Atvinnuhúsnæði



Til Sölu 151fm Einingahús til niðurrifs ásamt 15 fm Skúr. Allar innréttingar, gólfefni, hurðir, kerfisloft, salerni ofl. innifalið. Nánari upplýsingar í síma 860 2001.

Til leigu bjart og gott skrifstofu herbergi við Fiskislóð góð sameign. Uppl. í s. 897 3290.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymsla1.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Vantar bílskúr með góðum inngangi til að geyma tvöfalda sleðakerru. 15-60fm2. Skoða allt. uppl. í síma 899 8222.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ræsting / Morgunvinna**
Okkur vantar gott fólk í afleysingar. Hentar vel fyrir heimavinnandi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**www.kringlukrain.is Upplýsingar í síma 863 8900.**

BG – við tryggjum þér hreina framtíð

**Störf við ræstingar - hreingerningar**
BG óskar eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar og hreingerningar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Meðal starfa í boði eru:
-Nokkur störf við ræstingar á daginn á fyrirtækjabifreiðum
-Dagræstingar í fyrirtækjum og stofnunum.
-Kvöld og næturræstingar í fyrirtækjum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið.
-Störf við sérhreingerningar - mismunandi vinnutími.
-Störf við hreingerningar innanhús og utan. Vinnuvélaréttindi skilyrði.
**Upplýsingar veitir Sherry í síma 533 5000 eða 693 1516. Einnig er hægt að senda inn umsókn á www.bgt.is eða til sherry@bgt.is**

**Vantar þig ca. 100.000 kr. í aukatekjur**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Ráðum ekki yngri en 20 ára. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5552 / annasig@frodi.is**

**Veitingahúsið Nings**
Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fulla vinnu. Unnið er 15 daga í mánuði.
**Upplýsingar í síma 822 8833 hægt er að senda umsókn á www.nings.is**

**Mothers and Others!**
Help needed! -Part time $500 - $2000 -Full time $2000 - $8000 - Full training www.123ibo.com
**www.123ibo.com**

**Veitingahúsið Nings Stórhöfða**
Óska eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu.
**Upplýsingar í síma 822 8867 og einnig inn á www.nings.is**

# TÓMSTUNDIR OG FERÐIR









REYKJAVÍK

# Óskum eftir starfsfólki í vörutiltekt

**Starfssvið:**
- Tiltekt og móttaka á vörum
- Skráning og yfirferð
- Uppröðun og frágangur

**Hæfniskröfur:**
- Stundvísi og reglusemi
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði

Um er að ræða framtíðastörf með möguleika á yfirvinnu. Á staðnum er mötuneyti og góð aðstaða fyrir starfsfólk.

Umsóknarfrestur er til 30. júní nk. Nánari upplýsingar gefur afgreiðslustjóri í síma 569-2200 virka daga. Umsóknir skal senda á netfangið hermanne@ms.is en einnig má nálgast sérstök umsóknareyðublöð í anddyri MS að Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.

Leikskólakennarar og matráður óskast

## Leikskólinn Sólborg í Sandgerði

óskar eftir deildarstjóra í 100% stöðu og einnig leikskólakennurum í tvær 50 % stöður e.h. Ef ekki fást leikskólakennarar í þessar stöður verða ráðnir leiðbeinendur.
Einnig óskum við eftir matráði í 100% starf.
**Umsóknarfrestur er til 3.júlí 2006.**
Nánari upplýsingar veita Jórunn Alda leikskólastjóri eða Hanna Gerður aðst.leikskólastjóri í síma 423 7620.

## FLÝGUR FISKISAGA....

Tíu fiskbúðir víða á höfuðborgarsvæðinu hefja á næstunni sameiginlegan rekstur undir yfirskriftinni FISKISAGA. Í glæsilegum verslunum verður boðið upp á ferskan fisk og tilheyrandi meðlæti ásamt úrvali af girnilegum tilbúnum fiskréttum.

Verslanir FISKISÖGU óska eftir að ráða verslunarstjóra og áhugasamt afgreiðslufólk í heilsdags- og hlutastörf. Góð laun í boði fyrir gott fólk.

Nánari upplýsingar um störfin gefur Óskar Garðarsson í síma 863 8610.

Fiskisaga
Ævintýralegar fiskbúðir



allt brúðkaup
Alla þriðjudaga

TIL SÖLU

## Fyrirtæki til sölu

Til sölu er fyrirtæki mjög sérhæft. Krefst þriggja til fjögurra manna vinnuframlags. Tengist sjávarútvegi. Uppl. í síma 892-7088.

FASTEIGNIR

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

## TIL SÖLU EÐA LEIGU FÍFUVELLIR – FALLEGT RAÐHÚS

Frum



Nýlegt fallegt 184,5 fm raðhús á tveimur hæðum, ásamt 25,2 fm innbyggðum bílskúr, samtals 209,7 fm. Gólfhiti að hluta, flísar á gólfum. Fallegar innréttingar. Möguleiki á allt að fjórum svefnherb. Flott eign, fullbúin eign nema lóð. **GÓÐ EIGN Á FALLEGUM STAÐ Í HRAUNINU. Verð 41.5 millj.** ***Einnig er hægt að leigja húsið fram til 01.12.2006 eða jafnvel lengur, leiga er 165 þúsund á mánuði.***
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Skólavörðustíg 13
Sími 510 3800
Fax 510 3801
www.husavik.net
Reynir Björnsson
Lögg. fasteignasali

## Opið hús milli kl. 17 og 19 í dag Naustabryggja 2 - Glæsieign

Frum





Stórglæsileg 106 fm 3ja-4ra herb. endaíbúð m/verönd og bílgeymslu. Mjög björt m/gluggum á 3 vegu, skemmtileg og vel skipulögð íbúð. Stór stofa, borðstofa, eldhús m/ krók, 2 herb., flísalagt bað og þvottahús. Massíft hlynparket nýl. pússað og mattlakkað. Sléttpússaðir veggir og loft, nýl. hvítmálað. Allar innrétt. eru úr öl frá Axis. Lýsing hönnuð af Lumex. Viðarrimlar fyrir öllum gluggum nema eldhúsi þar eru álrimlar, allt frá Pílutjöldum. Innangengt í læsta bílgeymslu og sérgeymslu. Dekkjageymsla og fleiri geymslur í sameign. Húsið er fallegt, klætt að utan og því viðhaldlítið. Fallegt grænt svæði bak við hús. Glæsileg eign fyrir fagurkera, komdu og skoðaðu. **Laus í júlí. Verð 27,9 millj.**
**Eva Ösp og Benjamín taka vel á móti gestum í dag milli kl. 17 og 19. Bjalla merkt 105.**

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

allt hús
Alla mánudaga




# Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU











Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

## 2. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**VERÐ FRÁ KR. 12.850.000***

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

| ffa Fasteignafélag Austurlands | Fasteigna- og skipasala Austurlands ehf. | domus |
|---|---|---|
| 567 3400 | 580 7905 | 545 0555 |

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# Einkavæðing bankanna



UMRÆÐAN
EINKAVÆÐING BANKANNA

SIGURÐUR T. SIGURÐSSON
FYRRVERANDI FORMAÐUR HLÍFAR

Það er ekki langt síðan flestir bankar hér á landi voru í eigu ríkisins og menn deildu um rekstrarform þeirra. Ýmsir töldu eðlilegt að þeir væru áfram í eigu ríkisins og reknir sem ríkisstofnanir en aðrir sögðu það ekki þjóna hagsmunum almennings og kröfðust þess að ríkið hætti rekstri þeirra og seldi þá einstaklingum, því þá fengi einstaklingsframtakið að njóta sín almenningi í hag.

Þeir sem mæltu með einkavæðingunni héldu þeim rökum óspart á lofti að háir vextir og mikill lánskostnaður hjá ríkisbönkunum væru fyrst og fremst því að kenna að samkeppni vantaði í bankareksturinn. Þetta myndi breytast um leið og bankarnir kæmust í hendur einkaaðila, því þá færu þeir að keppa innbyrðis um hylli viðskiptavinanna. Sú samkeppni myndi leiða til betri þjónustu, lægri vaxta og jafnvel afnáms verðtryggingar á langtímalánum.

Svo fór að lokum að ríkið einkavæddi bankana með því að „selja“ þá á spottprísum til fjársterkra aðila, sem hefðu samkvæmt markaðslögmálinu, getað farið að veita hver öðrum samkeppni og sýnt Íslendingum í verki hvað einkarekstur og frelsi í viðskiptum hefur fram yfir opinber afskipti á þessu sviði.

Almenningur trúði talsmönnum einkavæðingar og sá jafnvel fyrir sér að íslenskir bankar færu að haga sér líkt og kollegar þeirra í öllum hinum vestræna heimi, þannig að kostnaður, til dæmis við íbúðarlán, lækkaði verulega. Nú mörgum árum síðar hefur lítið sem ekkert breyst. Ennþá bíður almenningur eftir því að bankarnir hefji samkeppni hver við annan eins og lofað var áður en einkaaðilar náðu þeim á sitt vald og ennþá bíður almenningur eftir að níðþungar greiðslubyrðar íbúðalána lækki.

Í staðinn fyrir efndir á loforðum um virka samkeppni og lægri lánskostnað reyna bankarnir nú að blekkja almenning með villandi auglýsingum, þar sem auglýst eru lán með hagstæðum vöxtum en sjaldan eða aldrei minnst einu einasta orði á verðtrygginguna sem á láninu er, sem er þó sá undirliggjandi kostnaðarliður sem hækkar greiðslubyrðina mest og viðheldur verðbólgunni. Einkareknir bankar hafa ekkert það fram yfir ríkisreksturinn sem réttlætir tilveru þeirra. Eigendur þeirra hafa fallið á prófinu.

Tekjur bankanna hafa á undanförnum árum aukist ótrúlega mikið og hagnaður þeirra margfaldast. Þannig var samanlagður hagnaður þeirra nær þrefalt meiri á fyrstu þremur mánuðum þessa árs en á sama tímabili í fyrra, eða 61,3 milljarðar króna samanborið við 24,7 milljarða í fyrra. Það má segja að skuldir heimilanna í landinu vaxi í réttu hlutfalli við þennan ofurgróða bankanna.

Þessi ótrúlegi og vaxandi gróði einkavæddu bankanna sýnir á hvaða leið þeir eru. Þeir eru auðsýnilega ekki í neinni innbyrðis samkeppni hver við annan um að lækka lánskostnað viðskiptavina sinna, frekar mætti tala um samráð og samvinnu um verðtryggingu og háa vexti.

Stjórnendur þeirra leggja höfuðáhersluna á að auka sem mest eigin gróða og greiða sjálfum sér ofurlaun sem eru víðsfjarri íslenskum veruleika. Almenning nota þeir einungis til að hámarka gróða sinn.

# „Um sex ársverk í tilvísanir“

UMRÆÐAN
PÁLL HJARTARSON TÆKNIFRÆÐINGUR
SKRIFAR UM HJARTALÆKNA

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, rekur í ágætu viðtali við Fréttablaðið, þann 25. maí sl. undir þessari yfirskrift, aukið álag heimilislækna vegna uppsagnar samnings hjartalækna við Tryggingastofnun ríkisins.

Ekki er hér efast um að þessir útreikningar séu réttir, enda hef ég engar forsendur til þess. Ljóst er að kostnaður sjúklings er ekki talinn með í viðtali þessu, sem er viðtal við heimilislækni, ferð á Tryggingastofnun með reikning hjartalæknis ásamt tilvísun frá heimilislækni né annara óþæginda sem eru þessu samfara s.s. tafir frá vinnu. Fasti punkturinn í þessu öllu er heimsókn til hjartalæknis, sem er skylda að fara til í nánast öllum tilvikum.

Sigurbjörn segir að heimilislæknar kvarti ekki undan álagi vegna þessa, en við sjúklingar hljótum að kvarta undan, því m.a. vegna þessa álags er erfiðara að fá viðtal við sinn heimilislækni, þannig að ekki verður séð að heimilislæknar séu í þessu máli píslarvottar eins og skilja má á Sigurbirni.

Ég held miklu fremur að píslarvottarnir séu við sem verðum að fara alla þessa krákustíga til þess eins að fá leyfi til að hitta þann lækni sem maður treystir vel fyrir líftórunni þegar eitthvað er að hjarta eða kransæðum, og hefur reynst manni vel. Hér er um að ræða árlegt eftirlit eða oftar, sem að sjálfsögðu er háð ástandi viðkomandi sjúklings. Séu aðrir kvillar að hrjá mann fer maður auðvitað fyrst til síns heimilislæknis. Ekki er ég með þessum skrifum að draga eina starfsstétt til ábyrgðar frekar en aðra.

Hitt má ljóst vera að það eru þröngar kransæðar í heilbrigðiskerfinu ekki síður en í fólkinu, því væri eðlilegt að kerfið fengi dálitla skoðun og að henni lokinni lækningu.

Stjórnvöld sem eiga að gæta heildar hagsmuna sjúklinga og tryggja að allir fái sem besta þjónustu og sem ódýrasta lækningu, verða að hafa þá yfirsýn yfir kerfið að þetta markmið náist án þess að einstakir hópar séu fótum troðnir eða aðrir settir á einhvern forréttinda pall.

Ég sem fer reglulega til hjartalæknis geri það vegna þess að þegar ég var útskrifaður af Landspítalanum var mér ráðlagt að láta hjartalækni fylgjast með mér.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.







# Með Framsókn á heilanum

**UMRÆÐAN**
SKRIF UM FRAMSÓKNARFLOKKINN



**ÓSKAR BERGSSON**
VARABORGARFULLTRÚI

Tveir af fastapennum Fréttablaðsins, þeir Sverrir Jakobsson og Ólafur Hannibalsson, auk Björgvins Guðmundssonar, virðast af skrifum sínum vera með Framsóknarflokkinn á heilanum. Fleiri mætti nefna en ég kýs að láta það kyrrt liggja, a.m.k. í bili. Þeir Björgvin og Ólafur hafa lifað tímana tvenna og ættu því að þekkja sögu Framsóknarflokksins vel og Sverrir sem er sagnfræðingur ætti að þekkja 90 ára sögu flokksins. Þrátt fyrir þennan bakgrunn þremenninganna eru skrif þeirra eins ófagleg og ósmekkleg og pólitísk umræða getur orðið. Þegar skrifin eru skoðuð þá fer ekki á milli mála að tilgangurinn er einn og hann er sá að kasta rýrð á Framsóknarflokkinn og þess vandlega gætt að hvergi sé minnst á afrekaskrána sem sagnfræðingur og reynsluboltar í þjóðfélagsumræðu ættu best að vita, vilji þeir láta taka sig alvarlega.

**Að kasta steini úr glerhúsi**

Nýjasta grein Sverris sagnfræðings er háðsglósa um ótímabært andlát Framsóknarflokksins og meinta yfirtöku eignarhaldsfélagsins Exbé á réttindum og skyldum flokksins. Sennilega væri greinin fyndin ef hún kæmi annars staðar frá en úr herbúðum stjórnmálaflokks sem byggður er á rústum Alþýðubandalagsins sem varð bæði hugmyndafræðilega og fjárhagslega gjaldþrota. Gjaldþrotið varð við hrun Berlínarmúrsins, en brautryðjendur flokksins voru bæði fjármagnaðir og heilaþvegnir af kommúnistaflokkum austantjaldsríkjanna. Dylgjur um vafasama fjármálastarfsemi frá sagnfræðingi, sem virðist hafa stjórnmálainnsæi sem aðeins nær aftur fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar og hefur valið sér stjórnmálahreyfingu sem á sér vafasama sögu nátengda einræðisríkjum austantjaldsríkjanna og fjárhagslegu hruni ættu ekki að vera svara verðar. Hins vegar er svo komið að það er ekki lengur hægt að sitja þegjandi undir þessu, enda grjótkast úr glerhúsum aldrei verið talið skynsamlegt.

**Hækjan**

Björgvin Guðmundsson sleppir hækjunni og heldur fast um pennann í síðasta pistli þegar hann ávarpar Framsóknarflokkinn sem hækju íhaldsins. Hann telur að flokkurinn verði með öllu áhrifa-

*Það er í lagi að skrifa beitt og horfa gagnrýnum augum á samfélagið en til þess að það sé marktækt þá þurfa menn að gæta sanngirni og reyna þá í leiðinni að hitta ekki sjálfa sig fyrir.*

laus í samstarfinu í borginni og hlýtur þá að miða við reynslu Alþýðuflokksins af samstarfinu við Sjálfstæðisflokkinn bæði í Viðreisnarstjórninni og í Viðeyjarstjórninni. Ekki er ég viss um að Jón Baldvin og aðrir foringjar Alþýðuflokksins deili þeirri skoðun með Björgvini.

Í sömu grein er hann svo að velta því fyrir sér að ef Framsóknarflokkurinn hefði ekki tapað svona miklu fylgi þá hefði Reykjavíkurlistinn haldið meirihluta sínum. Hann saknar greinilega hækjunnar sem hann hefur stuðst við í meirihlutasamstarfi í Reykjavík sl. 12 ár. Í hans sporum væri skynsamlegra að tala um hækjuna með meiri virðingu en hann hefur ástundað í skrifum sínum fram að þessu, því án hennar er hann dæmdur í minnihluta nema að vera hækja sjálfur samkvæmt hans eigin kenningum.

**Don Kikote**

Ólafur Hannibalsson er sérkapítuli út af fyrir sig en heilagt stríð hans gegn Framsóknarflokknum má líkja við baráttu Don Kíkóti við vindmyllurnar þar sem Þjóðarhreyfingin er í hlutverki hins dygga þjóns Sansjós. Ólafur hefur gengið lengra en aðrir fjandmenn Framsóknarflokksins sem hér hefur verið fjallað um því hann hefur kært Framsóknarflokkinn fyrir meint kosningasvindl við síðustu borgarstjórnarkosningar. Þau skrif og sá málatilbúnaður allur er það versta sem komið hefur frá andstæðingum Framsóknarflokksins síðan Ólafur heitinn Jóhannesson var bendlaður við Geirfinnsmálið. Við framsóknarmenn spyrjum að leikslokum í því máli og ég vona svo sannarlega að Don Kíkóti fái svo þungt högg af vindmyllunum í þeirri viðureign, að það sjái undir iljarnar á Sansjó sem þó hefur fylgt húsbónda sínum í vonlausri baráttu fram að þessu.

**Of langt gengið**

Það er ekki meiningin með þessum skrifum að meiða þessa pistlahöfunda persónulega. Staðreyndin er einfaldlega sú að þeir hafa með skrifum sínum gengið of langt í því sem kalla má ofstæki og þráhyggju í garð eins stjórnmálaflokks. Ef allt það sem hefur verið sagt og skrifað í aðförinni að Framsóknarflokknum er skoðað og nafnið Framsóknarflokkurinn tekið út og gyðingur sett í staðinn þá blasir við hvað hér er á ferðinni.

Það er í lagi að skrifa beitt og horfa gagnrýnum augum á samfélagið en til þess að það sé marktækt þá þurfa menn að gæta sanngirni og reyna þá í leiðinni að hitta ekki sjálfa sig fyrir.

# Kosningaloforðin gleymd!

**UMRÆÐAN**
BORGARSTJÓRN



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**
FYRRVERANDI BORGARFULLTRÚI

*Nýi borgarstjórinn minntist á hjúkrunarheimili, sem R-listinn hafði sett í gang svo sem á Lýsisreitnum. En ekki dugar að skreyta sig með fjöðrum frá R-listanum. Fleira verður að koma til.*

Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknar hefur nú tekið við í Reykjavík. Íhaldið fékk bæði borgarstjórann og forseta borgarstjórnar en það eru tvö aðalembætti borgarstjórnar. Framsókn fær formann borgarráðs! Ljóst er að í þessu efni hefur Framsókn samið af sér. Auðvitað hefði Framsókn átt að fá forseta borgarstjórnar úr því Sjálfstæðisflokkurinn fékk borgarstjórann.

**Löngusker gleymd**

Stærsta kosningaloforð Framsóknar var að flytja ætti Reykjavíkurflugvöll á Löngusker í Skerjafirði. Segja má, að Framsókn hafi keyrt mestalla kosningabaráttuna á þessu loforði. Ekkert er minnst á Löngusker í nýjum málefnasamningi meirihlutans. Það loforð virðist gleymt. Það eina sem er sagt er, að ákveða eigi á kjörtímabilinu staðsetningu flugvallarins. Er lítið annað en R-listinn hafði ákveðið. Annað stórt kosningaloforð Framsóknar var, að öll ungmenni ættu að fá 40 þúsund króna frístundakort til þess að auðvelda þeim að stunda íþróttir og aðrar tómstundir. Þetta loforð virðist einnig hafa dottið upp fyrir í óðagoti Framsóknar við að komast upp í hjá íhaldinu. Nú er aðeins talað um að ræða eigi við íþróttafélögin um þetta mál og gefa út frístundakort síðar en engin upphæð er nefnd.

**Skreyta sig með fjöðrum R-listans**

Eitt stærsta málið í kosningunum voru málefni aldraðra. Mjög er loðið það sem nýi meirihlutinn segist ætla að gera í þeim málaflokki. Það, sem brennur heitast á öldruðum í Reykjavík, er skortur á hjúkrunarrými. Varðandi þau mál er lítið bitastætt að finna hjá nýja meirihlutanum. Nýi borgarstjórinn minntist á hjúkrunarheimili, sem R-listinn hafði sett í gang svo sem á Lýsisreitnum. En ekki dugar að skreyta sig með fjöðrum frá R-listanum. Fleira verður að koma til. Nýi meirihlutinn talar einnig um að hefja undirbúning að byggingu íbúða fyrir aldraða. Það er gott svo langt sem það nær en hjúkrunarheimilin eru mikilvægari að mínu mati. Þar er þörfin brýnust.

**Framsókn svíkur kosningaloforð**

Framsókn lofaði gjaldfrjálsum leikskóla en það loforð verður svikið. Í staðinn er talað um að lækka leikskólagjöld um 25%! R-listinn hafði þegar byrjað að lækka leikskólagjöld og Samfylkingin og Vinstri græn boðuðu gjaldfrjálsan leikskóla. Miklu skiptir að halda leikskólunum snurðulaust gangandi, tryggja starfsfólk og greiða því mannsæmandi laun. Undir forustu Steinunnar Valdísar, borgarstjóra R-listans, voru laun starfsfólks á leikskólum hækkuð og með því tókst að tryggja rekstur leikskólanna en áður voru þeir við það að stöðvast. Margir íhaldsmenn gagnrýndu þessa ráðstöfun R-listans.

**Launaútgjöldin gagnrýnd**

Sjálfstæðisflokkurinn er nú byrjaður að hnýta í R-listann fyrir fjárhagsstöðu borgarinnar en ekki var minnst á þau mál í kosningabaráttunni. Segir Sjálfstæðisflokkurinn, að nýir launasamningar hafi kostað meira en talið var og sagt áður. Mjög er þó óljóst það sem Sjálfstæðisflokkurinn segir í þessu efni. Það er ekkert nýtt að nýir launasamningar kosti meira en áætlað er. Bæði ríki og sveitarfélög hafa fundið fyrir því. En ljóst er, að nýi meirihlutinn er að búa Reykvíkinga undir að fallið verði frá fleiri kosningaloforðum en þegar er komið í ljós.

Þegar íhaldið missti meirihlutann í Reykjavík 1978 var ástandið í fjármálum borgarinnar svo slæmt eftir meira en hálfrar aldar valdatímabil Sjálfstæðisflokksins, að ekki var unnt að borga út laun borgarstarfsmanna nema með sérstökum ráðstöfunum.

**Íhaldið fær Orkuveituna**

Framsókn hefur afhent íhaldinu forustu Orkuveitunnar fyrstu tvö árin. Er það athyglisvert, þar eð árásir íhaldsins á Framsókn (Alfreð Þorsteinsson) vegna Orkuveitunnar voru mjög hatrammar. Var í því sambandi talað um óráðsíu og ævintýrafjárfestingar. Nú er sá, sem stóð fyrir árásunum á Framsókn, gerður að formanni Orkuveitunnar! Hefur hann þegar gefið í skyn, að risarækjueldi Orkuveitunnar verði slegið af. Er ljóst, að borgarfulltrúi Framsóknar lætur allt yfir sig ganga aðeins, ef hann fær að tilheyra meirihlutanum.

# Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

**TAX FREE DAGAR**

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



## Á fríhafnardögum afnemum við VSK af snyrtivörumerkjum.

**Dagana 22.-25. júní eru fríhafnardagar í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. júní 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

JONAS SALK (1914-1995), LÉST ÞENNAN DAG.



*„Ég hef átt drauma og martraðir, en ég hef sigrast á martröðunum vegna drauma minna.“*

***Bandaríski vísindamaðurinn Jonas Salk er best þekktur fyrir að hafa fundið upp bóluefni gegn mænusótt.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 23. JÚNÍ 1961

## *Samið um Suðurskautslandið*

Þennan dag árið 1961 tók samningur tólf þjóða um verndun Suðurskautslandsins gildi. Í samningnum var skýrt tekið fram að Suðurskautslandið ætti að vera vísindalegt friðland, að þar ríkti frelsi til vísindarannsókna og að heimsálfan ætti að vera laus við hernaðartól.



HORFT TIL SUÐURSKAUTSLANDSINS

Suðurskautslandið er þriðja minnsta heimsálfan og stærsta svæði heimsins sem engin þjóð ríkir eiginlega yfir. Þrír leiðangrar uppgötvuði meginlandið árið 1820 en fram að þeim tíma höfðu aðeins gengið goðsagnir um tilvist Suðurskautslandsins. Á nítjándu öld var Suðurskautslandið ekki kannað ítarlega vegna erfiðra aðstæðna en snemma á tuttugustu öld voru farnir nokkrir könnunarleiðangrar um svæðið, meðal annars á suðurpólinn sjálfan.

Nú á tímum starfrækja stjórnvöld allnokkurra ríkja rannsóknarstöðvar á Suðurskautslandinu. Allt að fjögur þúsund manns hafa þar búsetu þegar mest lætur á sumrin en á hörðum vetrum búa þar um þúsund manns.

Samningurinn um Suðurskautslandið var undirritaður bæði af Bandaríkjunum og Sovétríkjunum. Hann markaði ákveðin tímamót í Kalda stríðinu vegna þess að stórveldin tvö komu sér þar saman um takmörkun vopnavalds á svo stóru svæði og var þetta fyrsti samningingurinn sinnar tegundar sem ríkin tvö undirrituðu.

## MERKISATBURÐIR

**1926** Jón Magnússon forsætisráðherra andast svíplega þegar hann var á för um Norðurland og Austfirði með konungshjónunum.

**1940** Hitler skoðar merka staði í París í fyrstu og einu heimsókn sinni þangað.

**1975** Rokkarinn Alice Cooper dettur af sviði á tónleikum og brýtur sex rifbein.

**1977** Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal er formlega opnaður.

**1984** Uppboð er haldið á eigum Johns Lennon sem lést fjórum árum fyrr.

**1992** Mafíuforinginn John Gotti er dæmdur í lífstíðarfangelsi.

**1995** Björgunarþyrlan Líf kemur til landsins.





†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, mágur, afi og langafi,*

**Leifur Sigurðsson,**

rennismíðameistari, Sogavegi 168, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, laugardaginn 17. júní.
Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Ingi Leifsson** — **Elín Einarsdóttir**
**Sigurður Leifsson** — **Margrét Árný Sigursteinsdóttir**
**Elías Halldór Leifsson** — **Margrét Jónsdóttir**
**Guðrún Kristófersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## SKÚLI EINARSSON: ÁTTRÆÐUR Í DAG

# Getur ekki verið án vinnunnar




**SKÚLI EINARSSON FORMAÐUR MATSVEINAFÉLAGS ÍSLANDS** Þrátt fyrir árin áttatíu er Skúli í fullu fjöri og mætir á hverjum degi til vinnu hjá Matsveinafélaginu. Á skrifstofunni er mikill gestagangur og stundum heitt í kolunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Skúli Einarsson, formaður Matsveinafélags Íslands, segist hljóta að vera elsti formaðurinn innan verkalýðshreyfingarinnar. Hann er áttatíu ára í dag og lætur aldurinn ekki aftra sér frá því að vera í fullu starfi hjá Matsveinafélaginu.

„Ég segi fyrir mitt leyti að ég er feginn að vera hérna. Það væri miklu einmanalegra að vera heima og bíða þar alla daga. Í staðinn mæti ég til vinnu á hverjum degi og hætti eins og venjulegt fólk. Þá finnst manni maður vera maður með mönnum,“ segir Skúli. Matsveinafélagið og Sjómannafélag Íslands eru með sameiginlega skrifstofu þar sem Skúli leysir úr vandamálum sem koma upp og aðstoðar félagsmenn sína eftir bestu getu. „Við erum mjög samhentir hérna á skrifstofunni og þurfum ávallt að vera viðbúnir, eins og skátarnir. Hér er mikill gestagangur og stundum mjög heitt í kolunum,“ segir Skúli og bætir við með bliki í auga: „Maður getur eiginlega ekki verið án þess.“

Skúli var á sjó í rúm fimmtíu ár og alltaf í eldhúsinu. Hann átti því fjölmörg afmæli á sjónum og lét sig hafa það þótt hann hafi alltaf hugsað mikið heim á afmælisdögunum. „Konan mín tók aldrei neitt annað í mál en að halda upp á afmælin og þegar ég var á sjónum beið veislan þar til ég kom í land.“ Í dag ætlar Skúli þó ekki að gera neitt sérstakt í tilefni afmælisins nema að vera „að heiman“, eins og það er kallað.

Þegar Skúli lítur tilbaka yfir langa ævi segist hann hafa verið mjög heppinn með lífið. „Mér finnst ég hafa átt góða ævi, góða konu, góða krakka og góða vini. Svo er ég heppinn að hafa verið heilsuhraustur. Ég var vanur að fara alltaf í sund í Breiðholtslauginni á hverjum morgni klukkan sjö því það er svo gott fyrir heilsuna. Maður ætti að fara að byrja á því aftur.“ Skúli viðurkennir þó að hafa verið dálítið mikið úti á lífinu á sínum yngri árum en að allt hafi farið vel. „Ég er alveg fram úr hófi minnugur, eiginlega of minnugur. Ef eitthvað leiðinlegt hefur skeð í gamla daga er algjör óþarfi að muna það.“

Aðspurður segist Skúli ekki ætla að láta áttatíu ára afmælisdaginn marka endalok sín í starfi heldur halda ótrauður áfram. „Þeir vilja ekki láta mig hætta. Ég hef eitthvað verið að ýja að því að fara að hætta en þeir hérna taka það ekki í mál. Þó er búið að ákveða að þegar ég verð níræður gerum við starfslokasamning,“ segir Skúli Einarsson.





†

*Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Guðmundsdóttir**

Álftamýri 6, Reykjavík,

léts þriðjudaginn 20. júní sl. á Líknardeild Landakotsspítala.

**Svava Haraldsdóttir** — **Guðmundur Jens Þorvarðarson**
**Guðmundur Haraldsson** — **Rakel Kristjánsdóttir**
**Erna Haraldsdóttir** — **Karl Þórðarson**
**Bjarni Óli Haraldsson** — **Árný Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,*

**Guðmundur Guðjónsson**

Eyrarholti 6,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 26. júní kl. 13.00.

**Jóhanna Sigurðardóttir**
**Ragnhildur Guðmundsdóttir** — **Bragi Bragason**
**Elín Guðmundsdóttir** — **Hermann Guðmundsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir** — **Marco de Aquilar**
**og barnabörn.**
**Elín Gísladóttir**
**Þóra Elín Guðjónsdóttir** — **Jón Rúnar Backman**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Ólafía Sigurjónsdóttir**

Skipasundi 14, Reykjavík,

lést á Landspítala í Fossvogi, sunnudaginn 11. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Erna Jóhannsdóttir, Magnús Elíasson, Jóhann Jóhannsson, Sigríður Sveinsdóttir, Sigurrós Jóhannsdóttir, Birna Jóhannsdóttir, Magnús Gíslason, Örn Jóhannsson, Kristjana Þorbjörnsdóttir, Svala Jóhannsdóttir, Frank Curtis, Hanna Jóhannsdóttir, Sigfús Birgir Haraldsson, Már Jóhannsson, Ómar Jóhannsson, Sigríður Hermannsdóttir, Garðar Jóhannsson, barnabörn og barnabarnabörn.**



## ÚTFARIR

**13.00** Magnús Kristjánsson vélstjóri, Heiðvangi 48, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Garðakirkju.

**13.00** Sigríður Sóley Sveinsdóttir Hallgrímsson, Hraunbæ 50, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**14.00** Bjarni Marinó Þorsteinsson fyrrverandi verkstjóri, Hvanneyrarbraut 42, Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju.

**14.00** Guðjón Björn Ásmundsson, Hríseyjargötu 6, Akureyri, verður jarðsunginn frá Glerárkirkju.

**14.00** Ingileif Guðjónsdóttir frá Hliði, Akranesi, síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

**15.00** Aðalsteinn Jósepsson, Sóltúni 7, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

## AFMÆLI



**Sigríður Ásdís Snævarr** sendiherra er 54 ára.



**Vignir Grétar Stefánsson** júdókappi er 30 ára.



**Silja Úlfarsdóttir** hlaupadrottning er 25 ára.





†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Benedikt Þorsteinsson**

sjómaður, Lautasmára 27, Kópavogi,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 16. júní, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju þriðjudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Anna Albertsdóttir**
**Ásthildur Benediktsdóttir** — **Þorleifur Geir Sigurðsson**
**Birgitta Benediktsdóttir** — **Aðalsteinn Hólm Guðbrandsson**
**Ásrún Linda Benediktsdóttir** — **Magnús Högnason**
**og barnabörn.**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.



LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þormóðs Snæbjörnssonar**

Hæðargarði 40.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 14G og blóðskilunardeild Landspítala við Hringbraut.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sigurborg Helgadóttir**

tab
ÍTALÍA

# HEILIR STURTU KLEFAR

MEÐ ÖLLU

tilboð!

**80x80 eða 90x90**



Öryggisgler



Hitastýrð blöndunartæki



8 nuddstútar



Sæti

## VERÐ FRÁ 69.900

BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332  i-t@i-t.is
**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

Boot cAmp



# Við hlaupum Blátt áfram...

... alla leið frá Hellu til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Hellu á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

**Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálft maraþon!**

**Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?**

- **Þú getur hringt í 907 2000**
  *þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum*
- **Þú getur keypt bol***
  *og fylgt Boot Camp strákunum síðasta spölinn*
- **Þitt fyrirtæki getur heitið á strákana**
  *Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram*

**Þú getur keypt bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.*

**Blátt áfram frábær dagur laugardaginn 8. júlí**

*Hlaupastöð 1*
**Kl. 10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3 km**

*Hlaupastöð 2*
**Kl. 12.00 Húsgagnahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6 km**

**Leiðin sem farin verður:** Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður á höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

**Kl. 14.00 Reykjarvíkurhöfn – Skemmtun**

**Mætum við Reykjavíkurhöfn og tökum vel á móti hlaupurunum!**

**Við skorum á fyrirtæki að styrkja hlauparana blátt áfram með myndarlegum framlögum og að hvetja sitt fólk til að vera með.**

**Vertu með!** actavis hagur í heilsu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin**
**Stígðu skrefið laugardaginn 8. júlí**

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Símavaktin

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** VILL STUNDUM FÁ AÐ VERA Í FRIÐI



Þegar ég var að alast upp var alls ekkert alltaf hægt að ná í alla í síma. Þó að það væri sími á hverju heimili gat fólk verið upptekið við eitthvað annað en að vakta hann. Þetta þótti sjálfsagt og flestir sýndu bara þolinmæði. Með tilkomu GSM-símanna er hins vegar allt í einu mögulegt að ná í alla, hvar og hvenær sem er og þolinmæðin er ekki mikil ef einhver svarar símanum sínum ekki strax.

Ég var frekar sein til að fá mér GSM-síma og fékk að heyra það hjá símavæddum vinum mínum að það væri ómögulegt að það væri ekki alltaf hægt að ná í mig. Ég lét því undan og fljótlega var ég farin að skamma þá fáu sem ég þekkti sem ekki áttu síma. Ég vandist því nefnilega eins og aðrir að geta alltaf náð í alla og þoldi engar undantekningar frá þeirri reglu.

Stundum finnst mér fáránlegt hvað við erum upptekin af símanum. Pabbi sagði mér einu sinni að eftir að langamma mín fékk heimasíma hefði hún helst ekki viljað fara út úr húsi ef að hann myndi hringja á meðan og þrátt fyrir að sagan væri svolítið ýkt þótti þetta ótrúlega fyndið. Fæst erum við samt miklu skárri núna því þó að við förum alveg út úr húsi erum við alltaf með símann og að vakta hann.

Síðustu ár hef ég því farið að taka mér frí frá símanum ef þannig liggur á mér. Oft hef ég símann hljóðan á meðan ég geri það sem mig langar til og athuga síðan bara hverjir hafa hringt þegar mér hentar. Þetta fer auðvitað óstjórnlega í taugarnar á mörgum sem ég þekki en þó að ég eigi GSM-síma áskil ég mér allan rétt til þess að þurfa ekki alltaf að vera á símavaktinni. ■

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Gleðilegt sumar
NEXT
KRINGLUNNI
551 3200

# INTERSPORT







**2.690** (áður 3.490)

**NIKE / NEW PURE TEE**
Bómullarbolur á dömur. Litur: Rauður, bleikur. Stærðir: XS - XL. Kr. **2.690**

**5.990** (áður 6.990)

**NIKE / JERSEY PANT**
Flottar dri-fit buxur á dömur. Litur: Svartur. Stærðir: S - XL. Kr. **5.990**



**1.990**

**NIKE /WIDE STRAP TANK**
Flottur hlýrabolur á dömur úr bómull. Litur: Hvítur, svartur, bleikur og rauður. Stærðir: S - XL. Kr. **1.990**

# Sportfatnaður - toppvörur á betra verði







**3.490** (áður 4.690)

**ZO-ON / ROLLNECK**
Síðerma bolur. Teygjanlegur, þornar fljótt og með öndun. Litur: Svartur. Stærðir: XS - 3XL. Kr. **3.490**

**2.690** (áður 3.490)

**NIKE / RINGER TEE**
Bómullarbolur á herra. Litur: Hvítur. Stærðir: S - XXL. Kr. **2.690**

**1.990** (áður 2.990)

**NIKE / STRETCH SLEVLESS**
Klassiskur ermalaus bómullarbolur á herra. Litur: Grár, rauður og svartur. Stærðir: S - XXL. Kr. **1.990**

**3.690** (áður 4.690)

**NIKE / OTK SHORT**
Kvartbuxur á herra. Litur: Svartar, bláar, gráar og beige. Stærðir: S - XXL. Kr. **3.690**







**Póstverslun** SENDUM HVERT Á LAND SEM ER **Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18

ZO•ON ICELAND



**12.990** (áður 17.990)

**ZO-ON 2,5 ÚTIVISTARJAKKI** Vandaðir jakkar á dömur og herra. 15000 ml vatnsheldni og 15000 g útöndun. Litur: Rauður og grár á dömur og blár og svartur á herra. Stærðir: 34-44 á dömur og S - XXXL á herra. Kr. **12.990**



**5.990** (áður 6.990)

**ZO-ON / GÖNGUBUXUR HERRA**
Léttar og góðar göngubuxur á herra, hægt er að renna skálmum af við hné. Litur: Svartar, brúnar og grænar. Stærðir: S - 4XL Kr. **5.990**



**4.990** (áður 5.990)

**ZO-ON / GÖNGUBUXUR DÖMU**
Góðar og léttar göngubuxur, hægt er að renna skálmum af við hné. Litur: Svartar og brúnar. Stærðir: 34-44. Kr. **4.990**

# Útivistarfatnaður í ferðalagið

SCARPA

MEINDL



**22.990** (áður 24.490)

**MEINDL /MEINDL ISLAND**
Vandaðir gönguskór með Vibram sóla og goretex. Sterkur skór sem veitir góðan stuðning. Litur: Grágrænir og brúnir. Stærðir: 37 - 48. Kr. **22.990**

**21.990** (áður 24.490)

**SCARPA / HEKLA LADAKH**
Verulega vandaður með goretex vatnsheldni, stuðningi og styrkingu eins og hún gerist best. Litur: Brúnir. Stærðir: 37,5-48. Kr. **21.990**



**6.990** (áður 9.490)

**NIKE / GRAVITY WINDRUNNER**
Léttur og flottur jakki, regn- og vindheldur. Litur: Svartur. Stærðir: S - XXL. Kr. **6.990**



**8.990** (áður 10.990)

**ZO-ON / 2JA LAGA BUXUR**
Vatnsheldar göngubuxur á dömur og herra. 15000 ml vatnsheldni og 15000 g útöndun. Litur: Svartar. Stærðir: 34-44 á dömur og XS-3XL á herra. Kr. **8.990**

100% ÖRYGGI • við lofum þér lægra verði!

INTERSPORT®



**Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18

**!** **18.00**
*Þáliðin nútíð nefnist sýning Hlaðgerðar Írisar Björnsdóttur sem lýkur 26. júní í Galleríi Terpentínu. Sýningin er opin á sunnudag og mánudag.*

# menning
menning@frettabladid.is

# Hljómsveit með uppboð

Hljómsveitin Skakkamange stendur fyrir smámunauppboði á Snóker-Sportbar, Hverfisgötu í kvöld klukkan 21.00. Smámunauppboðið fer fram á svipaðan hátt og hefðbundið uppboð. Hver sem er getur mætt og látið bjóða upp einn eða fleiri smámun. Uppboðshaldari metur verðgildið í samráði við bjóðanda. Til smámuna telst allt milli himins og jarðar og er hver hlutur seldur hæstbjóðanda við hamarshögg. Kaupendum er þó gefinn kostur á að hlaupa út í hraðbanka til að sækja peninga. Tíund af söluanvirðinu rennur til Kattavinafélagsins.

Pétur Már Gunnarsson er uppboðshaldari en um skemmtun sjá Auxpan, Mr. Silla & Mongoose og The Desire of Hudson Wayne. Frítt er inn á uppboðið.



## > Ekki missa af

Jónsmessuhátíð í Hellisgerði í Hafnarfirði. Hellisgerði er þekkt fyrir álfana og huldufólkið sem býr þar en auk íbúanna munu Ragnheiður Gröndal ásamt Black Coffee, Blússveit Þollýjar og Stórsveit Tónlistarskólans í Hafnarfirði undir stjórn Stefáns Ómars. Hátíðin hefst klukkan 20.00 og stendur til 23.00.

Yst glitrar, sýningu Heimis Björgúlfssonar sem opnar í Galleríi Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Keflavík, í kvöld klukkan 21.00.

Hljómsveitinni The Gang frá New York sem spilar ásamt Ælu og Benny Crespo´s Gang.

# Glíma og glens



**ÞORSTEINN EINARSSON** Þorsteinn var glímukappi á gullaldarárum glímunnar.

Hin forna íþrótt, glíma, er ekki dauð úr öllum æðum því hún skýst nú á sjónarsviðið í leiksýningunni Glíman. Stefán Jónsson leikari og leikstjóri fékk það óvenjulega verkefni að glíma við glímu í leikhúsformi. „Þeir hjá Glímusambandi Íslands eru stórhuga menn í útrás og þeir höfðu samband við mig. Þeir vilja hefja þessa fornu og elstu íþrótt þjóðarinnar til vegs og virðingar," segir Stefán. Glímusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands hafa stofnað Glímuflokk Íslands sem mun sýna frumburð sinn í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur í dag kl. 16.00. Í leikhópnum eru níu þaulvanir glímukappar og glímukonur og fer flokkurinn að lokinni sýningunni á flakk til Danmerkur og Svíþjóðar þar sem verkið verður sýnt. „Þau eru að fara að sýna, kenna og keppa í glímu. Þetta er liður í því að boða fagnaðarerindið í Skandinavíu," segir Stefán.

Stefán heillaðist af glímunni þegar hann fór að kynna sér málið. „Glíman er svo lífseig; á meðan fornbókmenntirnar enduðu í skósólum og undir rúmum voru það glíman og rímurnar sem lifðu af. Rímurnar urðu einmitt voða „hip og kúl" fyrir nokkrum árum og ég held að glíman sé á góðri leið með að gera það sama," segir Stefán. Stefán fékk, ásamt félögum sínum í Forðumst okkur, verðlaun fyrir bestu dans- og sviðshreyfingar á Grímunni á dögunum og ætti því að vera rétti maðurinn til að laga glímuna að leikhúsinu. „Þetta verkefni er gott dæmi um það hvað landamærin á milli listforma eru fljótandi. Þessu svipar kannski svolítið til dansleikhúss," segir Stefán.

Í Glímunni er sögð saga og þróun glímunnar frá víkingatímanum til dagsins í dag. Stefán er sögumaður en Jón Hallur Stefánsson sér um tónlist í verkinu. Búningarnir eru ekki af verri endanum því Filippía Elísdóttir fatahönnuður, sem fékk Grímuna fyrir bestu búningana, hannaði nýjan glímubúning á Glímuflokk Íslands. Að undanskilinni frumsýningunni í dag verða fleiri sýningar á Glímunni í haust.

rosag@frettabladid.is



**STEFÁN JÓNSSON** Stefán spáir því að glíman eigi afturkvæmt sem vinsæl íþrótt.


KRINGLU KRÁIN

Hljómsveitin Klassik með dansleik í kvöld

Stór og fölbreyttur sérréttamatseðill ásamt tilboðsseðli öll kvöld

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

UNDIR SJÖSTJÖRNU

Sun. 25/6 örfá sæti laus. **Japönsk gestasýning.**

ELDHÚS EFTIR MÁLI

**Sala hafin á sýningar í september.** Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fös. 23/6 **uppselt**, lau. 24/6 **uppselt**, sun. 25/6 **uppselt**. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna**.
**Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

MR.SKALLAGRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í júní og júlí

| | | | |
|---|---|---|---|
| Föstudag | 23. júní | kl. 20 | örfá sæti laus |
| Laugardag | 24. júní | kl. 20 | örfá sæti laus |
| Föstudag | 30. júní | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 1. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 2. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 7. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 8. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 9. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 14. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 15. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 16. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 21. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 22. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 23. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Föstudag | 28. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Laugardag | 29. júlí | kl. 20 | laus sæti |
| Sunnudag | 30. júlí | kl. 20 | laus sæti |

LEIKHÚSTILBOÐ
Tvíréttaður matur, miði og frítt í Göngin til baka í boði Landnámsseturs
Frá kr. 4000 - 4800
MIDAPANTANIR Í SÍMA 437 1600

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






KOMIN Í KILJU

„Rokland er að minni hyggju sterkasta bók Hallgríms ...skrifuð af smitandi krafti og mælsku ... útkoman er ótrúlegur texti."
Halldór Guðmundsson, Fbl.

„Í Roklandi kraumar frásagnargleði og húmor."
Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.

„Rokland er mikil skáldsaga."
Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Stórskemmtileg ... Hallgrímur fer á kostum í lestri sínum yfir samtíðinni"
Egill Helgason, Silfur Egils

Edda
edda.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !

„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

footloose

29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

Á ÞAKINU

# Fyrsta sýning Valdimars

Fyrsta einkasýning Valdimars Harðarsonar Steffensen verður opnuð á laugardag á veitingahúsinu Sólon.

Verkin á sýningunni, sem nefnist Völur, eru tíu talsins og eru öll unnin með olíutússpenna á striga. Eru þau unnin undir áhrifum sem Valdimar varð fyrir á fjölmörgum ferðum sínum meðfram ströndum Íslands.

Valdimar, sem er fæddur 1971, útskrifaðist frá hönnunardeild Iðnskólans í Reykjavík árið 1998. Þaðan lá leiðin í fornámsdeild Myndlista- og handíðaskólans sem síðan breyttist í Listaháskóla Íslands. Þaðan útskrifaðist hann með B.A. gráðu frá myndlistardeild með áherslu á grafíklist árið 2002.

Sýning Valdimars er opin á opnunartímum Sólon til fimmtudagsins 3. ágúst.



**VÖLUR** Tíu verk eru á sýningunni og eru þau öll unnin með olíutússpenna á striga.



**VALDIMAR** Sýning Valdimars nefnist Völur og stendur yfir til 3. ágúst.

# Videóverk í Belleville

„Það má eiginlega kalla þetta heimsfrumsýningu en myndin verður frumsýnd á sama tíma í New York, Berlín og í Reykjavík,“ segir Bjarni Einarsson, annar rekstrarstjóra búðarinnar Belleville á Laugaveginum. Umrædd mynd er videóverk eftir frumkvöðul hjólabrettamenningarinnar, Mark „The gonz“ Gonzales, fyrir framleiðslufyrirtækið Krooked en hjólabrettin þeirra eru einmitt seld í búðinni.

Í myndinni sýna hjólabrettastrákarnir Dan Drehobl, Wan Wastell og Bobby Worrest skemmtilega, hættulega og athyglisverða hegðun, í orði og gjörðum. Myndin verður sýnd í bakgarðinum á Belleville, Laugavegi 55 á laugardaginn kl. 20 og einnig verða sýndar nýjar stuttmyndir eftir Spike Jonze og Neckface.



**MARK GONZALES** Frumkvöðull hjólabrettamenningarinnar og leikstjóri myndarinnar.



**KK** Tónlistarmaðurinn KK gefur út plötuna KK blús í byrjun næsta mánaðar.

# Tókst í fimmtu tilraun

**Tónlistarmaðurinn KK lauk fyrir skömmu upptökum á nýrri plötu sem er væntanleg í búðir í byrjun júlí. Tvö lög af plötunni, Hún er með allt og Ég er á förum, fara í spilun í útvarpi á næstunni.**

Um er að ræða hreinræktaða blúsplötu sem er öll sungin á íslensku. Var hún tekin upp að hluta til í Nashville og skartar m.a. tveimur erlendum blásurum, auk þekktum köppum á borð við Guðmund Pétursson, Þorleif Guðjónsson og Sigurð Flosason. Lögin eru eftir gamla erlenda blúsara og ættu flestir aðdáendur KK að kannast við þau því hann hefur flutt mörg þeirra á tónleikum á ensku í gegnum tíðina.

„Þetta er búinn að vera draumur hjá mér lengi,“ segir KK. „Íslenskir tónlistarmenn eru með fjöldann allan af verkefnum í gangi í einu og þetta er eitt af þeim sem ég hef haft lengi. Ég var búinn að taka upp fjórar heilar blúsplötur sem voru bara ekki nógu góðar. Maður skipuleggur oft hlutina en þeir ganga ekki og þá reynir maður bara aftur,“ segir hann. Bætir hann því við að platan sé einungis eitt af hliðarverkefnum sínum enda komi ný sólóplata út í haust með öðruvísi efni.

Textarnir á plötunni eru eftir Braga Valdimar Skúlason, Baggalút. „Við fórum inn með það í huga að prófa þetta. Kiddi, gítarleikari í Hjálmum sem er líka í Baggalúti, tók upp plötuna og ég held að hann hafi stungið upp á þessu. Bragi prófaði nokkra texta og það tókst svona rosalega vel. Það er ekki síst honum að þakka hversu vel hefur tekist til,“ segir KK, sem saknaði þess ekkert að semja ekki textana sjálfur.

KK játar að platan, sem nefnist KK blús, sé ekki svo ólík fyrstu plötunni, Lucky One, sem hann gaf út hérlendis við miklar vinsældir á sínum tíma. „Þessi lög eru í raun og veru grunnurinn að allri þessari tónlist sem ég hef verið að spila. Þau eru líka grunnurinn að allri popptónlist í dag, Blues had a baby and they called it rock´n roll,“ segir hann í léttum dúr.

KK og félagar halda tónleika á Nasa þann 30. júní til að hita upp fyrir plötuna og bíða væntanlega margir spenntir eftir því að heyra ekta KK blús loksins sunginn á íslensku.

freyr@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

20 21 22 **23** 24 25 26

**Föstudagur**

### TÓNLEIKAR

**23.00** Hljómsveitin The Gang frá New York spilar ásamt Ælu og Benny Crespo's Gang. Tónleikarnir hefjast klukkan 23.00 og er aðgangseyrir 500 krónur.

### OPNANIR

**21.00** Yst glitrar nefnist sýning Heimis Björgúlfssonar sem opnar í Suðsuðvestur, Hafnargötu 22 í Keflavík, í kvöld klukkan 21.00.

### LISTAHÁTÍÐ

**20.00** Jónsmessuhátíð verður haldin í Hellisgerði í Hafnarfirði í kvöld klukkan 20. Þar verður áhersla lögð á trúna og kraftinn sem fylgir Jónsmessunni. Meðal skemmtikrafta má nefna Ragnheiði Gröndal og Blússveit Þollýjar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




*Alveg brilljant skilnaður*

*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.*

**Sjallinn Akureyri 22. og 23. júní**

Miðasala: Penninn Glerártorgi

Landsbankinn

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

allt

... sem þig vantar í nýja húsnæðið

vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT




**Þú velur áfangastað og ferðadaga en tekur þátt í lottóinu um hvaða gistingu þú lendir á.**

Viku fyrir brottför staðfestum við á hvaða gististað þú ferð.

Netverð frá 39.990 kr.

á mann miðað við 2 eða 4 í stúdíó eða íbúð. Enginn barnaafsláttur. Innifalið: flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS – PLU 33252 06/2006

**Krít** 26. júní, 10., 24. og 31. júlí 7. og 14. ágúst.

**Mallorca** 27. júní, 11., 18. og 25. júlí, 8., 15., 22. og 29. ágúst.

**Marmaris** 27. júní, 2. og 18. júlí. 8., 22., 25. og 29. ágúst.

**Portúgal** 4., 11.og 18. júlí, 1., 8.,15.og 22. ágúst.

plús FERÐIR

VISA Færð þú MasterCard ferðaávísun? EFLING

www.plusferdir.is Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100


> BELA


> MUSE

## > Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Bela:** Hole and Corner
**Muse:** Black Holes and Revelations
**Fræ:** Eyðilegðu þig smá
**Eberg:** Voff Voff
**Hot Chip:** The Warning

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Tilbúin á nítján dögum

Upptökum er lokið á fjórðu plötu rokksveitarinnar Brain Police. Platan, sem nefnist Beyond the Waistland, er væntanleg síðar í sumar en útgáfudagur hefur ekki verið ákveðinn. „Þetta er okkar þróaðasta og vandaðasta plata hingað til," segir Jónbi trommari. „Hún ber þess merki að við séum búnir að þroskast dálítið mikið síðan við gáfum út okkar fyrstu plötu."

Platan var tekin upp og hljóðblönduð á aðeins nítján dögum og voru upptökustjórar Svíarnir Chips K og Stefan Boman, sem hafa m.a. unnið með The Hellacopters. „Við fluttum inn tvo drengi frá Svíþjóð sem eru mjög uppteknir menn. Til að geta unnið hana með þeim höfðum við svona lítinn tíma en hann var í rauninni alveg nógu mikill. Við æfðum gríðarlega vel áður en við fórum í stúdíóið og þetta heppnaðist bara mjög vel," segir Jónbi, sem ber Svíunum vel söguna. „Þetta er besta starfsumhverfi sem ég hef kynnst á mínum tónlistarferli. Þeir voru mjög afslappaðir og þægilegir í umgengni og þar af leiðandi var andrúmsloftið mjög yfirvegað. Þetta gekk alveg eins og í sögu."



Brain Police ætlar í tónleikaferð hér heima í ágúst en í október fer sveitin í 20 daga reisu um Þýskaland. Einnig spilar hún hugsanlega í Póllandi og Hollandi í leiðinni.

Fyrsta lagið af nýju plötunni er síðan væntanlegt í spilun í byrjun næsta mánaðar. - fb




## > Plata vikunnar

**NEIL YOUNG: Living With War**

*„Neil Young skilar af sér sinni bestu plötu í 30 ár. Gamli hippinn þorir að segja hug sinn og fyrir vikið fáum við plötu sem hefur áhrif og skiptir máli. Living With War á án efa eftir að verða talin til hans mikilvægustu verka."*

BÖS

## X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

| | |
|---|---|
| 1. | **MUSE** SUPERMASSIVE BLACK HOLE |
| 2. | **HARD-FI** BETTER DO BETTER |
| 3. | **DR. MISTER & MR. HANDSOME** IS IT LOVE |
| 4. | **ANGELS AND AIRWAVES** THE ADVENTURE |
| 5. | **BLUE OCTOBER** HATE ME |
| 6. | **TRABANT** THE ONE |
| 7. | **CHARLATANS** BLACKENED BLUE EYES |
| 8. | **WOLFMOTHER** WOMAN |
| 9. | **MAMMÚT** ÞORKELL |
| 10. | **FRÆ** DRAMATÍSK RÓMANTÍK |



**MUSE** Hljómsveitin Muse er í efsta sæti X-listans með lagið Supermassive Black Hole.

# Þekkt nöfn á safnplötu

Bono, Nick Cave, Sting, Lou Reed, Antony og Jarvis Cocker eru á meðal þeirra sem eiga lög á væntanlegri tvöfaldri safnplötu sem nefnist Rogue´s Gallery: Pirate Ballads, Sea Songs & Chanteys.



**BONO** Söngvari U2 á eitt lag á safnplötunni Rogue´s Gallery: Pirate Ballads, Sea Songs & Chanteys.

Gore Verbinski, leikstjóri framhaldsmyndarinnar Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest, og aðalleikarinn Johnny Depp áttu hugmyndina að gerð plötunnar. „Ég heillaðist af hugmyndinni um að heyra nýja tónlist sem tengdist sjónum," sagði Verbinski. „Ég hugsaði með mér hvernig þeir listamenn sem ég hlusta á og ber virðingu fyrir myndu útfæra svona gamaldags hugmynd um lög tengd sjónum." Verbinski fékk hjálp frá Depp varðandi plötuna og sér ekki eftir því. „Hann er mikill tónlistarmaður. Ég hef alltaf haldið því fram að Johnny sé fyrst og fremst tónlistarmaður en leikarastarfið sé einungis dagvinnan hans."

Platan, sem hefur að geyma 40 lög, er væntanleg þann 22. ágúst.



**RONAN OG CANORA** Ronan Chris Murphy tekur upp fyrstu plötu íslensku rokksveitarinnar Canora í Ryk-Stúdíó. Frá vinstri: Magnús Ásvaldsson, Bæring Logason, Albert Ásvaldsson, Jakob Þór Guðmundsson og Ronan Chris Murphy á mixernum.

# Canora fær góða aðstoð að utan

**Bandaríski upptökustjórinn Ronan Chris Murphy, sem hefur m.a. starfað með meðlimum Tool og hljómsveitinni King Crimson, er um þessar mundir að taka upp fyrstu plötu íslensku rokksveitarinnar Canora hér á landi.**

Þrír meðlimir Canora voru áður í d.u.s.t. sem gaf út eina plötu árið 2002 en hætti ári síðar eftir að hafa verið nálægt því að skrifa undir útgáfusamning í Bandaríkjunum. Hafði Dale Penner, upptökustjóri Nickelback, meðal annars endurhljóðblandað plötu d.u.s.t fyrir Bandaríkjamarkað en ekkert varð af þeirri útgáfu á endanum.

### Einstakur hljómur Canora

Ronan Chris Murphy segir að eitthvað hafi verið um tæknileg vandamál til að byrja með við upptökurnar á plötu Canora en eftir það hafi allt gengið eins og í sögu. „Canora er mjög góð hljómsveit og hefur einstakan hljóm. Þeir eru að spila tónlist sem er vinsæl í dag en hún er samt aðeins öðruvísi. Þetta er þung tónlist með einstakri melódíu," segir Ronan. „Við stefnum að því að gera flotta plötu."

### Gítarleikari Wilco næstur

Ronan hefur tekið upp nokkur hundruð plötur, þar á meðal fimmtán með hljómsveitinni King Crimson. Einnig tók hann upp hliðarverkefni tveggja meðlima Tool. Næst á dagskrá eru síðan þrjú verkefni í Bandaríkjunum, þar á meðal upptökur á nýrri plötu gítarleikara hljómsveitarinnar Wilco.

### Til Íslands í fjórða sinn

Ronan er að koma hingað til lands í fjórða sinn og líkar alltaf jafn vel. „Þegar ég hef ferðast á milli Evrópu og Bandaríkjanna hef ég komið við á Íslandi til að hvíla mig. Ég kom hingað þrisvar á tíunda áratugnum og þekkti flestar vinsælustu sveitirnar þá. Núna er ég smám saman að kynnast því sem er í gangi núna," segir hann. „Það er svo merkilegt hve tónlistarsenan er stór á Íslandi miðað við hversu landið er lítið."

### Kynntust í Texas

Albert Ástvaldsson, söngvari Canora, er hæstánægður með þáttöku Ronans í upptökuferlinu. „Við hittum hann á South By Southwest-hátíðinni í Texas fyrir þremur árum þegar við vorum í d.u.s.t. Svo hef ég verið í sambandi við hann og kíkti á upptökunámskeið til hans í janúar. Í kjölfarið hafði ég samband við hann og bað hann um að taka upp," segir Albert, sem vonast til að platan komi út í byrjun október.

Aðrir meðlimir Canora eru trommuleikarinn Magnús Ástvaldsson, sem er bróðir Alberts, bassaleikarinn Bæring Logason og Jakob Þór Guðmundsson, gítarleikari, sem kom inn í nýju sveitina þegar David Dunham hætti eftir South By Southwest-hátíðina.

freyr@frettabladid.is





Myndavélin sem elskar börnin, ströndina og sjóinn

- Höggheld við fall úr allt að 1.5 metra hæð.
- Vatnsheld á allt að 3 metra dýpi.
- 7.1 milljónir punkta / 7.1 megapixel upplausn.
- 3 x aðdráttur í linsu og 5 x stafrænn.
- Hreyfimyndataka með hljóði.

TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 39.990



7.1 megapixel
μ 720 SW – pottþétt í friið
OLYMPUS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.


Bubbi
Lögin mín
Grafir og bein
Ísbjarnarblús
Aldrei fór ég suður
Blóðbönd
Hrognin eru að koma
Syneta
Kveðja
Kyrrlátt kvöld
Með vindinum kemur kvíðinn
Segulstöðvarblús
Afgan
Systir minna auðmýktu bræðra
Myrkur sjór og sandur
Agnes og Friðrik
Borgarbarn
Nýr diskur með Bubba þar sem hann flytur mörg af sínum þekktustu lögum í nýjum búningi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Dreifing: sena





fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Vandamál í paradís

Stórstjörnurnar og nýbökuðu foreldrarnir Angelina Jolie og Brad Pitt hafa verið mikið á síðum slúðurblaðanna undanfarið vegna fæðingu dóttur þeirra í byrjun mánaðarins. Nú virðist sem hamingjan sé úti því Pitt mun vera orðinn leiður á að Angelina eyði öllum sínum tíma með börnunum og fær hann litla athygli frá leikkonunni fögru. Samkvæmt sænska blaðinu Aftonbladet mun Pitt hafa stormað út af heimili þeirra og skilið Jolie eftir í tárum eftir rifrildi. Angelina og Pitt eiga nú þrjú börn, tvö þeirra eru ættleidd og hafa þau gefið yfirlýsingu þess efnis að þau muni ættleiða fleiri börn.



**BRAD PITT OG ANGELINA JOLIE** Eru nú komin með stóra fjölskyldu sem tekur sinn toll og Pitt er ekki ánægður með þá litlu athygli sem hann fær frá spúsu sinni.

# Ómissandi fyrir sumarið

**Sumarið er tíminn sem maður breytir um fatastíl og lætur gallabuxurnar víkja fyrir kjól og pilsi. Stígvélin víkja fyrir sandölum og opnum skóm en hvað er vinsælast í sumartískunni? Við spurðum verslunarstjóra í helstu tískuverslunum landsins um hvað þeim fyndist að ekki mætti vanta í fataskáp landans í sumar.**



**Helena Jónsdóttir**, verslunarstýra í Spúútnik í Kringlunni:

„Stuttbuxur eru að verða svakalega vinsælar og til í öllum stærðum og gerðum. Einnig eru samfestingar skemmtilegir og kjólar eru einkennandi fyrir þetta sumarið. Þeir eru til í öllum litum og nú í sumar eru þeir vinsælli í styttri kantinum. Einnig finnst mér stór sólgleraugu vera mikilvægur fylgihlutur og sundbolirnir eru að koma sterkir inn. Bæði til að nota í sundi og líka er hægt að nota þá sem fallega toppa við gallbuxur. Chanel-töskurnar hafa verið gríðarlega vinsælar og eru þær til litlar og stórar úr leðri og með lakkáferð."



**ELLÝ STEINSDÓTTIR**, VERSLUNARSTJÓRI Í EVU Á LAUGAVEGINUM:

"SKRAUTLEG OG SÆT SUMARPILS ER ALGJÖRT "MUST" AÐ EIGNAST Í SUMAR. GYLLTIR SKÓR ERU MJÖG VINSÆLIR ÞETTA SUMARIÐ, BÆÐI STRIGASKÓR OG OPNIR SANDALAR. GULLIÐ ER MIKIÐ Í SUMAR ÞÁ SÉRSTAKLEGA Í FYLGIHLUTUM OG SKARTI. HÁLSMEN ERU SKART SUMARSINS OG ÞVÍ FLEIRI ÞVÍ BETRA. KLASSÍK SÓLGLERAUGU OG EINN FLOTTUR KJÓLL ER LÍKA NAUÐSYNLEGT Í FATASKÁPINN. ÉG HEF LÍKA GAMAN AF ÞVÍ AÐ SKREYTA VENJULEGA JAKKA



**Helga Aradóttir**, verslunarstýra í Kronkron á Laugaveginum:

„Að mínu mati er algjörlega ómissandi fyrir konur að eiga flottan sumarkjól úr léttu efni. Það er til svo mikið af fallegum kjólum í hlýjum sumarlitum og einnig í flottum munstrum. Það sama gildir um buxurnar í sumar, þær eru nú fáanlegar í alls konar efnum og í skemmtilegum litum og munstrum. Háir hælar með opna tána og létt sumarkápa með belti í mittið er einnig mjög gott að eiga í fataskápnum. Þetta sumar er litríkt og konur eiga ekki að vera hræddar við að gleðjast með sumrinu í litagleði og það sama gildir um karlmenninna."



**Svanhildur Birgisdóttir**, verslunarstjóri Jack&Jones í Smáralind:

„Strákarnir verða að eiga kvartbuxur í sumar, helst úr gallaefni og líka einar gallabuxur með þröngum skálmum. Pólóbolir eru að koma sterkir inn í sumar sem og stuttermaskyrtur. Bleiki liturinn er vinsælasti sumarliturinn í ár og eru strákar á öllum aldri að kaupa boli og skyrtur í þessum lit. Köflóttar og þvegnar langerma skyrtur og flottir strigaskór er nauðsynlegt fyrir herramenn landsins að eiga í sumar."



**Dagný Hermannsdóttir**, aðstoðarverslunarstjóri í Gallerí Sautján í Kringlunni:

„Kvartbuxur eru alltaf klassískar yfir sumartímann og svo verður maður að eiga flottar gallabuxur bæði í ljósum lit og dökkum. Það er svo gott úrval núna í gallabuxnasniðum og allt er til, útvíðar, niðurþröngar og beinar skálmar. Síðir bolir sem hægt er að nota við sokkabuxur og yfir buxur eru líka mjög vinsælir og til bæði einlitir og í fallegum munstrum. Sumarlitirnir eru túrkísblátt, appelsínugult, sítrónugult og ljósbleikt. Hettuvesti og síðar hettupeysur eru eiginlega ómissandi fyrir útileguna og einnig eru jakkapeysur sniðugar á svölum sumardögum."



**Helga María Alfreðsdóttir**, verslunarstjóri í Zöru í Smáralind:

„Tískan er búin að einkennast af tímabilinu kringum 1950 og því eru blómakjólarnir búnir að rjúka út eins og heitar lummur hjá okkur. Niðurmjóar buxur í öllum litum er nauðsynleg að eiga fyrir sumarið og venjulegi dragtarjakkinn hefur vikið fyrir litlum nettum jakka með kvartermum yfir kjóla. Dökkblár, grasgrænn og eldrauður hafa aldrei þessu vant verið litir sumarsins og einnig allt sem er gyllt eða glansandi. Stjörnustíllinn hefur verið allsráðandi með tilheyrandi glingri, stórum sólgleraugum og klút um hálsinn eða í hárinu."

# Keira vandlát

Hin yndisfagra leikkona Keira Knightley hefur lýst andúð sinni á bandarískum karlmönnum. Í samtali við blaðið Daily Mirror lýsir Keira því yfir að henni finnist ekki sjarmerandi þegar strákar hafa sig of mikið til og eru pjattaðir. Hún vill því frekar sjá breska stráka sem vita ekkert um ilmvötn og drekka of mikinn bjór. Keira er á lausu í augnablikinu og veltir því hegðunarmunstri karlmanna mikið fyrir sér.



**KEIRA KNIGHTLEY** Finnst bandarískir karlmenn vera of pjattaðir og ætlar að halda sig við bresku strákana.

# Rósa í 12 Tónum

Tónlistarkonan Rósa spilar í 12 Tónum í dag klukkan 17.00. Rósa hefur verið búsett í New York undanfarin ár þar sem hún hefur verið viðloðandi tónlist. Stofnaði hún meðal annars kvennahljómsveit þar í borg sem spilaði á Joe´s Pub auk þess sem hún setti upp sýningu í Off-Broadway leikhúsi fyrir tveimur árum, sem fékk góðar viðtökur.

Rósa, sem er klassískt menntaður píanóleikari, byrjaði að semja tónlist árið 2002 og hefur verið dugleg við að semja allar götur síðan, meðal annars fyrir strengjahljóðfæri.



**RÓSA GUÐMUNDSDÓTTIR** Leikur á tónleikum í 12 Tónum í dag.

# Reese kærir Star

Óskarsverðlaunahafinn Reese Witherspoon hefur kært slúðurtímaritið Star fyrir að hafa birt fréttir þess efnis að hún væri ólétt í þriðja sinn. Star greindi frá þessu fyrr í mánuðinum og sagði hana meðal annars vera að fela þetta fyrir framleiðendum næstu myndar sinnar af ótta við að missa starfið og töldu hana vera með ískyggilega kúlu á maganum. Witherspoon varð fokvond og telur þetta vera auman fréttaflutning og segist vera langt frá því að vera ólétt. Hún hefur því kært blaðið fyrir að ráðast að einkalífi hennar. Reese er gift leikaranum Ryan Philippe og eiga þau saman tvö börn.



**STJÖRNUPAR** Reese Witherspoon og Ryan Philippe eiga ekki vona á sínu þriðja barni og hafa kært slúðurblöð fyrir innrás í einkalífið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




SMEG gaseldavélar á tilboði

**Smeg gaseldavél - 70 sm**
4 gashellur með pottjárnsgrindum
65 ltr ofn með 8 kerfum
Verð: kr. 198.500
**Tilboð: kr. 158.800**

**Smeg gaseldavél - 90 sm**
5 gashellur með pottjárnsgrindum
97 ltr ofn með 8 kerfum
Verð: kr. 247.500
**Tilboð: kr. 198.000**



Smeg gaseldavélar eru ítalskar gæðavélar fyrir alla þá sem unna glæsileika og góðum mat.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Smeg gaseldavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

smeg hönnun og gæði

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – **www.eirvik.is**










**KYLIE** Söngkonan Kylie Minogue ætlar að fara í tónleikaferð um Ástralíu í nóvember.

# Kylie Minogue í tónleikaferð

Söngkonan Kylie Minogue byrjar tónleikaferð sína um heimaland sitt Ástralíu í nóvember. Ferðinni var frestað á sínum tíma eftir að Kylie greindist með brjóstakrabbamein.

„Hún á ennþá eftir að jafna sig að fullu en við erum sannfærðir um að tónleikaferðin geti hafist í nóvember,“ sagði skipuleggjandi ferðarinnar.

„Hún þreytist alltaf af og til en lítur mjög vel út. Ég eyddi helginni með Kylie og hún er greinilega komin yfir erfiðasta hjallann,“ sagði hann.

Bætti hann því við að Kylie eyddi töluverðum tíma í hljóðveri um þessar mundir við að taka upp ný lög. Minogue kom fram í fyrsta sinn síðan hún veiktist í London í síðasta mánuði ásamt systur sinni Dannii. ■

Kynning og sala á convair kælitækjum

í göngugötunni í Mjódd í dag frá kl 10-16

Sparneytin og kröftug lausn til kælingar á öllum rýmum.

EFNALAUGIN BJÖRG

Upplýsingar í síma 557-2446




# Gullmolar á Hróarskeldu

**Hróarskelduhátíðin ógurlega hefst í næstu viku en þangað stefna nú hundruð Íslendinga. Steinþór Helgi Arnsteinsson fór yfir dagskrá hátíðarinnar og fann fimm lítt frægar en mjög áhugaverðar sveitir sem spila á hátíðinni.**

Þegar farið er á stóra tónlistarhátíð á borð við Hróarskelduhátíðina verður listinn yfir alla þá tónlistarmenn sem spila á hátíðinni oft hálf yfirþyrmandi. Þannig getur verið úr vöndu að velja enda má finna þar heilan helling af hljómsveitum sem margir hafa aldrei heyrt nefndar.

Auðvitað er alltaf gaman að sjá stór nöfn spila eins og raunin er á Hróarskeldu en oft geta minni spámennirnir staðið upp úr. Hljómsveitir og tónlistarmenn sem maður þekkir lítið eða ekki neitt til geta oft komið stórlega á óvart og geta þannig gert förina á tónlistarhátíðina enn gleðilegri.

Hljómsveitirnar sem ég nefni hér á eftir eru ekki mjög frægar á alþjóðlegan mælikvarða en eiga þó allar það sameiginlegt að hafa vakið gífurlegt umtal á ýmsum tónlistarmiðlum á undanförnum misserum og geta því hæglega orðið einn af hápunktum Hróarskelduhátíðarinnar í ár.



**ANIMAL COLLECTIVE** Animal Collective frá Bandaríkjunum spilar framúrstefnulega popptónlist.

### Animal Collective

Bandarísk hljómsveit frá New York. Spilar afar framúrstefnulega og framsækna popptónlist. Hefur verið starfandi frá um 2000 og alltaf af mjög afkastamikil. Í fyrra kom út breiðskífan Feels sem þótti afar vel heppnuð en breiðskífur sveitarinnar eiga það eitt sameiginlegt að vera mjög frábrugðnar hver annarri. Tónleikar sveitarinnar þykja vera mikil sýning.

### Figurines

Dönsk hljómsveit sem hefur verið líkt við sveitir á borð við Interpol og Built to Spill. Hressandi gítarrokk, sem er bæði kraftmikið og grípandi. Gaf út sína aðra breiðskífu, Skeleton, í fyrra en fyrir stuttu var skífan einnig gefin út í Bandaríkjunum þar sem hljómsveitin hefur verið á tónleikaferðalagi og hefur breiðskífan fengið afar fína dóma þar í landi.

### Lady Sovereign

Nýjasta trompið í hinni skemmtilegu hiphop-senu Breta og bætist þessi unga stelpa þar með í hóp tónlistarmanna á borð við M.I.A, The Streets og Dizzee Rascal. Fjörugt, poppað og ágengt allt í senn. Ört rísandi stjarna í Bretlandi þar sem menn bíða spenntir eftir fyrstu almennilegu breiðskífu stúlkunnar.

### Serena Maneesh

Shoegaze-hljómsveit frá Noregi en norskar hljómsveitir hafa verið að gera sig gildandi að undanförnu. Þessi hefur vakið gríðarlega athygli og þó að það sé meira en augljóst undir hverra áhrifum hljómsveitin er er tónlist hennar ótrúlega þétt og vel gerð. Shoegaze-sveitir hafa reyndar ekki verið þekktar fyrir mjög fjöruga tónleika en Serena Maneesh á víst að rokka.

### Spank Rock

Einstaklega hress hiphop-hljómsveit frá Baltimore í Bandaríkjunum. Mjög hefðbundið og skemmtilegt rapp við samt ótrúlega frumlega takta en sá sem sér um forritun hefur meðal annars verið á mála hjá DFA-plötufyrirtækinu sem hefur meðal annars gefið út LCD Soundsystem og The Rapture. Ein frumlegasta hiphop-hljómsveit sem komið hefur fram í langan tíma og á að vera einstaklega hressileg á tónleikum.

steinthor@frettabladid.is



**SERENA** Spilar þétta og vandaða rokktónlist.



**LADY SOVEREIGN** Nýjasta trompið í hinni skemmtilegu hiphop-senu Breta.



**SPANK ROCK** Sérlega hress hiphop-hljómsveit frá Baltimore í Bandaríkjunum.







**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 1:30-3-5:30-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 3-5:30-8-10:30 | |
| CARS enskt tal VIP | KL. 4:15-8-10:30 | |
| SLITHER | KL. 8-10:30 | B.I. 16 |
| KEEPING MUM | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | |
| POSEIDON | KL. 5:30-10:30 | B.I. 14 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 1:30 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4-6:30 | |
| *CARS enskt tal | KL. 4-5:30-8-9-10:30-11:15 | |
| SLITHER | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| *POSEIDON | KL. 6:10 | B.I. 14 |
| *MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8 | B.I. 14 |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 5:45-8 | |
| KEEPING MUM | KL. 10:10 | B.I. 12 |
| SHE´S THE MAN | KL. 5:45-8 | |
| 16 BLOCKS | KL. 10:15 | B.I. 14 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-8 | |
| CARS enskt tal | KL. 6-8-10 | |
| SLITHER | KL. 10 | B.I. 16 |

KRINGLAN S: 588-0800

**Háskólabíó**

| | | |
|---|---|---|
| CARS enskt tal | KL. 6-8:30-11 | |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 6-7:15-8:30 | |
| KEEPING MUM | KL. 6-8:20-10:30 | B.I. 12 |
| POSEIDON | KL. 6:10-8:20-10:30 | B.I. 14 |
| MI:3 | KL. 9:30-11 | B.I. 14 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Britney Spears segir son sinn vera mjög hrifinn af því þegar hún æfir dansana sína fyrir framan hann. Sérstaklega á sonurinn að vera ánægður þegar Britney æfir kynæsandi dansana sem hún notar á tónleikaferðalögum. Sonur hennar, Sean Preston, er níu mánaða. „Hann lifnar allur við þegar ég dansa fyrir hann," segir Britney sem virðist lítið fyrir að beita hefðbundnum uppeldisaðferðum á sínu heimili.



Jónsi og félagar í hljómsveitinni Í svörtum fötum spila á balli á Players í kvöld og Ingólfshvoli við Selfoss á laugardagskvöld. Rangt var farið með staðsetningar dansleikjanna í blaðinu í gær og er beðist velvirðingar á því.

# Mugison byrjaður á Mýrinni

Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Mugison, er byrjaður að semja tónlist við kvikmyndina Mýrina sem Baltasar Kormákur leikstýrir og er byggð á samnefndri bók eftir Arnald Indriðason. Mugison nýtur stuðnings konu sinnar Rúnu Esradóttur við tónsmíðarnar en hún mun jafnframt koma að útsetningu tónlistarinnar. „Rúna er mín hægri hönd og mun semja og útsetja plötuna með mér," segir Mugison. „Svo mun Biggi tæknimaður í Sundlauginni hjá Sigur Rós einnig hjálpa til en hann er hin hægri hönd mín."

Mugison segir að búast megi við að tónlistin verði einhvers konar blanda af Derrick-þáttunum þýsku og Agötu Christie-myndunum bresku. „Annars dýrkaði ég Clouseau-myndirnar með Peters Sellers. Hann var alveg frábær og í tónlistinni er ég kannski dálítið eins og hann í rannsóknarstarfinu, það er að ég hrasa um eitthvað sniðugt," segir Mugison.



**MUGISON** Er byrjaður að semja tónlist við kvikmyndina Mýrina.

Mugison býst við að tónlistin við Mýrina verði tilbúin eftir tvo mánuði eða svo en þá mun hann hefjast handa við að semja efni á þriðju hljóðversskífu sína.

# Revelations kemur í byrjun september

Þriðja plata rokksveitarinnar Audioslave, Revelations, kemur út 5. september. Gítarleikarinn Tom Morello lýsir plötunni sem blöndu af Led Zeppelin og Earth, Wind and Fire. „Þetta er stór rokkplata með fönkuðum undirtóni," sagði Morello.

Á meðal laga á plötunni er Original Fire og Wide Awake sem fjallar um eftirköst fellibyljarins Katrínar. „Það er líklega pólitískasta lag Audioslave til þessa," sagði Morello.

Upptökustjóri plötunnar var Brendan O´Brien sem hljóðblandaði síðustu plötu Audioslave, Out of Exile, sem fór beint á topp Billboard-listans í Bandaríkjunum. Hann hefur áður tekið upp plöturnar Evil Empire, The Battle of Los Angeles og Renegades með Rage Against the Machine, sem Morello lék eitt sinn með. ■



**AUDIOSLAVE** Hljómsveitin Audioslave gefur út sína þriðju plötu þann 5. september.

# Væmið hiphop af betri gerðinni

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Hljómsveitin Fræ hefur verið gífurlega vinsæl á ýmsum útvarpsstöðvum landsins að undanförnu sem er að mörgu leyti ekki mjög skrítið. Hér eru samankomnir afar hæfileikaríkir tónlistarmenn sem vita greinilega alveg hvað þeir eru að gera. Fyrst ber að nefna Palla, gítarleikara úr Maus, sem sér um að spila afar angurværa gítartóna sem bera uppi fallegar melódíur plötunnar. Allar strengjaútsetningar eru einnig flestar mjög fagmannlegar. Auk Palla skipa hljómsveitina þeir Heimir og Sadjei úr rappsveitinni Skyttunum frá Akureyri og svo skilar Mr. Silla algjörlega gallalausu framlagi sem viðlaga- og bakraddasöngkona.

Taktar plötunnar tóna vel við angurværar melódíurnar og þegar þeir síðan sameinast tilfinninganæmum textum Heimis má segja að úr verði ótrúlega heilsteypt blanda af því sem kalla mætti emo-rapp/popp. Heimir fær mikinn og stóran plús fyrir að þora virkilega að semja svona rosalega rómantíska og væmna texta. Ekki allir alvöru rapparar myndu þora að opna sig svona og Heimi tekst afar vel upp. Þetta getur þó varla fallið vel í kramið hjá öllum og margir eiga líklega eftir að láta þessu væmnu texta fara ískyggilega mikið í taugarnar á sér. Þeir fara hins vegar ekki í taugarnar á mér heldur þvert á móti. Lagið Dramatísk rómantík er til dæmis ljúfsár slagari sem framkallar mjög ákveðnar tilfinningar.

Lögin og textarnir eru þó ekki gallalaus þó að platan renni ljúft í gegn og sé án stórra mistaka. Í raun má segja að það sé pínu galli hversu auðveldlega hún renni í gegn þar sem nokkur laganna eru kannski aðeins of lík. Textar Heimis eru einnig stundum kannski einum of klisjukenndir þótt þeir fjalli að mörgu leyti um mikilvægt málefni. Lagið Freðinn fáviti er án efa besta dæmið um þetta. Lögin Að eilífu ég lofa og Endirinn ná heldur ekki að heilla mig neitt sérstaklega.

Eyðileggðu þig smá er samt að mestu skotheld plata þar sem ekki er tekin mikil áhætta nema þá kannski í textasmíð og fléttan gengur vel upp. Tilfinningamikið og flott hiphop sem rennur átakalaust í gegn og er þægileg að hlusta á.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**FRÆ: EYÐILEGÐU ÞIG SMÁ**

NIÐURSTAÐA:

**Ein** forvitnilegasta hiphop/popp plata sem komið hefur út lengi. Einkennist af ljúfsárum og grípandi laglínum sem falla vel að tilfinningþrungnum og væmnum textum sem sleppa þó að langmestu leyti við að vera klisjukenndir. Fagmannlega gerð og hljómar þægilega í heyrnatólunum.






## Arftaki Berglindar fundinn

Valsmenn hafa samið við tékkneska markvörðinn Pavla Skavronkova en henni er ætlað að fylla það skarð sem landsliðsmarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir skildi eftir sig er hún hélt til Danmerkur. Pavla er tékkneskur landsliðsmarkvörður, 27 ára gömul og á að vera mjög öflug.

# sport

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSMARKVÖRÐURINN ÞÓRA B. HELGADÓTTIR: SKORAÐI ÚR VÍTI FYRIR BLIKASTÚLKUR

# *Vældi svo mikið að ég fékk vítið*



„Þetta er annað markið sem ég skora en ég skoraði líka fyrir KR þegar ég var þar 2002 eða 2003," sagði Þóra B. Helgadóttir, landsliðsmarkvörður Íslands í kvennaflokki, en hún skoraði eitt af mörkum liðsins í 7-0 sigri á Fylki í Landsbankadeild kvenna á miðvikudag. „Tölurnar gefa reyndar ekki alveg rétta mynd af leiknum, tvö mörk hjá okkur komu úr vítum og svo eitt sjálfsmark. Sigurinn kannski fullstór."

Staðan var 2-0 þegar Þóra var send á vítapunktinn en skömmu áður hafði Edda Garðarsdóttir skorað fyrir Blikastúlkur úr vítaspyrnu. „Ég er búinn að vera að væla svo mikið að þurfa að vera í marki og ekkert fá tækifæri til að skora. Stelpurnar í liðinu eru svo indælar að þær leyfðu mér að taka vítið. Mér finnst annars skandall að ég sé ekki vítaskytta liðsins," sagði Þóra í léttum tón.

Talað er um að Íslandsmótið í kvennaflokki sé nánast aðeins einvígi milli Vals og Breiðabliks, önnur lið séu einfaldlega ekki í sama klassa. Svo gæti því farið að úrslitin ráðist á endanum á markatölu. „Það er ekkert gaman að einbeita sér að því að vinna með sem mestum mun. Við förum bara í alla leiki til að sigra og ef Valur stendur samt sem áður uppi sem sigurvegari í lokin þá á liðið það bara skilið. Stefna okkar er bara að taka stigin þrjú og svo er það bara bónus ef við náum að bæta markatöluna," sagði Þóra.

Breiðablik mætir Stjörnunni á laugardaginn en liðin hafa jafnmörg stig að loknum sex leikjum. „Það má búast við hörkuleik, Stjarnan er með sterkt lið og gæti alveg haft mikil áhrif á lokastöðuna í deildinni. Svo eru margar stelpur í liðinu sem voru í Breiðablik en fengu ekki tækifæri. Það er gaman að sjá þær blómstra svona núna og ég held að þær leggi sig enn meira fram gegn gamla félaginu. Ég þekki það sjálf frá því ég fór til KR og var þar í tvö ár," sagði Þóra B. Helgadóttir.

## > Golfarar á ferð og flugi

Íslenskir kylfingar hafa verið víða að á meginlandi Evrópu undanfarna daga en Heiðar Davíð Bragason úr Kili í Mosfellsbæ lauk í gær keppni á móti í dönsku mótaröðinni þar sem hann lenti í 18.-20. sæti. Síðasta hringinn lék hann á þremur yfir pari og samtals var hann á fjórum yfir pari hringina þrjá. Ófeigur Jóhann Guðjónsson, íslenskur kylfingur búsettur í Noregi, lenti í 5.-6. sæti á tveimur undir pari. Þá hóf Birgir Leifur Hafþórsson, GKG, keppni á móti í áskorendamótaröð Evrópu sem fram fer í Sviss og lék hann fyrsta hringinn á einu höggi undir pari.



LANDSBANKADEILDIN

# Stuðningsmenn sameinast gegn kynþáttafordómum í knattspyrnu

**Stuðningsmenn knattspyrnuliða á Íslandi hafa sameinast í baráttunni gegn kynþáttafordómum í ljósi nýlegra atburða hér á landi þegar Úgandamaðurinn Andrew Mwesigwa varð fyrir aðkasti í Hafnarfirði. Stuðningsmenn Keflavíkur, ÍA og ÍBV sýndu það í verki í gær og líklegt er að fleiri fylgi í kjölfarið.**

**FÓTBOLTI** Á Laugardalsvelli á miðvikudag mátti sjá borða á meðal stuðningsmanna Keflavíkur þar sem á stóð Knattspyrna án fordóma. Með þessu sýndu stuðningsmenn Suðurnesjaliðsins stuðning sinn í verki gegn kynþáttafordómum en mikil umræða hefur verið um þá undanfarna daga. Eftir að stuðningsmenn FH urðu uppvísir að athæfinu í garð Andrew Mwesigwa, leikmanns ÍBV, fór boltinn að rúlla og nú hafa fleiri sýnt samhug.

Þeirra á meðal eru sjálfir stuðningsmenn FH, sem héldu sérstakan fund vegna málsins en þar kom meðal annars fram að þeir ætli sér að nota krafta sína frekar í að styðja lið sitt áfram í stað þess að úthúða dómurum leiksins eða andstæðingunum.

Jóhann Albertsson, eða Joey Drummer eins og hann er gjarnan kallaður, var forsprakki að stuðningi gegn kynþáttafordómunum en hann á veg og vanda að borðanum sem sést á myndinni hér til hliðar. „Við vildum undirstrika andúð okkar á kynþáttafordómunum sem hafa því miður voru við lýði hér á Íslandi. Við tökum öllum kynþáttum opnum örmum og að sjálfsögðu eru allir jafnir í okkar augum. Fótbolti án fordóma er slagorðið okkar og við vildum sýna það í verki," sagði Jóhann, en hann er meðlimur í Pumasveitinni, sem stuðningsmenn Keflavíkur kalla sig.




**STUÐNINGSMSMENN KEFLAVÍKUR** Riðu á vaðið og flögguðu þessum borða á leiknum gegn Val á Laugardalsvelli á miðvikudaginn. Jóhannes er lengst til vinstri. NORDICPHOTOS/AFP

„Við ætlum að taka borðann með okkur á alla leiki í sumar og flagga honum skilmerkilega til að sýna okkar stuðning. Við ætlum meira að segja að taka hann með okkur til Noregs þegar við mætum Lilleström, hvort við þýðum hann yfir á norsku skal nú ósagt látið," bætti Jóhannes við, léttur í bragði að vanda.

Skagamenn sýndu sinn stuðning einnig í gærkvöldi. „Við ákváðum að sýna samstöðu gegn kynþáttafordómum og ákváðum að mála okkur svarta í framan. Við fengum Eyjamenn með okkur í lið og þetta hefði orðið misskilið ef þetta hefði ekki fengið umfjöllun en við gerum þetta til að sýna samhug," sagði Þórður Már Gylfason, forsprakki stuðningsmannaklúbbs ÍA sem kallast Skagamörkin.

„Það var tímabært að gera þetta núna og útrýma þessum fordómum í fæðingu. Þetta er ekki þekkt á Íslandi enda ekki margir þeldökkir leikmenn sem spila á Íslandi en okkur fannst tilvalið að gera þetta á heimavelli þess leikmanns sem lenti í þessu. Það er bónus að fá stuðningsmenn Eyja með okkur," sagði Þórður en fylkingin gekk á völlinn af skemmtistað í bænum saman á völlinn í gærkvöldi.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, var ánægður að sjá samhuginn og minnti á átak KSÍ. „KSÍ hefur verið með átak í nokkur ár sem kallast Leikur án fordóma og mun að sjálfsögðu vera áfram í gangi, þetta er okkar slagorð. Við munum alltaf hafa augun opin fyrir þessu auk þess sem athygli verður vakin á málinu í bækling sem við gefum út fljótlega. Við erum á tánum og vitum að þjóðfélagið er að breytast," sagði Geir.

hjalti@frettabladid.is

Ítalir kláruðu E-riðil með stæl og sendu Tékkana heim:

# Gana áfram í sinni fyrstu keppni

**FÓTBOLTI** Það var mikill fögnuður í Afríku í gær, sér í lagi í Gana, þar sem landsliðið komst áfram í 16-liða úrslit heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu með 2-1 sigri á Bandaríkjamönnum. Ganamenn tryggðu sér þátttökurétt á HM í fyrsta sinn í sögu landsins í fyrra og eru nú komnir áfram upp úr riðlakeppninni. Ekki er ólíklegt að þeir verði einir Afríkuþjóða á því stigi keppninnar en Túnismenn eiga reyndar enn möguleika á sæti í útsláttarkeppninni.

Tékkar töpuðu fyrir Ítölum í gær, 2-0, og þurfa því að bíta í það súra epli að halda heim á leið. 2-0 tap liðsins fyrir Gana á laugardaginn var dýrkeypt og reyndist hafa úrslitaáhrif á lokastöðuna í riðlinum.

Bandaríkjamenn sitja einnig eftir og hafa fengið að kenna á dómgæslunni á mótinu. Þjálfari liðsins, Bruce Arena, neitaði að gagnrýna dómara leiksins við Ítali þar sem tveir Bandaríkjamenn sáu rautt en hann lét Þjóðverjan Markus Merk heyra það í gær fyrir að „gefa" Ganamönnum víti sem reyndist ríða baggamuninn í leiknum. Haminu Dramani kom Gana yfir snemma leiks en Clint Dempsey jafnaði metin skömmu síðar.

„Við þurftum að hafa mikið fyrir því að komast aftur inn í leikinn. Ég varð fyrir vonbrigðum með ákvörðun dómarans um að dæma víti," sagði Arena en Merk dæmdi vítið eftir að Oguchi Onyewu virtist brjóta á Razak Pimpong. „Við hefðum vilja hefja síðari hálfleikinn og eiga góða möguleika á sigri í leiknum."

Michael Essien fékk gult spjald í leiknum og verður því ekki með liðinu í 16-liða úrslitum. Vissulega mikil vonbrigði en það skyggði ekki á gleði Ganabúa. „Þetta er söguleg stund fyrir okkur og við erum mjög ánægðir," sagði Ratomir Dujkovic þjálfari liðsins. „Við óttumst ekkert lið. Við erum Brasilíumenn Afríku," bætti hann við.

Marco Materazzi kom Ítölum yfir gegn Tékkum aðeins níu mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Ekki bætti úr skák fyrir Tékkana er Jan Polak var vísað af velli undir lok fyrri hálfleiks vegna tveggja áminninga. Filippo Inzaghi gerði svo endanlega út um leikinn með marki í blálokin.



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Gana fögnuðu hreint ógurlega er þeir unnu Bandaríkjamenn í gær en þeir eru óvænt komnir í sextán liða úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Það var einfaldlega of erfitt að spila einum færri í seinni hálfleik," sagði Karel Bruckner þjálfari Tékka eftir leikinn. „Við misstum marga menn fyrir leikinn og leikbönnin fóru illa með okkur í þessu móti."

- esá

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

# Fislétt kaup

## Þig vantar bíl. Núna
## Aðeins 64 bílar. Í dag
## Komdu strax

**Opið frá kl. 9 - 18**

**Tökum notaðan uppí notaðan**

NATURALIS

### Fislétt bílakaup - afborgun undir 15.000 kr. á mánuði




Citreon C3 skrd. 03/2003 ek: 52.000 km. NR-215.
~~Verð 940.000 kr.~~ Tilboðsverð 840.000 kr. Útborgun 84.000 kr.
13.166 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.




Citroen Picasso Excl. skrd. 05/2002 ek: 107.000 km. MJ-422.
~~Verð 990.000 kr.~~ Tilboðsverð 790.000 kr. Útborgun 79.000 kr.
14.413 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Toyota Corolla Terra skrd. 07/1999 ek: 133.000 km. OG-726.
~~Verð 620.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
14.714 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Renault Meg.Scenic skrd. 08/1999 ek: 116.000 km. LX-786.
~~Verð 740.000 kr.~~ Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
15.000 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði




Toyota Corolla G6 H/B skrd. 01/2001 ek: 97.000 km. UM-290.
~~Verð 850.000 kr.~~ Tilboðsverð 699.000 kr. Útborgun 69.900 kr.
16.498 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.




Ford Focus skrd. 05/1999 ek: 104.000 km. YV-821.
~~Verð 650.000 kr.~~ Tilboðsverð 550.000 kr. Útborgun 55.000 kr.
16.508 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Ford Mondeo skrd. 06/1999 ek: 84.000 km. GY-799.
~~Verð 740.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
17.979 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Honda HR-V skrd. 05/1999 ek: 94.000 km. AF-663.
~~Verð 730.000 kr.~~ Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
17.983 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði




Ford Mondeo skrd. 12/1998 ek: 140.000 km. YN-529.
~~Verð 670.000 kr.~~ Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
20.925 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.




Subaru Legacy skrd. 05/1998 ek: 144.000 km. ZM-262.
~~Verð 750.000 kr.~~ Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
21.342 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði.




Renault Meg. Scenic skrd. 07/2000 ek: 83.000 km. JG-176.
~~Verð 1.110.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
23.365 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði.




Ford Focus Trend skrd. 01/2004 ek: 49.000 km. SP-018.
~~Verð 1.490.000 kr.~~ Tilboðsv. 1.350.000 kr. Útborgun 135.000 kr.
21.175 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

### Fislétt bílakaup - afborgun yfir 25.000 kr. á mánuði




Subaru Forester Turbo skrd. 10/1999 ek: 116.000 km. SU-135.
~~Verð 1.350.000 kr.~~ Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
29.758 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði.




Ford Mondeo Ghia skrd. 03/2006 ek: 1.000 km. UR-388.
~~Verð 2.790.000 kr.~~ Tilboðsv. 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
35.943 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.




Ford Explorer skrd. 04/2004 ek: 42.000 km. NH-551.
~~Verð 3.890.000 kr.~~ Tilboðsv. 3.390.000 kr. Útborgun 339.000 kr.
53.172 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.




Mercedes E240 skrd. 06/2002 ek: 63.000 km. OD-217.
~~Verð 3.420.000 kr.~~ Tilboðsv. 2.990.000 kr. Útborgun 299.000 kr.
54.563 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

**Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.**
**Fislétt kaup. Aðeins í dag.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is



**BELLAMY** Skoraði þrettán mörk í 27 leikjum í ensku úrvalsdeildinni í fyrra.
NORDICPHOTOS/AFP

Craig Bellamy til Liverpool:

## Þetta er ótrúlegur heiður

**FÓTBOLTI** Craig Bellamy skrifaði í gær undir fjögurra ára samning við félagið sem hann studdi í æsku, Liverpool. Bellamy stytti fjölskyldufrí sitt í Grikklandi til að skrifa undir samninginn en hann var markahæsti leikmaður Blackburn á síðasta tímabili, og ein aðal ástæða þess að liðið komst í UEFA bikarkeppnina.

„Mér er alveg sama um að stytta fríið mitt, þetta er ótrúlegt stund fyrir mig. Ég gifti mig í síðasta mánuði, en þetta jafnast alveg á við það. Konan mín er kannski ekki ánægð með að ég segi þetta en það er alveg satt,“ sagði Bellamy sem gekkst undir læknisskoðun á miðvikudaginn og var ekki lengi að samþykkja að taka á sig launalækkun til að spila fyrir Liverpool. **- hþh**

Enska úrvalsdeildin:

## Chelsea byrjar á heimavelli

**FÓTBOLTI** Leikjaniðurröðun fyrir komandi tímabil í ensku úrvalsdeildinni var tilkynnt í gær. Englandsmeistarar Chelsea byrja á heimavelli og taka á móti Manchester City en það ætti að kæta stjóra liðsins, Jose Mourinho.

Fyrir skömmu spáði hann því að Chelsea myndi byrja á útivelli þar sem enska landsliðið spilar leik í vikunni fyrir fyrstu umferðina. Hefur hann oftar en ekki haldið því fram að forráðamenn úrvalsdeildarinnar hafi horn í síðu Chelsea og láti Chelsea iðulega spila á útivelli eftir leiki í Evrópukeppnum og landsleikjahlé.

# Alfreð og Gummersbach hafa náð samkomulagi

**Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, mun að öllum líkindum taka við þýska liðinu Gummersbach á næstu dögum. Hann mun þrátt fyrir það stýra landsliðinu á HM í Þýskalandi í janúar en málið er unnið í sátt við HSÍ.**

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, hefur komist að samkomulagi við Gummersbach um að hann taki við þýska úrvalsdeildarfélaginu strax í sumar en hann átti upprunalega ekki að taka við liðinu fyrr en sumarið 2007. Gummersbach mun ekki standa í vegi fyrir því að hann geti sinnt skyldum sínum sem landsliðsþjálfari en það var forsenda fyrir því að samningar tækjust. Forráðamenn Gummersbach eiga nú í viðræðum við Velimir Klajic, núverandi þjálfara liðsins, um starfslokasamning en hann á eðlilega eitt ár eftir af samningi sínum við félagið. Málið er unnið í fullri sátt við HSÍ sem fylgist grannt með gangi mála.

„Við erum meðvitaðir um stöðuna á þessu máli og það er alveg ljóst að við munum ekki standa í vegi fyrir því að Alfreð taki við liðinu svo framarlega sem hagsmunum HSÍ sé borgið. Ef störf hans fyrir okkur og Gummersbach rekast ekki saman þá leggjum við blessun okkar yfir þetta,“ sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, en um leið og gengið hefur verið frá starfslokasamningi við Klajic verður hægt að semja við Alfreð og HSÍ.

„Ég er mjög sáttur við að það hafi tekist að leysa málið farsællega og í sátt við HSÍ. Landsliðið hefur alltaf forgang hjá mér og þessi niðurstaða hefur engin áhrif á störf mín með landsliðið og ég verð við stjórnvölinn á HM í janúar í næsta mánuði,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær en hann er kominn aftur til Þýskalands. Alfreð var í stöðugum viðræðum við HSÍ og Gummersbach um framhaldið eftir að ljóst varð að Ísland kæmist á HM.

Alfreð mun geta sinnt landsliðsþjálfarastarfinu vel ytra þar sem flestir leikmanna landsliðsins leika með liðum í þýsku úrvalsdeildinni.

„Ég nenni ekki að vökva garðinn í heilt ár í viðbót. Vonandi klárast þetta mál með Klajic sem fyrst svo ég geti byrjað að vinna,“ sagði Alfreð léttur á því en hann er eðlilega farið að klæja í lófana eftir að komast aftur á fullu í þjálfun en hann hefur tekið því frekar rólega eftir að hann var rekinn frá Magdeburg.

Mikil uppbygging er í gangi hjá Gummersbach, margir nýir menn að koma inn í liðið og eðlilegt að framtíðarþjálfari félagsins vilji vera með puttanna í uppbyggingunni frá byrjun.

„Það bíður mín spennandi vinna hjá Gummersbach og þetta verður krefjandi og skemmtilegt verkefni,“ sagði Alfreð en hann verður með þrjá íslenska landsliðsmenn í herbúðum félagsins næsta vetur - þá Guðjón Val Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og síðan Sverri Björnsson sem félagið keypti frá Fram fyrir skömmu.

Undirbúningstímabilið hjá Gummersbach á að hefjast 20. júlí næstkomandi en það finnst Alfreð vera allt og seint og því aldrei að vita nema leikmenn liðsins verði kallaðir fyrr út úr fríinu en þeir áttu von á.



**AFTUR Í ELDLÍNUNA** Alfreð Gíslason verður aftur kominn á hliðarlínuna í þýska boltanum ef að líkum lætur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

henry@frettabladid.is



**SPRÆKUR** Hólmar Örn hefur leikið vel í sumar.

Hólmar Örn Rúnarsson:

## Undir smásjá Silkeborg

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst danska félagið Silkeborg fá Keflvíkinginn Hólmar Örn Rúnarsson til sín í sumar.

Hólmar hefur leikið vel með liðinu það sem af er sumri en þjálfari Silkeborg horfði á æfingu Keflvíkinga í síðustu viku. Hann var hér í för með Herði Sveinssyni og Bjarna Ólafi Eiríkssyni, leikmönnum Silkeborg, en Hörður lék áður með Keflavík en Bjarni með Val.

Hólmar kannaðist ekki við málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær, né Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur og faðir Hólmars, en kvaðst einnig hafa heyrt af áhuganum.

Dregið í Evrópukeppnum:

## Mætir FH aftur Neftchi?

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Íslandsmeistarar FH mæti aftur Baku frá Aserbaídsjan í fyrstu umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu en dregið verður í fyrstu tvær umferðir keppninnar í dag og í fyrstu umferð UEFA-bikarkeppninnar.

Tuttugu og tvö lið eru í hattinum í fyrstu umferðinni og er liðunum skipt í tvo styrkleikaflokka. FH er í sterkari hópnum og getur mætt liðum víða að, allt frá Færeyjum til Kazakhstan. Sjötíu lið taka þátt í fyrstu umferð UEFA-bikarkeppninnar og er liðunum þar skipt í þrjú svæði sem þýðir að ferðalög Vals og ÍA verða í styttri kantinum. Eins og hjá FH er liðunum skipt í tvo styrkleikaflokka en bæði Valur og ÍA eru í neðri flokknum. Árangur síðustu ára ræður um styrkleikaröðunina. **- esá**



**EKKERT HÚS** Christopher Vorenkamp og Jonah Long, leikmenn ÍBV, fá ekkert knattspyrnuhús til að æfa sig í í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Knattspyrnuhús í Eyjum:

## Byggingunni slegið á frest

**FÓTBOLTI** Það var þungt hljóðið í Gísla Hjartarsyni, stjórnarmanni ÍBV, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. Ástæðan er sú að ákveðið hefur verið að fresta byggingu knattspyrnuhúss í Vestmannaeyjum en framkvæmdir á byggingu nýja hússins áttu að hefjast 1. júlí og ráðgert var að húsið yrði tilbúið um áramótin.

„Byggingin var samþykkt með sjö atkvæðum gegn engu í bæjarstjórninni á sínum tíma, en með nýrri stjórn breyttist það skyndilega. Að byggja húsið var fellt með fjórum atkvæðum gegn þremur og nú er búið að setja málið á byrjunarreit. Þetta tefur líklega byggingu á húsinu um ár,“ sagði Gísli, mjög óhress með málið.

„Þetta er áfall fyrir íslenska knattspyrnu og boltann í heild sinni í Vestmannaeyjum,“ bætti Gísli við en Vestmannaeyingar ætluðu að byggja hús líkt og FH hefur gert, ekki í fullri stærð, en löglegt til að leika í yngri flokkunum með frábærri æfingaaðstöðu fyrir meistaraflokkinn. **- hþh**

Juventus, AC Milan, Lazio og Fiorentina hafa öll verið ákærð af ítalska knattspyrnusambandinu:

# Juventus dæmt niður í Serie-C deildina?

**FÓTBOLTI** Juventus, AC Milan, Lazio og Fiorentina hafa öll verið ákærð af ítalska knattspyrnusambandinu. Þetta eru liðin fjögur sem voru til rannsóknar af aganefnd sambandsins en málið teygir anga sína víða.

Forráðamenn Juventus hafa verið til rannsóknar frá því í vor vegna skandalsins sem hefur snúið öllu fótboltalífi á Ítalíu á hvolf. Juventus er ásakað um að hafa hagrætt úrslitum í leikjum hjá sér, í samráði við Pierluigi Pairetto sem útnefndi dómara á leiki í Serie-A deildinni. Stjórn Juventus, með Luciano Moggi í broddi fylkingar, sagði af sér vegna málsins en símtöl hans við Pairetto voru birt í heild sinni í ítölskum fjölmiðlum. Hlutur hinna liðanna þriggja er alvarlegur, en þó mun minna en Juventus.

Verðgildi Juventus hefur lækkað um 40 prósent frá 9. maí en stjórnin sagði af sér 14. maí og er klúbburinn nú talinn vera um 112 milljóna punda virði. Meira að segja stjórnandi vinsælasta knattspyrnusjónvarpsþáttar á Ítalíu sagði af sér eftir að ásakanir komu fram um að Moggi hefði beðið hann um að fegra ímynd Juventus.

Auk þess var Juventus ásakað um skattsvik og fölsun á opinerum gögnum en félagið á yfir höfði sér hörðustu refsinguna. Hún gæti verið allt frá því að dregin verði af félaginu stig í besta falli fyrir þá, til sviptunar titla og falls í Serie-B eða jafnvel Serie-C deildina í versta falli. Réttarhöldin hefjast 28. júní og ef áfrýjað verður, er réttað milli 7. og 9. júlí. Dómur verður kveðinn upp fyrir 20. júlí.



**LUCIANO MOGGI** Maðurinn sem hefur verið hvað mest í brennidepli í sambandi við skandalinn stóra.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





**LARRY BROWN** Hættur með New York Knicks. NORDIC PHOTOS/AFP

New York Knicks:

# Brown rekinn

**KÖRFUBOLTI** Larry Brown þjálfari New York Knicks í NBA-deildinni hefur verið leystur undan störfum eftir aðeins eitt tímabil. Isiah Thomas, forseti og framkvæmdastjóri félagsins, mun taka við þjálfuninni en Brown var á sínum tíma ráðinn til Knicks í fimm ár og sagði hann þá þetta vera draumastarfið sitt enda er hann fæddur og uppalinn í Brooklyn. Brown gerði Detroit Pistons að meisturum árið 2004 en gekk skelfilega með Knicks í vetur en liðið náði sínum versta árangri í 20 ár í deildinni. - esá

Áfall fyrir Grindavík:

# Fjórir hættir og einn meiddur

**KÖRFUBOLTI** Lið Grindavíkur í körfubolta mun í haust mæta mikið breytt til leiks en þrír leikmenn liðsins hafa ákveðið að hætta. Það eru Helgi Jónas Guðfinnsson, Pétur Guðmundsson og Guðlaugur Eyjólfsson. „Þetta er mikill missir enda bæði góðir leikmenn og félagar," sagði Friðrik Ingi Rúnarsson í gær. Þremenningarnir hafa verið mismikið með undanfarin ár en Helgi Jónas hefur til að mynda átt við þrálát meiðsli að stríða.

Þá mun Hjörtur Harðarson þjálfa hjá Haukum næsta tímabil og bakvörðurinn Jóhann Ólafsson mun vera lengi frá vegna krossbandsslita. Hann missti af öllu síðasta tímabili vegna meiðslanna sem þó greindust ekki fyrr en nýlega.

Friðrik Ingi sagði að Helgi Jónas og Pétur munu verða í kringum liðið á næsta ári og aðstoða við þjálfunina. - esá



**ALLT Í LÆGÐ** Leikmenn Frakka voru ekki hressir á æfingu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Patrick Vieira:

# Við óttumst að detta úr í dag

**FÓTBOLTI** Franski miðjumaðurinn Patrick Vieira viðurkennir að hann sé logandi hræddur yfir því að falla úr leik á HM í dag, en þeir verða að vinna Tógó og treysta á að Suður-Kórea og Sviss geri ekki 2-2 jafntefli, ellegar þurfa Frakkar að fara heim. Á HM 2002 fóru þeir heim án þess að hafa skorað mark í riðlakeppninni.

„Markmiðið er enn að fara alla leið á HM. Að detta úr væri mjög mikil vonbrigði, verra en árið 2002. Við megum bara ekki falla úr leik, en ég held að við séum sterkari, bæði andlega og líkamlega en árið 2002," sagði Vieira en Frakkar verða án fyrirliðans Zinedine Zidane sem verður í banni. - hþh



**VIGNIR GUÐJÓNSSON** BLOGGAR FRÁ HM 2006 Í ÞÝSKALANDI

# *Þeir ensku kunna þetta*

Síðasta laugardag sá ég nokkur hundruð Ghana-búa stíga trylltan stríðsdans eftir fyrsta sigur þjóðarinnar á HM. Stuðningsmennirnir voru skemmtilegir, gerðu mikið af því að flauta og öskra og dansa furðulegan húla-húla dans.

Brasilísku stuðningsmennirnir voru enn dásamlegri eftir sigurinn á Ástralíu á sunnudagskvöldið og í miðbænum var sannkölluð karnival-stemning fram eftir nóttu. Brassarnir virðast vera með sérskipaðar trommusveitir sem koma sér fyrir á ákveðnum stöðum í borgum Þýskalands og leiða fjöldadans stuðningsmanna. Dásamlegt á að horfa.

Heimamenn Þjóðverjar voru skiljanlega sáttir eftir sigurinn á Ekvador í fyrradag og það sem þeir höfðu fram yfir Brassana var fjöldinn. Miðbærinn var gjörsamlega morandi í trylltum heimamönnum sem öskruðu úr sér vitin á móðurmálinu. En málið er að öskur á þýsku virkar einfaldlega ekki. Hvernig er hægt að taka mann sem öskrar "Deutchland fur weltmeister" alvarlega? Öskur geta verið fráhrindandi en þegar tungumálið bætist við getur verið betra að setja upp iPod-inn. Svo er líka náttúrlega ekki séns að Þýskaland sé að fara að vinna þessa keppni.

En þessir stuðningsmenn, og allir aðrir hér í Þýskalandi, þurfa að beygja sig og bugta fyrir þeim ensku, sem einfaldlega bera höfuð og herðar yfir alla aðra. Ég varð vitni að sex Spánverjum ögra þremur Englendingum á Dómkirkjutorginu í Köln fyrir leikinn gegn Svíum. Þeir sungu í andlitið á þeim að Spánn væri að spila miklu betur en England. Vissulega staðreynd en þessari ábendingu hefði betur verið sleppt.

Ensku þremenningarnir stóðu upp, lyftu bjórglasinu og byrjuðu að syngja „God save the queen". Eftir nokkrar sekúndur var meirihluti Englendinga sem staddir voru á torginu, og þeir hafa líklega talið hátt í annað þúsundið, farinn að taka undir. Hávaðinn var gríðarlegur og maður bókstaflega skynjaði þjóðarstoltið í gegnum sönginn.

Ensku stuðningsmennirnir eru stórkostlegir, margir hverjir klæddir skikkjum í formi þjóðfánans. Sannkallaðir sendiherrar hennar hátignar og líklega reiðubúnir að deyja fyrir málstaðinn, sem er fótboltalandsliðið þeirra. Málið með Englendingana er að þeir kunna þetta. Vita hvað dæmið snýst um. Það sama verður seint sagt um þá spænsku, þeir voru gjörsamlega jarðaðir á staðnum og skömmustuvipurinn sem færðist á andlit þeirra – honum er ekki hægt að lýsa í orðum. Þeir hafa líklega farið aftur heim í næstu vél.



**GOD SAVE THE QUEEN** Talið er að hátt í 50 þúsund stuðningsmenn enska landsliðsins hafi verið samankomnir í Köln þegar leikurinn gegn Svíum fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




## Víkingur 0-0 FH

Víkingsv. Áhorf: 1134 — Erlendur Eiríksson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–3 (1–1) |
| Varin skot | Ingvar 1 – Daði 1 |
| Horn | 2–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–12 |
| Rangstöður | 6–1 |

| VÍKING. 4–4–2 | | FH 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Kale | 6 | Daði Lárusson | 6 |
| Höskuldur Eiríks. | 7 | Freyr Bjarnason | 6 |
| Milos Glogovac | 6 | Ármann Smári | 7 |
| Grétar Sigfinnur | 6 | ***Ásgeir Gunnar** | **8** |
| Valur Úlfars. | 5 | Guðmundur Sæv. | 6 |
| (67. Daníel Hjalta. | 6) | Sigurvin Ólafs. | 3 |
| Arnar Jón | 5 | Baldur Bett | 6 |
| (85. Stefán Kári | -) | Davíð Þór | 8 |
| Jón Guðbrands. | 5 | Tryggvi Guðm. | 6 |
| Jökull | 6 | Ólafur Páll | 5 |
| Hörður Bjarna. | 6 | (70. Matthías | 5) |
| (90. Perry | -) | Atli Viðar | 6 |
| Viktor Bjarki | 7 | (60. Dyring | 5) |
| Davíð Þór | 7 | | |

**Maður leiksins*

## HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*E-riðill:*

TÉKKLAND-ÍTALÍA 0-2
0-1 Marco Materazzi (25.), Filippo Inzaghi (86.).
GHANA-BANDARÍKIN 2-1
1-0 Haruna Dramani (21.), 1-1 Chris Dempsey (42.), 2-1 Steven Appiah (víti 45+1.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍTALÍA** | **3** | **2** | **1** | **0** | **5-1** | **7** |
| GHANA | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-2 | 6 |
| **TÉKKLAND** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-4** | **3** |
| BANDARÍKIN | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-6 | 1 |

*F-riðill:*

JAPAN-BRASILÍA 1-4
1-0 Tamada (34.), 1-1 Ronaldo (45.), 1-2 Juninho (53.), 1-3 Gilberto (60.), 1-4 Ronaldo (81.).
KRÓATÍA-ÁSTRALÍA 2-2
1-0 Srna (3.), 1-1 Moore, víti (39.), 2-1 N. Kovac (57.), 2-2 Kewell (79.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BRASILÍA** | **3** | **3** | **0** | **0** | **7-1** | **9** |
| ÁSTRALÍA | 3 | 1 | 1 | 1 | 5-5 | 4 |
| **KRÓATÍA** | **3** | **0** | **2** | **1** | **2-3** | **2** |
| JAPAN | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-7 | 1 |

**LEIKIR DAGSINS:**

*G-riðill:*

SVISS-SUÐUR-KÓREA 19.00
TÓGÓ-FRAKKLAND 19.00

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SVISS** | **2** | **1** | **1** | **0** | **2-0** | **4** |
| SUÐUR-KÓREA | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| **FRAKKLAND** | **2** | **0** | **2** | **0** | **1-1** | **2** |
| TÓGÓ | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |

*H-riðill:*

ÚKRAÍNA-TÚNIS 14.00
SÁDI-ARABÍA-SPÁNN 14.00

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **SPÁNN** | **2** | **2** | **0** | **0** | **7-1** | **6** |
| ÚKRAÍNA | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| **TÚNIS** | **2** | **0** | **1** | **1** | **3-5** | **1** |
| SÁDI-ARABÍA | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-6 | 1 |

# Niðurlæging í Grindavík

**Grindvíkingar léku á alls oddi þegar KR kom í heimsókn. Þeir spiluðu KR upp úr skónum og niðurlægðu Vesturbæinga með því að skora fimm mörk.**

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar höfðu ekki enn innbyrt sigur í júnímánuði þegar kom að leik gærkvöldsins og eftir erfið félagaskipti Sinisa Kekic var þeim sennilega mikið í mun að sanna sig. Það gerðu þeir svo sannarlega gegn KR-ingum í gær og náðu hreint ótrúlegum sigri, 5-0. Markatala KR-inga var ekki glæsileg fyrir leikinn en engu að síður hafði liðið náð í 12 stig. Engan hefði þó órað fyrir hvað var í vændum fyrir leik gærkvöldsins.

Í stuttu máli sagt var varnarleikur KR-inga skelfilegur. Grindvíkingar voru ekki lengi að átta sig á því og voru hinir sprettþörðu Jóhann Þórhallsson og Mounir Ahandour í essinu sínu. Þeir gerðu ófáar tilraunir til að stinga sér inn fyrir varnarlínuna og það tókst við fyrsta markið er Jóhann átti góða sendingu á Mounir. Aðeins fimm mínútum síðar labbaði Paul McShane í gegnum vörn KR eftir góðan samleik við Mounir og bætti öðru við.

Ævintýrið hélt áfram í síðari hálfleik og sem fyrr fengu Grindvíkingar að athafna sig óáreittir í teig KR-inga. Óskar Örn Hauksson bætti þriðja markinu við og svo slapp Jóhann Þórhallsson tvívegis á tveimur mínútum inn fyrir vörn KR og kláraði sín færi örugglega. Eftir þetta róuðust Grindvíkingar nokkuð og KR-ingar fóru loksins að sækja af einhverju viti. En ólíkt varnarleik þeirra rönd-óttu stigu varnarmenn Grindavíkur ekki feilspor og þar við sat.

„Menn voru engan veginn tilbúnir í dag og sigurviljinn enginn," sagði niðurlútur Bjarnólfur Lárusson, fyrirliði KR, eftir leik. „Við vorum slakir, gerðum mörg mistök í vörninni og þeir áttu þetta allt skilið. Þetta var án efa langversti leikurinn sem ég hef spilað með KR."



**ALLT LOKAÐ** Bjarnólfur og félagar í KR komust ekkert áfram í gær. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Sigurður Jónsson var að sama skapi kátur þrátt fyrir að hafa fengið rautt spjald fyrir að mótmæla dómi seint í leiknum. „Maður þorir ekki að segja mikið af því að ég verð þá bara sektaður og ég vil frekar eyða peningnum í strákana. En ég kvartaði einu sinni út af rangstöðu og fór svo að tala við strákana á bekknum og það heyrði aðstoðardómarinn. Teitur þjálfari KR var til að mynda alveg gáttaður á þessu enda ekkert ljótt orðbragð haft um dóminn. Annars voru strákarnir alveg frábærir, bæði í vörn og sókn, og vorum við mjög skarpir í öllum okkar aðgerðum. Eftir allt of mörg jafntefli á heimavelli í sumar vildum við vinna í kvöld og undirbjuggum okkur afar vel fyrir leikinn."

Teitur Þórðarson þarf að taka sína menn og ekki síst varnarleikinn í naflaskoðun. Teikn voru á lofti fyrir leikinn í gær auk þess sem sóknarleikurinn hefur löngum ekki verið neitt til að hrópa húrra fyrir. Grindvíkingar léku eins og gefur að skilja á als oddi og verður sigur þeirra sjálfsagt lengi hjá leikmönnum og stuðningsmönnum félagsins í minnum hafður. KR-ingar munu sjálfsagt ekki gleyma þessum leik í bráð, þó þeir gjarnan vildu.

**eirikurst@frettabladid.is**

Eyjamenn sýndu klærnar þegar Skagamenn komu í heimsókn til Eyja:

# Ekki hægt að tapa fyrir neðsta liðinu

**FÓTBOLTI** Skagamenn mættu ákveðnari til leiks á Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum og sóttu stíft fyrstu mínútur leiksins. Þeir náðu hins vegar sjaldan að skapa sér hættuleg marktækifæri og meiri ákveðni virtist vanta í framlínu liðsins.

Eyjapeyjar tóku fast á leikmönnum ÍA og fyrstu tíu mínúturnar hafði Garðar Örn Hinriksson, ágætur dómari leiksins, dæmt sjö brot á Eyjamenn en aðeins eitt á Skagamenn. Þessi harka virtist virka vel hjá leikmönnum ÍBV og þeir komust jafnt og þétt meira inn í leikinn. Það var samt ekki fyrr en á 32. mínútu að fyrsta markið leit dagsins ljós en þá átti Atli Jóhannsson fína sendingu á Ulrik Drost, sem var einn í framlínu Eyjaliðsins, og hann renndi boltanum örugglega í netið framhjá Bjarka í marki ÍA.

Í seinni hálfleik bættu Skagamenn í sóknina en það voru hins vegar Eyjamenn sem bættu við marki og glæsimark það var. Atli Jóhannsson var þar aftur á ferðinni en í þetta skiptið gerði hann allt sjálfur. Lék á varnarmann ÍA og þrumaði knettinum svo í netið, óverjandi fyrir Bjarka.

„Það er ekki hægt að tapa fyrir neðsta liðinu á heimavelli," sagði Páll Þorvaldur Hjarðar sem átti stórleik í vörninni hjá ÍBV en hann var að vonum ánægður með sigurinn. „Ég er mjög sáttur við leik okkar í dag. Það var hrikalega vont að fá þetta mark þarna í lokin og óþarfa pressa á okkur en við lágum bara til baka síðustu mínúturnar og héldum þetta út."

„Við vorum bitlausir í sókninni sérstaklega í fyrri hálfleiknum og reyndar framan af seinni hálfleik. Við settum nú góða pressu á þá í restina og það var aðeins jákvætt en langt frá því að vera nógu gott," sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA.

**- jíá**

## Breiðablik 3-2 Fylkir

Laugardalsv. Áhorf: 762 — Jóhannes Valgeirsson (6)

*0-1 Christian Christiansen (15.)*
*1-1 Nenad Zivanovic (28.)*
*2-1 Marel Jóhann Baldvinsson (32.)*
*2-2 Sævar Þór Gíslason, víti (36.)*
*3-2 Marel Jóhann Baldvinsson (85.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–12 (11–5) |
| Varin skot | Hjörvar 6 – Fjalar 2 |
| Horn | 6–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 21–14 |
| Rangstöður | 3–0 |

| BREIÐA. 4–5–1 | | FYLKIR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Hjörvar Hafliða. | 7 | Fjalar Þorgeirs. | 6 |
| Árni Kristinn | 4 | Arnar Úlfars. | 4 |
| Gasic | 6 | Ragnar Sig. | 5 |
| Kári Ársæls. | 6 | Guðni Rúnar | 4 |
| Stig Haaland | 6 | Jens Elvar | 5 |
| Kristján Óli | 7 | Eyjólfur Héðins. | 7 |
| (90. Arnór | -) | (69. Jón Björgvin | 5) |
| Magnús Páll | 5 | Páll Einarsson | 6 |
| Olgeir Sigurg. | 6 | Ólafur Stígsson | 6 |
| Steinþór Freyr | 6 | Peter Gravesen | 7 |
| Nenad Zivanovic | 8 | Christiansen | 7 |
| (80. Podzemsky | -) | Sævar Þór | 5 |
| ***Marel Jóhann** | **8** | (80. Björn Viðar | -) |

**Maður leiksins*

## Grindavík 5-0 KR

Grindavíkurv. Áhorf: 673 — Magnús Þórisson (7)

*1-0 Mounir Ahandour (26.)*
*2-0 Paul McShane (31.)*
*3-0 Óskar Örn Hauksson (53.)*
*4-0 Jóhann Þórhallsson (60.)*
*5-0 Jóhann Þórhallsson (62.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–12 (8–4) |
| Varin skot | Colin 4 – Kristján 3 |
| Horn | 3–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–10 |
| Rangstöður | 6–1 |

| GRINDA. 4–4–2 | | KR 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Colin Stewart | 7 | Kristján Finnb. | 4 |
| Michael Jónsson | 7 | Gunnar Einars. | 4 |
| Óðinn Árnason | 8 | (45. Björgólfur Take. | 6) |
| Eysteinn Húni | 7 | Dalibor Pauletic | 3 |
| Ray Jónsson | 7 | Bjarni Þorsteins. | 2 |
| ***Paul McShane** | **8** | Vigfús Arnar | 2 |
| Óli Stefán | 7 | Sigmundur Krist. | 3 |
| Jóhann Helga. | 6 | (65. Garðar Jóh. | -) |
| (71. Eyþór Atli | -) | Mario Cizmek | 3 |
| Óskar Örn | 7 | Bjarnólfur Lár. | 3 |
| (71. Guðm. Atli | -) | Guðm. Reynir | 4 |
| Jóhann Þórhalls. | 8 | (65. Gunnar Krist. | 5) |
| Mounir Ahandour | 8 | Rógvi Jacobsen | 2 |
| (55.Andri Steinn | 5) | Grétar Ólafur | 6 |

**Maður leiksins*

## ÍBV 2-1 ÍA

Hásteinsv. Áhorf: 483 — Garðar Örn Hinriksson (7)

*1-0 Ulrik Dröst (32.)*
*2-0 Atli Jóhannsson (42.)*
*2-1 Árni Thor Guðmundsson (89.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–9 (4–2) |
| Varin skot | Hrafn 2 – Bjarki 2 |
| Horn | 2–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–19 |
| Rangstöður | 4–1 |

| ÍBV 4–4–2 | | ÍA 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Hrafn Davíðs. | 6 | Bjarki Guðmunds. | 5 |
| Matt Garner | 5 | Guðjón Heiðar | 5 |
| ***Páll Hjarðar** | **8** | Heimir Einars. | 5 |
| Andri Ólafs. | 6 | Árni Thor | 6 |
| Bjarni Geir | 5 | Pálmi Haralds. | 4 |
| A. Mwesigwa | 7 | (45. Hafþór Ægir | 5) |
| Vorenkamp | 6 | Guðm. Böðvar | 6 |
| Atli Jóhannsson | 6 | Igor Pesic | 6 |
| Pétur Runólfsson | 5 | Bjarni Guðjóns. | 7 |
| (76. Anton | -) | Ellert Jón | 5 |
| Jonah Long | 5 | Hjörtur Júlíus | 5 |
| Ulrik Dröst | 6 | (54. Þórður Guðj. | 5) |
| (90. Bjarni Hólm | -) | Arnar Gunnlaugs. | 5 |
| | | (59. Andri Júl. | 5) |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **8** | **6** | **2** | **0** | **15:5** | **20** |
| 2. GRINDAVÍK | 8 | 3 | 4 | 1 | 14:8 | 13 |
| 3. FYLKIR | 8 | 4 | 0 | 4 | 11:11 | 12 |
| **4. KR** | **8** | **4** | **0** | **4** | **7:16** | **12** |
| **5. VÍKINGUR** | **8** | **3** | **2** | **3** | **9:7** | **11** |
| 6. VALUR | 8 | 3 | 2 | 3 | 11:10 | 11 |
| 7. BREIÐABLIK | 8 | 3 | 1 | 4 | 16:17 | 10 |
| **8. ÍBV** | **8** | **3** | **1** | **4** | **8:13** | **10** |
| **9. KEFLAVÍK** | **8** | **2** | **2** | **4** | **9:9** | **8** |
| 10. ÍA | 8 | 2 | 0 | 6 | 9:13 | 6 |


HM Tilboð í Íþrótt

Umbro HM bolti* (að verðmæti 1.990 kr.) fylgir með takkaskóm meðan HM varir og sé verslaður fatnaður fyrir yfir 10 þúsund kr. fylgir Umbro HM bolur* (að verðmæti 2.990 kr.) í kaupbæti að eigin vali.







*á meðan birgðir endast

Sænsku og ensku landsliðsbúningarnir fást hjá okkur





Kempa · Better Bodies · Mizuno · uhlsport · Umbro

takkaskór | gervigrasskór | innanhússkór | gaddaskór | legghlífar | fótboltar | töskur | æfingarfatnaður | hlaupafatnaður

íþrótt
Ármúla 17 • S. 581 1212
Opið: Mán–fös 11–18 og lau 11–14

Breiðablik vann góðan sigur á Fylki í fjörugum leik liðanna á Kópavogsvelli í gær:

# Baráttan skilar alltaf sínu

**FÓTBOLTI** Áhorfendur á Kópavogsvelli fengu svo sannarlega eitthvað fyrir peningana en leikur Breiðabliks og Fylkis var mikil skemmtun. Fylkismenn byrjuðu betur og komust yfir þegar Christian Christiansen nýtti sér slakan varnarleik Blika til að skora fyrsta mark leiksins.

Nenad Zivanovic jafnaði metin fyrir Blika úr fyrsta alvöru færi þeirra í leiknum á 28. mínútu og aðeins fjórum mínútum síðar höfðu Blikar óvænt tekið forystuna eftir rólega byrjun heimamanna. Magnús Páll Gunnarsson hitti þá ekki boltann úr upplögðu færi, en Marel Baldvinsson gerði aftur á móti engin mistök og skoraði framhjá Fjalari Þorgeirssyni í markinu.

Peter Gravesen átti skot í stöngina og eftir hornspyrnu sem kom upp úr þeirri sókn var dæmd vítaspyrna á Blika eftir bakhrindingu inni í teignum. Sævar Þór Gíslason gerði engin mistök af punktinum og jafnaði metin. Kristján Óli Sigurðsson fékk dauðafæri sem Fjalar varði í stöngina og í upphafi síðari hálfleiks átti Eyjólfur Héðinsson frábært skot sem Hjörvar Hafliðason varði vel í slána.

Síðari hálfleikur var mun rólegri en sá fyrri en það var Marel Baldvinsson sem tryggði Blikum sigurinn þegar hann skallaði fyrigjöf í Guðna Rúnar Helgason og inn á 85. mínútu og stigin þrjú voru Blika.

„Þetta var fótboltaleikur eins og maður vill hafa þá, boltinn gekk fram og til baka og það vantaði ekki færin báðum megin vallarins. Við vorum að spila vel og skapa færi og loksins hélt vörnin sómasamlega, við fengum ekki nema tvö mörk á okkur," sagði glaðbeittur Marel Baldvinsson eftir leikinn.

„Nú tekur aftur á móti við erfið dagskrá á útivelli og því þýðir ekkert annað en að snúa saman bökum og berjast eins og ljón. Við erum ekki með besta fótboltaliðið í deildinni en baráttan skilar alltaf sínu, eins og hún gerði í þessum leik," sagði Marel, kampakátur með sigurinn. - hþh



**MAÐUR LEIKSINS** Marel Baldvinsson skallar hér boltann í leiknum í gærkvöldi en hann skoraði tvö mörk og stóð sig feykivel í framlínunni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL



**BARÁTTA** Freyr Bjarnason, varnarmaður FH, fer hér í fljúgandi tæklingu gegn Davíð Þór Rúnarssyni í leiknum í Víkinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Víkingur náði ekki að nýta sér liðsmuninn gegn FH:

# FH-ingar gerðu aftur jafntefli gegn nýliðum

**FÓTBOLTI** Það leit ekki vel út hjá FH-ingum þegar Sigurvin Ólafsson fékk rautt spjald í Víkinni í gær. Hann fékk sitt annað gula spjald með stuttu millibili á 26. mínútu og Íslandsmeistararnir léku manni færri frá þeim tíma. Þrátt fyrir það náðu Víkingar ekki að nýta sér liðsmuninn og úrslitin markalaust jafntefli.

Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, var nokkuð sáttur í leikslok. „Við vorum einum færri nánast allan leikinn og erum því nokkuð sáttir við að fá stig. Strákarnir sýndu mikinn karakter. Víkingar eru bara með hörkulið og erfitt að heimsækja þá, það eru ár og dagar síðan maður hefur séð heilan leik þar sem okkur tekst ekki að skora þannig að ég verð að skamma sóknarmenn okkar," sagði Heimir og brosti.

Víkingar fengu hættulegri færi í fyrri hálfleik og þar var í aðalhlutverki Davíð Þór Rúnarsson sem ógnaði marki FH af krafti undir lok fyrri hálfleiksins. Hann fékk nokkur góð færi til að skora, Daði Lárusson varði vel frá honum í eitt skipti og þá átti hann skot hárfínt framhjá úr góðu færi eftir undirbúning Viktors Bjarka Arnarssonar. Tryggvi Guðmundsson fékk besta færi FH, átti hættulegan skalla en ekki nógu kraftmikinn. Seinni hálfleikur var leiðinlegur áhorfs en FH náði að stöðva sóknaraðgerðir Víkinga og þeir náðu ekki að ógna marki þeirra að viti.

Leikurinn varð því markalaus. Þetta er í annað sinn á tímabilinu sem FH gerir jafntefli gegn nýliðum en liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Breiðablik fyrir skömmu, alla hina leiki sína hefur FH unnið. -egm

Ástralía kom verulega á óvart gegn Króatíu:

# Kengúrustrákarnir kláruðu Króatana

**FÓTBOLTI** Ástralía gerði sér lítið fyrir og komst í sextán liða úrslit á HM er liðið náði jafntefli gegn Króatíu, 2-2, í mögnuðum leik. Guus Hiddink, þjálfari Ástralíu, heldur því áfram að gera kraftaverk á HM.

„Ég er algjörlega orðlaus. Við komum ekki hingað til Þýskalands til að fylla upp í liðin 32 heldur höfðum við metnað til að ná árangri og komast áfram," sagði Tim Cahill, leikmaður Ástrala eftir leikinn í gær.

„Við þurfum aftur á móti að koma okkur niður á jörðina og einbeita okkur strax að leiknum gegn Ítölum sem verður svo sannarlega ekki auðvelt."

Í hinum leik gærkvöldsins lagði Brasilía lið Japans að velli, 4-1, og skoraði Ronaldo tvö mörk. - hbg



**ÁSTRALIR** Fögnuðu sætinu í sextán liða úrslitum vel og lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Come on in, and try not to ruin everything by being you.“**

Svar: Carol Connelly úr kvikmyndinni As Good as it Gets árið 1997.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR BÝSNAST YFIR GILMORE GIRLS

# *Hjörtum mæðra svipar saman...*



Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu, segir í ljóði Tómasar Guðmundssonar. Ég held að Hollywood-væðingin sé ansi góð vísbending um að Reykjavíkurskáldið hafi haft rétt fyrir sér. Svartsýnisfólk talar um að Bandaríkin séu að þröngva draslkúltúr sínum á þá sem minna mega sín en við megum ekki gleyma að afkvæmi Englaborgarinnar ná vinsældum um heim allan einfaldlega vegna þess að þau slá á einhvern streng sem er sameiginlegur okkur öllum. Við vorkennum öll Rachel úr Friends, Jack Bauer er allstaðar hetja og fólk úr öllum heimshornum ánetjast þáttum á borð við One Tree Hill, þó við viljum ekki viðurkenna það og kennum Bandaríkjamönnum um ósköpin.

Annað eðaldæmi um eðli mannshjartans eru vinsældir þáttarins Gilmore Girls eða Mæðgnanna, en þannig er mál með vexti að móðir mín er sjúklegur aðdáandi þáttarins. Það er endalaus uppspretta rifrildis á milli okkar því ég er ekkert sérstaklega hrifin af þáttunum. Mig grunar að þættirnir njóti vinsælda meðal mæðra því þær vona allar innst inni að samband þeirra við dætur sínar sé jafn krúttlegt. Þegar ég bjó í Bandaríkjunum komst ég að því að besta vinkona mín og herbergisfélagi, sem er bandarísk, var óð í Gilmore Girls og það sama var að segja um mömmu hennar. Sú móðir er reyndar öllu verri en mín því hún tekur upp alla þætti ef ske kynni að dóttir hennar missi af einhverjum þeirra og sendir spóluna í hraðpósti úr öðru fylki. Þær hringjast svo á eftir hvern þátt (án gríns) og ræða um málefni Lorelai og Rory.

Mér fannst það hálf absúrd að Gilmore Girls væru aðalumræðuefnið þegar mamma mín og bandaríska vinkonan mín hittust. En það á svo sem ekki að koma á óvart, því hjörtum manna svipar saman á Íslandi og í Bandaríkjunum.



▶ 21.45 *Drama*

PARADÍSARHEIMT



▶ 22.05 *Gaman*

THE LAST SHOT



▶ 19.30 *Lífsstíll*

FASHION TELEVISION



▶ 17.05 *Sálfræði*

DR. PHIL



▶ 09.00 *Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (16:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (10:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Lögregluhundurinn** (See Spot Run) Bandarísk bíómynd frá 2001. Bréfberi tekur að sér hund sem hann veit ekki að er fyrrverandi fíkniefnahundur hjá Alríkislögreglunni.
▶ **21.45 Paradísarheimt** (Paradise Found) Áströlsk bíómynd frá 2003 um Paul Gauguin sem var verðbréfasali í París en gerðist listmálari og fluttist til Tahiti. Leikstjóri er Mario Andreacchio og meðal leikenda eru Kiefer Sutherland, Nastassja Kinski, Alun Armstrong og Thomas Heinze.

**23.20** Týnda geimfarið (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **0.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** Alf **10.45** My Wife and Kids **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Kóngur um stund **13.55** Blue Collar TV **14.20** Punk'd **14.45** Entourage **15.10** Arrested Development **15.35** George Lopez **16.00** The Fugitives **16.20** Skrímslaspilið **16.40** Scooby Doo **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Mr. Bean** (Herra Bean)
**20.05 Simpsons (21:21)** Gestaleikari í þættinum er Jason Bateman.
**20.30 Two and a Half Men (12:24)** (Tveir og hálfur maður)
**20.55 Stelpurnar (22:24)**
**21.20 Beauty and the Geek 2 (4:9)** (Fríða og nördinn 2) Hvað gerist þegar ljóskurnar og nördarnir sameina krafta sína?
▶ **22.05 The Last Shot** (Síðasta skotið) Kolsvört stjörnum hlaðin gamanmynd þar sem gert er hárfínt grín að bíóbransanum og spillingunni sem þar tröllríður öllu. Leikstjóri: Jeff Nathanson. 2004. Bönnuð börnum.

**23.40** National Security (Bönnuð börnum) **1.05** The Man With One Red Shoe **2.35** FeardotCom (Str. b. börnum) **4.15** Simpsons (21:21) **4.40** Mr. Bean **5.05** Fréttir og Ísland í dag **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.10** Byrjaðu aldrei að reykja

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.30 Fashion Television (e)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
**20.00 Þrándur bloggar (2:5)**
**20.30 Stacked (2:13) (e)** (Two Faces Of Eve) Önnur serían um Skyler Dayton og vinnufélagana hennar í bókabúðinni. Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum.
**21.00 Sailesh á Íslandi (e)** Bönnuð börnum.
**22.15 Supernatural (19:22) (e)** (Provenance) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð. Bönnuð börnum.

**23.05** X-Files (e) **23.55** Anywhere But Here (e) **1.45** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.40** Völli Snær (e) **16.10** Point Pleasant (e) ▶ **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills** Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.
**19.45 Melrose Place**
**20.30 One Tree Hill**
**21.30 The Bachelorette III** Þriðja syrpa þessa vinsæla raunveruleikaþáttar. Áhorfendur muna eflaust vel eftir Jennifer Schefft sem heillaði milljónaerfingjann Andrew Firestone upp úr skónum í þriðju þáttaröð The Bachelor
**22.30 Law & Order: Criminal Intent** Bandarísk sakamálasería um sérsveit lögreglunnar í New York. Áhorfandinn fær að sjá sama glæpinn frá sjónarhóli allra sem að honum koma; morðingjans, vitnis eða jafnvel fórnarlambsins.

**23.25** C.S.I: Miami (e) **0.20** Boston Legal (e) **1.10** Close to Home (e) **2.00** Beverly Hills (e) **2.45** Melrose Place (e) **3.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **5.00** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið ▶ **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Veður / Íþróttir / Kvöldfréttir NFS

**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing e**
**20.00 Fréttayfirlit**
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra, daginn sem gjörbreytti lífi þeirra. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá og einnig á NFS.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir og veður**
**22.30 Hrafnaþing e**

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing e

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Stepford Wives (Bönnuð börnum) **8.00** James Dean **10.00** Miss Lettie and Me **12.00** A Rumor of Angels **14.00** James Dean **16.00** Miss Lettie and Me **18.00** A Rumor of Angels **20.00 The Stepford Wives** (Stepford-eiginkonurnar) Bráðskemmtileg og gráglettin gamanmynd. Bönnuð börnum. **22.00 Blood Work** (Blóðugt starf) Hasartryllir af bestu gerð. Terry McCaleb er fyrrverandi alríkislögreglumaður. Hann er nýbúinn að gangast undir hjartaígræðslu og er að jafna sig eftir aðgerðina þegar Graciela Rivers óskar eftir aðstoð hans. Graciela missti systur sína og vill að Terry rannsaki málið. Aðalhlutverk: Clint Eastwood, Jeff Daniels, Anjelica Huston. Leikstjóri: Clint Eastwood. 2002. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Lovely and Amazing (Bönnuð börnum) **2.00** Picture Claire (Str. b. börnum) **4.00** Blood Work (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS American Idol: Girls Rule **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** 101 Most Starlicious Makeovers **16.00** 101 Most Starlicious Makeovers **17.00** 101 Most Starlicious Makeovers **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Simon Cowell **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** E! News Special **23.00** Sexiest **0.00** THS Simon Cowell **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 0631

# 200.000 kr. úttekt

## Útivistartilboð

**Fjórhjóladrifsbílarnir frá Mitsubishi eru löngu orðnir að uppáhaldsferðafélögum lífsglaðra Íslendinga. Af því tilefni fylgir 200.000 kr. úttekt hjá Ellingsen völdum Pajero, Outlander og Pajero Sport. Njóttu sumarsins á sprækum fjórhjóladrifsbíl með fullu skotti af dóti frá Ellingsen.**

Ellingsen

Gildir til 4. ágúst 2006 eða á meðan birgðir endast.

HEKLA

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

**Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • laugardaga 12–16**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Paradise Found** **Sjónvarpið** kl. 21.45

### *Úr verðbréfasala yfir í villimann*



Paradísarheimt er áströlsk bíómynd frá 2003 um Paul Gauguin, einn af þekktari listmálurum sögunnar. Sagan hefst í París árið 1880 þar sem Gauguin bjó með konu sinni Mette og fjórum börnum og vann sem verðbréfasali. Myndlistin náði þó á honum tökum, hann vildi bylta henni og varð um leið að sleppa villimanninum í sér lausum. Gauguin sagði upp vinnunni og skildi við hefðbundið líf sit, fjölskyldan lenti í fátækt fyrir vikið og Gauguin fluttist til Tahiti. Leikstjóri er Mario Andreacchio og meðal leikenda eru Kiefer Sutherland, Nastassja Kinski, Alun Armstrong og Thomas Heinze.

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

### *Logi Ólafsson*



**Sýn kl. 14 Úkraína - Túnis 4-3**
Hér verður um afar jafnan og tvísýnan leik að ræða, en ég tel að Úkraína fari með sigur af hólmi 4-3. Hér mun sóknarleikurinn vera í fyrirrúmi og varnirnar eins og vængjahurðir.

**Sýn Extra kl. 14 Sádí-Arabía - Spánn 4-0**
Að mínu mati eiga Spánverjar auðvelt verk fyrir höndum, Sádarnir fá ekki rönd við reist og tapa leiknum 4-0. Með mann eins og Torres í broddi fylkingar verða þeir illstöðvanlegir.

**Sýn kl. 19 Tógó - Frakkland 0-1**
Þrátt fyrir að Tógó njóti stuðnings tveggja skemmtilegustu manna þjóðarinnar, þeirra Össurar Skarp. og Þráins Bert., og Davíðs Oddssonar að auki, þá mun það ekki duga að þessu sinni því Frakkar þurfa að rífa sig upp á rass... og vinna leikinn ef þeir ætla áfram í þessari keppni. Án Zidda, sem er í leikbanni ná þeir að knýja fram sigur með einu marki frá Henry og nægir það til áframhaldandi þátttöku í keppninni. En vilji þeir fara lengra þá verða þeir að ná upp meiri gleði í leik sinn. Hvað er til ráða er ekki ljóst, en hugsanlega HERRAKVÖLD KR, maður spyr sig?

**Sýn Extra kl. 19 Sviss - Suður Kórea 0-2**
Svissarar lenda í verulegum erfiðleikum með skáeygðu piltana sem eru eins og maurar út um allan völl. Á síðasta korterinu verða leikmenn Sviss að niðurlotum komnir með lafandi tungu og skælbrosandi og píreygir Kóreubúar ganga á lagið og skora tvö mörk í blálokin, niðurstaðan 0-2.



**13.50**
*HM 2006*

SÁDÍ ARABÍA – SPÁNN

**SÝN**

**6.45** Gillette Sportpakkinn **7.15** HM 2006 **9.00** HM 2006 **10.45** HM 2006

**12.30** 4 4 2 **13.30** HM stúdíó **13.50** HM 2006 **16.00** HM stúdíó **16.10** HM 2006 **18.00** HM stúdíó

**18.50** **HM 2006** (Tógó – Frakkland) Bein útsending frá leik Tógó og Frakklands í G-riðli á HM 2006. Tógó ætti ekki að reynast stjörnu prýddu liði Frakka nein hindrun. Zinedine Zidane lýkur glæstum ferli sínum á mótinu en er í leikbanni og getur ekki verið með í þessum leik.

**21.00** **4 4 2** (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J. og Heimis Karlssonar.

**22.00** **HM 2006** (Sviss – Kórea) Útsending frá leik Sviss og Kóreu í G-riðli á HM í Þýskalandi. Þetta er síðasti leikurinn í riðlakeppninni á þessu móti en framundan er æsispennandi útsláttarfyrirkomulag.

**23.45** HM 2006 **1.30** HM 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Úr minningabókum **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.10** Veðurfregnir **16.13** Bassajöfur Norðursins: Heimsbassaleikarinn **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Litla flugan **19.40** Samfélagið í nærmynd **20.40** Kvöldtónar **21.00** Bryggjuball **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Músík og mas **23.00** Kvöldgestir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





*Nú eru liðin 9 ár síðan Þjóðmenningarhúsið var málað með útimálningu frá Málningu hf.*

**Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskar aðstæður**

*„Ég byggi á reynslu og fagmennsku og stend við það að Steinakrýl, Kópal Steintex og Steinvari 2000 eru besta útimálningin fyrir íslenskar aðstæður sem ég hef notað."*
*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




**Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík**

**málning**
*-það segir sig sjálft-*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - MAL 32663 06/2006



## HRÓSIÐ

*...fær Brynja Benediksdóttir, höfundur og leikstjóri sýningarinnar Ferðir Guðríðar, sem hefur verið sýnd í yfir 15 löndum.*

**REYKJAVÍKURNÆTUR** HARPA PÉTURSDÓTTIR LENTI Í HUGSANAFLÆKJU SEM ER EFNI Í ÞRIGGJA BINDA SKÁLDSÖGU

# *Milli steins og sleggju*

Fyrir nokkrum árum sveik ég sjálfa mig og aðra. Þá lenti ég í því að verða ofsalega hrifin af manni sem ég hafði þekkt í lengri tíma og var vinur annars manns sem ég hafði verið með. Við höfðum hist fyrir tilviljun, dottið í spjall og haft svona rosalega gaman af hvort öðru.

Ég verð þó að viðurkenna að ég leit hann öðrum augum en áður og fannst hann nú þónokkuð spennandi. Ég var meðvituð frá byrjun um að þetta væri kannski ekki alveg rétt af mér og vonaði að enginn sæi til.

Stuttu seinna hittumst við svo aftur og spjölluðum þá enn lengur. Þá áttaði ég mig á því að ég var að verða skotin í „vininum“. Fljótlega eftir seinna samtalið fékk ég símtal þar sem hann spurði hvort ég vildi hitta sig um kvöldið. Í fyrstu sagði ég nei vegna þess að samviskan nagaði mig svo svakalega og ég hélt ég gæti ekki lifað með sjálfri mér segði ég já. Um leið og ég lagði tólið frá mér, áttaði ég mig á því að mig langaði mest af öllu að segja já við stefnumótinu. Ég sat uppí sófa heima og nagaði mig í handarbökin vegna þess að ég vissi ekki hvort ég var að neita mér um bjarta framtíð. Eftir smá umhugsun sagði ég við sjálfa mig að kannski væri það ekki svo hræðilegt ef ég hitti hann einu sinni því það myndi sennilega hjálpa mér að sjá hvort hann væri málið og hvort þetta væri þess virði til að lækka í áliti annarra.

Ég stimplaði já-ið inn í símann og sendi sms-skilaboð því ég hafði það ekki í mér að segja það upphátt. Nokkrum mínútum síðar fékk ég svar tilbaka: frábært, hittumst á kaffihúsinu. Kaffihúsið umrædda er ofurlítið kaffihús hér í borg þar sem sjaldnast er nokkur. Mér þótti því við hæfi að fremja glæpinn þar.

Stefnumótið fór vel og við kysstumst meira að segja undir lokin. Mér fannst ég eiga dauðarefsingu skilið og þyrfti nú að fara huldu höfði því ég væri alræmdasti glæpamaður borgarinnar. Í framhaldi af þessu kvöldi áttum við allmörg stefnumót af sama toga og urðum bálskotin hvort í öðru.

Það sem gekk á í höfðinu á mér er efni í þriggja binda skáldsögu því ég þvældist fram og aftur með hugsanir um hvað væri siðferðislega rangt og hvað ég ætti skilið að upplifa og finna. Mér fannst ég hrikalega ósvífin en á sama tíma gerði ég mér fyllilega grein fyrir því að það er afskaplega erfitt að finna sér mann á þessu landi sem enginn í kringum mann hefur einhver tengsl við. Erum við ekki öll skyld hvort eð er? En hvað sem öðru líður...

Framhald í næstu viku.





**LÁRÉTT**
**2** betl **6** klaki **8** ýlfur **9** kóf **11** tölvuverslun **12** teygjudýr **14** dá **16** hvað **17** samhljóman orða **18** keyra **20** skyldir **21** skemmast af frosti.

**LÓÐRÉTT**
**1** einnig **3** ung **4** land **5** fálm **7** samstilltir **10** fley **13** loftþrýstieining **15** skömm **16** merki **19** bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** snap, **6** ís, **8** ýla, **9** kaf, **11** bt, **12** amaba, **14** trans, **16** ha, **17** rím, **18** aka, **20** aá, **21** kala.
**LÓÐRÉTT:** **1** líka, **3** ný, **4** albanía, **5** pat, **7** samtaka, **10** far, **13** bar, **15** smán, **16** hak, **19** al.






**MAGNI ÁSGEIRSSON:** ÞARF AÐ SANNA SIG FYRIR MILLJÓNUM ÁHORFENDA ROCKSTAR

# Verður þjóðareign eins og handboltalandsliðið

„Mér líst bara ljómandi vel á en þetta er enn að síast inn í mann. Þetta verður alla vega mikið ævintýri,“ segir Magni Ásgeirsson söngvari sem hefur verið valinn til að taka þátt í bandaríska raunveruleikaþættinum Rockstar: Supernova. Um 20 milljónir Bandaríkjamanna horfðu að meðaltali á síðustu þáttaröð og það má því búast við því að tugmilljónir manna muni horfa á Magna reyna fyrir sér í þættinum. Magni verður einn 15 söngvara sem freista þess að heilla meðlimi hljómsveitarinnar Supernova í von um að verða söngvari sveitarinnar. Supernova skipa gömlu rokkkempurnar Tommy Lee úr Mötley Crüe, Gilby Clarke úr Guns N‘ Roses og Jason Newsted úr Metallica.

Fjórir Íslendingar fóru út til Los Angeles í áheyrnarprufur fyrir þættina, auk Magna þau Aðalheiður Ólafsdóttir Idolstjarna, Kristófer Jensson úr Lights on the Highway og Hreimur Heimisson úr Landi og sonum. Magni komst svo áfram í 18 manna úrtak og eyddi síðustu viku í viðtölum og upptökum fyrir upphafsstef þáttanna úti í Los Angeles.

„Þátturinn verður í gangi í 15 vikur. Maður veit svo ekkert hvernig þetta mun ganga, ég gæti verið þarna úti í 10 daga eða 15 vikur,“ segir Magni. Hann segir að markmiðið með þáttunum sé að finna söngvara í hljómsveit, finna þann sem passar best inn í hljómsveitina. „Þess vegna getur maður ekki verið fúll ef maður er kosinn út. Þetta er ekki eins og Idol-ið þar sem valinn er besti söngvarinn,“ segir Magni sem er þegar farinn að kynnast stórstjörnunum í hljómsveitinni: „Já, við heilsumst með nafni. Það er alltaf hressandi. Þetta eru mjög vingjarnlegir strákar.“





**MAGNI ÁSGEIRSSON** Tekur þátt í raunveruleikaþættinum Rockstar sem tugmilljónir áhorfenda fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Magni og hinir söngvararnir hafa undanfarið dvalist í glæsivillu í Hollywood-hæðunum sem verður heimili þeirra á meðan á tökum þáttanna stendur. „Þetta er mjög stórt og ég sé Hollywood-skiltið út um gluggann hjá mér. Þarna er ljómandi sundlaug sem var meðal annars notuð í Britney Spears-myndbandi,“ segir Magni og hlær. Hann fær laun fyrir að taka þátt í Rockstar, nóg til að borga reikningana eins og hann orðar það. Hann gerir sér vel grein fyrir því að Íslendingar munu fylgjast vel með Rockstar en þættirnir verða sýndir á Skjá einum og áhorfendur geta kosið sinn mann. „Íslendingar vilja auðvitað alltaf vinna. Maður verður orðinn þjóðareign eins og handboltalandsliðið.“

Fyrsti þáttur Rockstar verður sýndur á Skjá einum á miðnætti hinn 5. júlí.

**hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Ásmundur Helgason**, bróðir **Gunnars** leikara og **Hallgríms** rithöfundar og brautryðjandi Sudoku á Íslandi, hóf störf sem sölu- og markaðsfulltrúi hjá bókaforlaginu Bjarti í gær. Ásmundur er öllum hnútum kunnugur í markaðsmálum og starfaði meðal annars sem markaðsstjóri hjá Frétt ehf. og Ölgerðinni áður en hann fór að gefa út Sudoku-bækurnar, sem slógu í gegn svo um munaði. Annars hefur Bjartur blásið til „stórsóknar í markaðsmálum,“ eins og segir á heimasíðu forlagsins, undir slagorðinu „Hin fullkomna sumarlesning“, sem byggir að sögn Bjartsmanna á hávísindalegri auglýsingatækni markaðsfræðanna. Ásmundur er því væntanlega réttur maður á réttum stað.



Óvíst er hvað Steingrímur Sævarr Ólafsson tekur sér fyrir hendur nú þegar hann er hættur sem upplýsingafulltrúi forsætisráðherraneytisins. Steingrímur er sem stendur í sumarfríi á Spáni með fjölskyldu sinni og sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki vera farinn að leiða hugann að því hvað taki við hjá sér.



Íslenskir knattspyrnumenn eru margir hverjir að ganga í hnapphelduna nú í sumar. Jóhannes Karl Guðjónsson knattspyrnumaður hjá AZ Alkmar gekk að eiga Jófríði Guðlaugsdóttur fyrr í þessum mánuði og sömu sögu er að segja af Gylfa Einarssyni knattspyrnumanni hjá Leeds sem gekk að eiga Helgu Lind fyrirsætu. Þá mun Garðar Gunnlaugsson ganga að eiga Ásdísi Rán Gunnarsdóttur um næstu helgi, svo það er óhætt að segja að bylgja hjónabands gangi yfir íslenska knattspyrnumenn um þessar mundir. **-bs/kh**






**Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 11-14


# Bylting í Vesturbæjarlauginni

Bylting hefur orðið á blöndunartækjum í sumum sturtum Vesturbæjarlaugarinnar. Í stað gömlu tækjanna þar sem sundlaugargestir þurftu að blanda saman heitu og köldu vatni eru nú komin tæki af gerðinni Mora með hitastilli.

„Það var komin tími til að endurnýja blöndunartækin enda eru þau orðin 65 ára gömul,“ segir Guðrún Arna Gylfadóttir, forstöðumaður Vesturbæjarlaugarinnar. Skipt var um átta af 24 blöndunartækjum í karla og kvennaklefunum.

„Það eru margir ánægðir með þessar breytingu hjá okkur. Gömlu tækin voru stíf og það gat reynst erfitt að stilla hitann. Þetta munar miklu sérstaklega gagnvart börnum því það er mun hentugra fyrir þau að skrúfa frá einum krana,“ segir Guðrún Arna en bætir við að þó hafi einhverjar óánægjuraddir heyrst. „Það eru aðallega fastagestir til margra ára sem vilja ekki breytingar á lauginni. Ég hef útskýrt málið fyrir þeim og þeir reyna að sýna þessu skilning. Gömlu tækin eru ekki framleidd lengur og varahlutirnir eru ekki til.” **-kh**



**NÝ BLÖNDUNARTÆKI** Ester Finnsdóttir, sem hefur starfað í Vesturbæjarlauginni í 24 ár, stendur við nýju Mora-blöndunartækin. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN


FERÐAFRELSI
Taktu Frelsið með í ferðina.
Ferðafrelsið virkar alveg eins og
Frelsið þitt hér heima!
Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna.
Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað
það í flestum löndum.
Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.
Góða ferð.
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.
og
vodafone™
Heyrumst!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 32908 06/2006

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

## *Frændur og fjandmenn*

Einn af kostum þess að fara utan í frí er að koma heim. Fyrir fréttafíkla jafnast það á við jólin að lesa margra daga skammt af fréttum í einu og skynja hvernig landið liggur. Taka svo gáfulega afstöðu í framhaldinu og vera klár í greiningar á mönnum og málefnum í vinnunni, í grillveislum sumarsins og í heita pottinum.

**HLUTI** af því að koma heim er að lesa rammíslenskar fréttir um að heyskapur sé hafinn af alvöru á Suðurlandi og að snæuglunni Snæfinni hafi verið sleppt við Hólmavík. Í sumarfríinu urðu líka breytingar á ríkisstjórninni. Einhvers staðar teldist það til mikilla tíðinda. En varla hér. Ráðherraskiptin eru svo tíð að þau minna helst á stólaleikinn sem leikinn er í afmælisveislum skólabarna – þar sem krakkarnir hlaupa í hring um stólana þar til skyndilega að allir eiga að setjast. Sá sem er síðastur að tylla sér á bossann er úr leik, því að stólarnir eru færri en börnin.

**ÞAÐ** er eiginlega ástæða til að hæla þeim skólabörnum sem geta hikstalaust þulið upp hvernig verkum er skipt manna á milli í ríkisstjórn landsins.

**MERKILEGUSTU** fréttirnar þegar heim var komið voru auðvitað þær að Íslendingar unnu Svía í handbolta, sigruðust á Svíagrýlunni. Og að Svíarnir verða ekki með í heimsmeistarakeppninni í fyrsta sinn í sögunni. Sigur á Svíum er sætari en sigur á öðrum þjóðum. Kannski vegna þess að sambandið við þessa þjóð er djúpt og flókið. Við sveiflumst milli þess að tala um frændur og fjandmenn. Elskumst og hötumst í senn.

**TIL** þess að sýna frændunum tilhlýðilega virðingu eftir hrakfarir þeirra í handboltanum styð ég Svíana á HM í fótbolta. Þar eru fjandmenn okkar í handboltanum orðnir að frændum. Og hægt að öskra „Heja Sverige" með góðri samvisku. Mér finnst það reyndar bara dálítið smart að halda með þeim á HM. Svíar eru vinaleg kratаþjóð. Of fámenn til að vera umdeild. Of sænsk til þess að vera vinsæl. Og hún hentar meira að segja femínistum vel.

**ÞETTA** er kalt mat eftir að hafa flett í gegnum blaðabunkann. Svíarnir eru málið til að marka sér stöðu í greiningum á HM. Þangað til Íslendingar komast í keppnina.


**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ




Fiton/SÍA

**Alicante, Benidorm, La Cala, Albir og Calpe**

Alicante er hliðið að Costa Blanca og frábærum sumarleyfisstöðum við ströndina hvítu. Skelltu þér í fjörið á Benidorm eða huggulegheitin í Calpe og Albir. Eða leigðu þér bíl og farðu á flakk um sagnaslóðir, sveitaþorp og heimsborgir Spánar. Þrjár vélar á viku tryggja nægt sætaframboð og hafðu í huga að sumar ferðir eru einfaldlega á betra verði en aðrar!

**Gerðu verðsamanburð, hér eru nokkur dæmi:**

| Brottför | Sumarferðir | Samkeppnin |
|---|---|---|
| 28. júní | 28.900,- | Ekkert flug |
| 29. júní | 30.900,- | 36.888,- |
| 5. júlí | UPPSELT | Ekkert flug |
| 6. júlí | 35.900,- | 35.798,- |
| 12., 13., 19. júlí | 29.900,- | 35.798 – 49.945.- |
| 20. júlí | 30.900,- | 35.798,- |
| 26. júlí | 28.900,- | Ekkert flug |
| 17. ágúst | 23.900,- | 31.438,- |

Verðkönnun gerð 19. júní. Verð báðar leiðir með sköttum.
Miðað er við heimkomu 2 vikum eftir brottför og að bókað sé á netinu.

**Fjölskylduparadísin Calpe**

Barlovento - frábært íbúðahótel við ströndina í Calpe. Sundlaugargarður, sandströnd og sæla á besta stað.

Verð: **50.913,-** 2 með 2 börn í íbúð í viku, 6.-13. júlí.





Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Skoðaðu úrvalið af ennþá ódýrari ferðum á www.sumarferdir.is.

www.sumarferdir.is
Laugavegi 26
(gengið inn Grettisgötumegin)

Sími 575 1515
– bókaðu allan sólarhringinn

SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!